



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Fríða og Dýrið

Pýðing á hluta úr verki Mme de Villeneuve ásamt greinargerð

Ritgerð til BA-prófs í Frönskum fræðum

Hrund Elíasdóttir

Maí 2015

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Frönsk fræði

Fríða og Dýrið

Pýðing á hluta úr verki Mme de Villeneuve ásamt greinargerð

Ritgerð til BA-prófs

Hrund Elíasdóttir

Kt.: 150991-2189

Leiðbeinandi: Ásdís Rósa Magnúsdóttir

Maí 2015

Résumé

Dans ce mémoire une partie du conte de fée littéraire français, *La Belle et la Bête* de Mme de Villeneuve, a été traduit du français en islandais. Le conte a été publié en 1740 et a été bien reçu par les contemporains de l'auteur. Mme de Villeneuve n'est pas très connue aujourd'hui et nous savons peu de choses sur sa vie. Elle a publié ses premières œuvres après la mort de son mari. La raison pour laquelle elle n'est pas connue pour son conte de fées, *La Belle et la Bête*, très populaire encore aujourd'hui, est la suivante: l'enseignante, Mme Leprince de Beaumont, a abrégé et modifié le conte avant de publier sous son nom, et depuis le monde attribue *La Belle et la Bête* à elle et non pas à Mme de Villeneuve. La première partie du mémoire comporte une présentation de l'auteur de l'œuvre et des contes de fées au 18^e siècle en France, ainsi qu'une étude du travail de la traduction. Dans la deuxième partie nous présentons notre traduction de *La Belle et la Bête*.

Ágrip

Í þessari ritgerð er hluti úr franska ævintýrinu *Fríða og Dýrið* eftir Mme de Villeneuve þýddur. Sagan kom fyrst út árið 1740 og varð strax vinsæl meðal samtímamanna. Mme de Villeneuve er ekki þekkt í dag og lítið vitað um líf hennar, en það má rekja til þess að kennslukona að nafni Mme Leprince de Beaumont tók ævintýri hennar, stytta það og gaf út undir sínu nafni. Síðan hefur sagan um *La Belle et la Bête* ætíð verið tengd við hana en ekki við Mme de Villeneuve. Fyrri hluti ritgerðarinnar fjallar um höfundinn, verkið og ritun ævintýra á 18. öld í Frakklandi, síðari hlutinn er þýðingarfræðileg umfjöllun um þýðinguna, og í lokin fylgir svo þýðingin á ævintýrinu *Fríða og Dýrið*.

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
II. Höfundurinn, öldin og bókmenntaleg ævintýri	4
2.1. Ævintýri og uppruni	4
2.2. Bókmenntaleg ævintýri á 18. öld í Frakklandi	6
2.3. Mme de Villeneuve og <i>Fríða og Dýrið</i>	9
2.4. Mme Leprince de Beaumont	10
III. Að þýða	14
3.1. Þýðingarferlið	14
3.2. Merking, tryggð og jafngildi	16
3.3. Setningarfræði og greinarmerki	18
3.4. Þérun	20
3.5. Titlar, nöfn og kyn	21
IV. Lokaorð	24
V. Heimildir	25
VI. Þýðingin - Fríða og Dýrið	28-79

I. Inngangur

Textinn *La Belle et la Bête*, eða *Fríða og Dýrið* eins og hann er kallaður á íslensku er bókmenntalegt ævintýri (fr. *conte de fées littéraire*) sem á rætur að rekja til 18. aldar. *Fríða og Dýrið*, sem fyrst var gefið út árið 1740 af Madame de Villeneuve, varð vinsælt meðal samtímamanna, en í raun var það ekki fyrr en ævintýrið var tekið upp af kennslukonunni Madame Leprince de Beaumont og stýtt heilmikið, þrátt fyrir að innihalda enn grundvallar uppbyggingu á söguþræði, að ævintýrið öðlaðist mikla frægð í bókmenntaheiminum. Bókmenntaleg ævintýri þróuðust á 18. öld í Frakklandi meðal heldra fólks í samkvæmum og bókmenntastofum, en þau er ólík hefðbundnum ævintýrum á þann hátt að þau eru lengri og samsett af tilteknum höfundum. Í *Fríðu og Dýrinu* eru augljós áhrif frá ævintýragerðinni AT425 um hinn týnda eiginmann. Mme Leprince de Beaumont var kennslukona sem sextán árum eftir að *La Jeune américaine* kom út tók söguna um *Fríðu og Dýrið*, stýtti hana og breytti og gaf út undir sínu nafni, en sú útgáfa varð mjög vinsæl og eru flestar aðrar útgáfur af sögunni miðaðar við hennar útgáfu. Þýðing á hluta úr upprunalegu verki Mme de Villeneuve fylgir í lok greinargerðarinnar.

Samkvæmt orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar merkti orðið „þýða“ framan af að „gera þjóðinni skiljanlegt.“¹ Þýðing er margslungið ferli sem þarfnast mikils aðhalds og vinnu. Þýðing er það að flytja texta úr frummálinu yfir á markmálið án þess að merkingin tapist. Til að vera góður þýðandi þarf fyrst og fremst að þekkja vel bæði tungumálin sem notuð eru í þýðingunni, í þessu tilviki er það franska og íslenska. Þýðandinn er túlkandi og líkt og Ástráður Eysteinnsson nefnir í bók sinni *Tvímæli* þá er þýðing eilíf barátta fyrir skilningi.² Það er starf þýðandans að finna millivegin á milli tungumálanna tveggja, til að koma merkingunni á framfæri. Hann þarf að finna jafngildið, hliðstæða merkingu eða orð í markmálinu, sem gerir honum kleift að vera skapandi í sínu tungumáli, því líkt og Friedrich Schleiermacher segir, þá eiga engin orð sér fullkomna samsvörun í orðum annars tungumáls.³

¹ Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989, bls. 1207–8.

² Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Bókmenntastofnun Háskólaútgáfan, 1996, bls. 20.

³ *Ibid.*, bls. 88.

II. Höfundurinn, öldin og bókmenntaleg ævintýri

2.1. Ævintýri og uppruni

Munurinn á þjóðsögum og ævintýrum er sá að þjóðsögur hafa varðveist í munnmælum, þær eru upp til hópa stuttar, frásagnarhátturinn er einfaldur og þær lýsa oft raunverulegum atburðum. Ævintýri, hins vegar, eru frásagnir sem ekki er búist við að fólk trúi endilega. Þetta eru mislangar frásagnir sem gerast í ímynduðum heimi, óháð stað og tíma þar sem töfrar hafa oft stóru hlutverki að gegna:

[Ævintýri] má skilgreina á þann hátt, að það sé þjóðsaga, sem ekki sé ætlast til að menn trúi, þ.e. ekki atburðarásinni. Gagnstætt → sögnum eru æ. óbundin rúmi og tíma og hugmyndaflugið skiptir þar meginmáli. Í þeim er fjallað um sammannleg vandamál, enda hafa æ. hlotið geysilega útbreiðslu. Segja má, að sömu æ. séu til á öllum indóevrópskum málum í líkum gerðum auk Evrópumála af öðrum málaflokkum og mörg þeirra einnig á arabísku og hebresku.⁴

Hægt er að finna ævintýri og þjóðsögur út um allan heim sem hafa sömu uppbyggingu og söguþráð. Það gefur í skyn hversu sammannleg ævintýrin eru, því allsstaðar í heiminum hljóta menn að upplifa svipaða atburði og eiga sér sameiginlega reynslu, fyrst sögurnar eru svo líkar. Íslendingar eiga sögur sem samsvara nú klassískum ævintýrum, *Öskubusku*, *Hans og Grétu*, *Mjallhvíti* og mörgum fleiri. Þetta þýðir einnig að ævintýraminni hafa lengi flakkað á milli þjóða og landa og orðið uppistaðan í mismunandi gerðum sagna. Þær sögur sem þekktastar eru í dag eru ekki endilega nákvæmlega eins og sögurnar sem sagðar voru áður fyrr né heldur þær sem voru hvað vinsælastar heldur eru það sögurnar og ævintýrin sem safnararnir hlustuðu á og skráðu niður. Frægastir ævintýrasafnara eru Grimms bræðurnir þýsku, sem ferðuðust um Þýskaland og söfnuðu saman ævintýrum sem þeir gáfu svo út. Á Íslandi var það Jón Árnason sem fetaði í fótspor þeirra og safnaði íslenskum ævintýrum, og í Frakklandi var það Charles Perrault sem gaf fyrstur út safn með ævintýrum og sagði að þetta væru sögur sem fóstra hans hefði sagt honum þegar hann var yngri, en hann gaf sitt safn út nokkuð á undan Grimms bræðrum.⁵

⁴ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1983, bls. 314.

⁵ Jean-Pierre Aubrit, *Le conte et la nouvelle*, París: Armand Colin, 1997, bls. 38–40.

Af þeim aragrúa gerða af sögutýpunni „leitin að týnda eiginmanninum“, sem samsvarar típu AT425, flokkað samkvæmt alþjóðlegri atriðaskrá Aarne-Thompson⁶, voru um 1100 útgáfur skrásettar af þjóðfræðingnum J.O. Swahn um allan heim, allt frá sögunni um *Amor og Psyche* sem er fyrsta bókmenntalega tilvikið á 2. öld eftir Krist. Ævintýrið um *Fríðu og Dýrið* eftir Mme de Villeneuve er sú sjötta á lista yfir 120 franskar útgáfur skráðar í *Catalogue Delarue-Ténèze*.⁷ Saga Apuleiusar, *Amor og Psyche*, var innblástur margra samantekta, þýðinga og aðlagana á mörgum sviðum, t.d. *Les Amours de Psyché et du Cupidon* (1669) eftir La Fontaine, harmleiksins og ballettsins *Psyché* (1671) eftir Molière, Pierre Corneille, og Quinault, og lýríska harmleiksins *Psyché* (1678) eftir Thomas Corneille og Fontenelle.⁸ Sagan var vel þekkt á þessum tíma og þess vegna ekki skrítíð að rithöfundar hafi fengið innblástur frá henni. Áhrifin sjást vel í ævintýrum Mme d’Aulnoy frá árunum 1697 og 1698 sem eru einmitt mjög tengd gerð AT425. *La Belle et la Bête* líkist einna mest sögunni *Le Mouton*, en J.O.Swahn telur líklegt að Mme de Villeneuve hafi litið til þessarar sögu og til verka Mme d’Aulnoy almennt við gerð sinnar eigin. Ævintýrið um *Amor og Psyche* var þá að öllum líkindum uppruninn að gerð AT425, sem er stöðluð saga um unga og fagra stúlku sem neyðist til að giftast skrímsli, en kemst svo því að skrímslið er í raun prins/guð í álögum eða dulargervi: það er grunnurinn sem *Fríða og Dýrið* og ótalmargar aðrar sögur byggja á. Ævintýrið er eftir latneska skáldið Lucius Apuleius og er að finna í verkinu *Gullasninn*.⁹ Mörg þekkt ævintýri flokkast undir þessa gerð, eins og t.d. *Das singende springende Löweneckerchen* (e. *The Singing, Soaring Lark*) og *Der Eisenofen* (e. *The Iron Stove*), sem eru útgáfur Grimms bræðra, *Østenfor sol og vestenfor måne* (e. *East o' the Sun, West o' the Moon*) er norskt ævintýri og svo að lokum *La Belle et la Bête* (ísl. *Fríða og Dýrið*), sem margir ættu að þekkja.¹⁰

Bókmenntaleg ævintýri (fr. *contes de fées littéraire*) er undirflokkur ævintýra, en þau voru í fyrstu ekki kölluð ævintýri (fr. *conte de fées*). Ekki er hægt að staðhæfa að þau hafi einfaldlega verið afrit af munnmælasögum sem voru vinsælar meðal

⁶ Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann: Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum, 2011, bls. 61. [Skrá Aarne-Thompsons yfir gerðir og tilbrigði ævintýra er tilraun til að koma þjóðsögum allra landa inn í eitt sameiginlegt flokkunarkerfi].

⁷ *Bibliothèque des Génies et des Fées 15. La Jeune Américaine et les contes marins*, ritstj. Honoré Champion, París: Éditions Champion, 2008, bls. 1433.

⁸ *Ibid.*, bls. 1433.

⁹ Lucius Apuleius, *Gullasninn*, þýð. Bjarki Bjarnason, Mosfellsdal: Bókaútgáfan Frá hvirfli til ilja, 2001.

¹⁰ Steven Swann Jones, *The Fairy Tale, The Magic Mirror of Imagination*, New York: Twayne Publishers, 1995, bls. 77–79.

alþýðunnar, þar sem einkenni þeirra er að þau eru samin af ákveðnum höfundi, ólíkt munnmælasögum og ævintýrum. Samleið munnmælasagnanna með skrifum og útgáfum á sögum er nauðsynleg til að skilja myndun ævintýranna, en munnmælasagnir voru ekki það eina sem veitti bókmenntagreininni tilgang, persónur, fléttu eða þema. Fyrstu höfundar bókmenntalegu ævintýranna voru að mestu leyti mjög vel menntaðir og vel lesnir menn og konur sem sóttu innblástur bæði í þjóðsögur og aðrar bókmenntir þegar þau sköpuðu sín ævintýri. Með ævintýrinu *Amor og Psyche*, sést hvernig ævintýragreinin aðskildi sig frá þjóðsögunum með því að vera með vandlega skipulagðan söguþráð og fléttu, fagaðar tilvitnanir í trúarbrögð, bókmenntir, siði og venjur og fagurt tungumál.¹¹

2.2. Bókmenntaleg ævintýri og 18. öldin í Frakklandi

Þau ævintýri sem gefin voru út í Frakklandi á árunum 1690-1705 nutu mjög fljótt velgengni; þetta voru bókmenntaleg ævintýri eftir höfunda líkt og Charles Perrault, Madame d'Aulnoy og fleiri. Ævintýragreinin byggist upp af mismunandi efnivið sem kemur hvaðanæva af í heiminum, innblástur frá þjóðsögum, smásagnahefðinni og nýju bókmenntagrein þessa tíma, skáldsögunni. Þrátt fyrir vinsældir ævintýrsins fellur það oft í gleysku þegar litið er yfir franskar bókmenntir 18. aldar.¹²

Dauði Lúðvíks fjórtánda árið 1715 tók sinn toll í bókmenntalífi Frakka og hamlaði á ákveðinn hátt þróun franskra bókmennta. Forræðisstjórn (fr. *régence*) tók við af valdatíð Lúðvíks fjórtánda, þar sem erfingi hans, Lúðvík fimmtándi, var einungis fimm ára þegar hann dó.¹³ Philippe annar var nefndur ríkisstjóri þar til Lúðvík fimmtándi náði lögræðisaldri. Meirihluti þeirra rithöfunda sem unnu við hirð Lúvíks fjórtánda létust á undan honum og aðeins örfáir þeirra sem voru virkir í stjórnartíð Sólkonungsins héldu áfram hjá arftaka hans. Yngri rithöfundar líkt og Voltaire og Montesquieu voru ekki byrjaðir að setja mark sitt á bókmenntaheiminn árið 1715. Verk gagnrýnnar hugsunar höfðu ekki áður haft góðan pólitískan farveg í Frakklandi en nú var tækifærið. Forræðisstjórnin, þrátt fyrir að vera minna umburðarlynd í ritskoðun

¹¹ Jack Zipes, Inngangur í *The Oxford Companion to Fairy Tales*, London og Oxford: Oxford University Press, 1999, bls. xx.

¹² Yves Citton, „Fairy Poetics: Revisiting French Fairy Tales as (Post)Modern Literary Machines.“ *Eighteenth-Century Studies*, Baltimore: John Hopkins University Press, 2006. <http://search.proquest.com/docview/198548842/7FDF9AD93E904D25PQ/26?accountid=135943> [sótt 12/10/2014].

¹³ Haydn Mason, „Politics and society“, *French writers and their society 1715-1800*, New York: The Macmillan press, 1982, bls. 9.

verka, átti stóran þátt í að minnka bælingu rithöfunda.¹⁴

Árið 1697 gaf Perrault út safnrit sitt *Histoires ou contes du temps passé* og skrifaði sig þar með inn í ævintýrahefðina, en hann skírskotaði til frægustu munnmælahefðarinnar, þ.e. uppeldis og fóstruævintýranna.¹⁵ Sama ár kynntu kvenrithöfundar líkt og Mme d'Aulnoy, Mme d'Auneuil, Mme de Murat, Mlle L'héritier, Mme de la Force, Mlle Bernard og fleiri ævintýri sín í bókmenntalegum samkvæmum, ásamt Charles Perrault og Jean de Mailly. Ævintýrin öðluðust vinsældir sem leiddu til uppbyggingar bókmenntalegra ævintýra sem sjálfstæðrar bókmenntagreinar.¹⁶

Sá sem fyrst skilgreindi kerfisbundið bókmenntaleg ævintýri var þýski fræðimaðurinn Jens Tismar. Hann setti fram þau fjögur grundvallaratriði sem einkenna ævintýrin, en þau eru svohljóðandi:

1. Þau skera sig frá þjóðsagnaævintýrum og munnmælum þar sem þau eru skrifuð af ákveðnum höfundi; þau eru ekki höfundalaus.
2. Þau eru samsett, búin til.
3. Þau er hvorki æðri né síðri en þjóðsögur.
4. Bókmenntaleg ævintýri eru ekki einangruð (sjálfstæð) bókmenntagrein, heldur er aðeins hægt að skilgreina þau út frá samband þeirra við munnmælasagnir, þjóðsögur, smásögur, skáldsögur og aðrar gerðir ævintýra sem eru notaðar og aðlagðar frásögninni.¹⁷

Jean-Pierre Aubrit nefnir Mme Sévigné sem talaði um þau ævintýri sem konurnar í Versölum skemmtu sér við, en það voru verk eftir konurnar sem taldar voru upp hér að ofan. Verk þeirra fylgdu fagurfræði þeirrar bókmenntagreinar sem Aubrit nefnir „le petit-roman“ í bók sinni *Le Conte et la Nouvelle*. „Le petit-roman“ einkennist af því að vera „ávallt gagnstætt hinu sennilega eða trúlega en miða samt við náttúrulegar og eðlilegar tilfinningar.“¹⁸ Jack Zipes, talar um að það hafi ekki verið fyrr en um 1690 í Frakklandi að bókmenntalega ævintýrið hafi verið skilgreint sem lögmæt bókmenntagrein meðal menntaðra stétta samfélagsins. Hjá kvenrithöfundunum á þessari öld er það persóna álfkonunnar, konu með yfirnáttúrulega krafta, sem bætt er saman við

¹⁴ *Ibid.*, bls. 10.

¹⁵ Jean-Pierre Aubrit, *Le conte et la nouvelle*, bls. 39.

¹⁶ Jack Zipes, Inngangur í *The Oxford Companion to Fairy Tales*, bls. xxii.

¹⁷ *Ibid.*, bls. xv.

¹⁸ Jean-Pierre Aubrit, *Le conte et la nouvelle*, bls. 39.

grein smásögunnar (fr. *nouvelle*), og upp frá því varð til nafnið „conte de fées“, eða „álfasögur.“ Nafnið kom ekki einungis til vegna þess að það voru álfar í öllum sögum þeirra heldur einnig vegna þess að valdamesta hlutverkið, jafnvel í sögum Perraults og annarra karlkyns rithöfunda þessa tíma, var í höndum almáttugra kvenna.¹⁹ Verkin eru allt frá tíu blaðsíðum upp í sextíu og alls ekki öll voru ætluð börnum. Það fór mjög eftir höfundi hvort sögunnar væru skrautlegar, uppeldisfræðilegar, kaldhæðnislegar, eða kómískar.²⁰ Ævintýri Mme de Villeneuve passar vel inn í það form sem bókmenntalega ævintýrið er. Ævintýri hennar er samsett, segir frá ótrúverðugum atburðum, að stúlka giftist skrímsli, þótt tilfinningar persónanna í sögunni séu samt sem áður mjög raunverulegar, það er lengra en hefðbundið ævintýri en notar samt sem áður ævintýraminni. Persóna álfkonunnar á stóran þátt í sögu Villeneuve, en í seinni hluta *Fríðu og Dýrsins*, sem ekki var þýddur fyrir þessa ritgerð, þá er farið ítarlega í þær flóknu reglur, lög og bönn, sem heimur álfkvennanna byggir á.

Á miðöldum var farið að skrifa niður ævintýri og munnmælum breytt. Þau voru sniðin að skoðunum presta og yfir- og millistéttafólks. Oftast var sagan sögð frá sjónarhorni karlmanns þar sem sjaldgæft var að konur væru skrifarar, að undanskilinni Marie de France, sem varð fræg fyrir ljóðsögur sínar, en hún var einnig þýðandi og skrifari. Bókmenntalegu ævintýrin voru nokkrar aldir að þróast, þau voru fyrst stuttar sögur sem notuðu minni úr ævintýrum. Dæmi um þess konar miðaldaævintýri eru *Tíðagra* eftir Boccaccio og *Kantaraborgarsögur* eftir Chaucer. Ítalir voru ákveðnir frumkvöðlar greinarinnar og söfn Straparola (16. öld) og Basile (17. öld) eru hvað þekktust. Frægasti höfundur ævintýranna á 19. öld var Hans Christian Andersen.²¹ Í Frakklandi einkenndist stefnan af menntakönum. Bókmenntastofur heldra fólks tíðkuðust á 18. öld, sem var gott tækifæri fyrir listamenn og rithöfunda að koma saman og ræða mál og menningu.²² Samkomunum svipaði til stofutónleikar, nema þarna mynduðust eins konar leshringir og sögur og ævintýri voru lesin saman í stað þess að hlusta á tónlist. Bókmenntastofurnar voru vinsælar samkomur sem haldnar voru inni á heimilum fólks. Stéttaskiptingin var mikil og því hafði það mikla þýðingu hverjum var boðið að taka þátt og hverjum ekki.²³

¹⁹ Jack Zipes, Inngangur í *The Oxford Companion to Fairy Tales*, bls. xxii.

²⁰ *Ibid.*, bls. xxii.

²¹ *Ibid.*, bls. xxii.

²² Haydn Mason, *French writers and their society 1715-1800*, bls. 36.

²³ Antoine Lilti, *Le monde des salons: sociabilité and mondanité à Paris au XVIII^e siècle*, París: Hachette Livre, 2005, bls. 19.

2.3. Mme de Villeneuve og *La Belle et la Bête*

Lítið af heimildum eru til um Gabrielle-Susanne Barbot de Villeneuve, höfundinn sem féll næstum því í gleymsku vegna Madame Leprince de Beaumont. Madame de Villeneuve fæddist þann 28. nóvember í París árið 1685 inn í öld Upplýsingarinnar.²⁴ Hún giftist Jean-Baptiste Gaalon de Villeneuve árið 1706, en varð ekkja 1711, með eina litla dóttur, og það var ekki fyrr en eftir lát eiginmanns hennar að hún byrjaði að skrifa og gefa út verk. Fyrsta verkið sem hún gaf út var *Le Phénix conjugal* árið 1734, og kom það út hjá Le Breton. *La Jeune Américaine et les contes marins* fylgdi í kjölfarið og birtist 1740 - 41 og síðan *Les Belles Solitaires* árið 1745.²⁵ Öndvegisverk hennar var *La Jardinière de Vincennes*, sem kom út árið 1767.²⁶

La Jeune Américaine et les contes marins er eins konar rammafrásögn, þ.e. verkið hefur eina meginfrásögn og í þeirri frásögn eru aðrar frásagnir. *La Belle et la Bête* er ein undirfrásögnin, sú fyrsta í safnritinu. Madame de Villeneuve ákvað að gefa verkið út, án höfundarnafns, undir nafninu: „Madame de ****“. Þegar *La Jeune Américaine* birtist, hrifust lesendur af *La Belle et la Bête* en vegna nafnleyndar Madame de Villeneuve gat hún því miður ekki notið velgengni verksins.²⁷

La Belle et la Bête er mjög þekkt ævintýri enn þann dag í dag, en þó í allt öðru formi en upprunalega frásögnin. Ævintýrið sem Madame Leprince de Beaumont tók og stytta hefur verið lagfært í gegnum aldirnar, og í nýjum útfærslum ævintýrisins er ætíð miðað við stytta útgáfuna. Útgáfa Disney kvikmyndarinnar *Beauty and the Beast*, sem kom út árið 1991, er líklega sú þekktasta í heiminum í dag af öllum gerðunum.

La Belle et la Bête fjallar um kaupmann, föður sex pilta og sex stúlkna, sem lendir í mikilli ógæfu og er nauðbeygður að flytja sig og fjölskyldu sína úr stórborginni og upp í sveit. Sú yngsta af dætrunum sex er Fríða, fallelust og indælust allra, en hinar systurnar eru afbrýðisamar út í Fríðu, bæði vegna fegurðar hennar og bjartsýni. Fríða er svo blíð og er birtingarmynd alls þess sem konur ættu að vilja vera. Á ferðalagi leitar kaupmaðurinn sér skjóls í dularfullri höll og tínir þar rós eina án leyfis, vegna þess að Fríða hafði beðið hann um að færa sér rós. Dýrið birtist fokillt og heimtar að fá blómið sitt endurgreitt. Gjaldið felst í því að kaupmaðurinn gefi því eina dóttur sína til eilífðarnóns. Fríða er hugrakkari en systur sínar og ákveður að bjarga lífi föður síns á

²⁴ *Bibliothèque des Génies et des Fées 15. La jeune Américaine et les contes marins*, bls. 29.

²⁵ *Ibid.*, bls. 31–32.

²⁶ Georges Grente, *Dictionnaire de lettres française: Le XVIIIe siècle*, ritstj. François Moureau, París: Fayard, 1995, bls. 1332.

²⁷ *Ibid.*, bls. 51.

kostnað síns eigins. Í höll Dýrsins uppgötvar hún alls kyns álög og töfra; viti borin dýr, glugga sem gera henni kleift að horfa á óperur, gamanleiki, borgarlífið og allan heiminn jafnvel, sem hún nýtur vel þegar hún er orðin viss um að engin hætta stafi af Dýrinu. Í draumum sínum hittir hún prins sem hún verður ástfangin af og í lokin kemur í ljós að Dýrið er draumaprinsinn, og að Fríða var í raun konungsdóttir.

Eftir þetta fylgir frásögn Dýrsins sem segir frá því hvernig hann varð að dýri og hvers vegna, og þar á eftir fylgir frásögn álfkonu, en þeir hlutar verksins eru ekki þýddir hér. Hin upprunalega saga Mme de Villeneuve, sem lauslega var greint frá hér að ofan, hefur fallið í gleymsku í öll þessi ár og henni verið skipt út fyrir mismunandi útgáfur í gegnum aldirnar. En Madame de Villeneuve « ne mérite pas l'oubli »²⁸ jafnvel þótt hún hafi kosið að leyna nafni sínu þegar verkið kom út.

Í verki sínu leggur Mme de Villeneuve mikið upp úr tilfinningum sögupersóna og greiningu þeirra. Þar er ástin í fyrsta sæti og má sjá sterk áhrif frá menningu, bókmenntum og samkvæmislífi frönsku yfirstéttarinnar á 17. öld og þeim áherslum sem þar voru ríkjandi. Til dæmis ákveðna tilgerð eða ofurvöndun (fr. *préciosité*) í málstíl sem rekja má til menntakvenna 17. aldar. En Mme de Villeneuve leit ekki bara um öxl í skáldverkum sínum. Hún var líka meðvituð, eins og Elise Biancardi bendir á í útgáfu sinni, um smekk samtímamanna sinna. Auk þess er óhætt að segja að hún gefi til kynna, með skrifum sínum, þá þróun sem sjá má í frásagnaskáldskap á síðari hluta 18. aldar með þeim fræðslu- og siðferðislega blæ sem er á skrifum hennar þótt verkin séu ekki ætluð börnum. Í meðfylgjandi þýðingu er reynt að viðhalda stíl höfundar um leið og reynt að gera hann aðgengilegan fyrir nýjan hóp lesanda.²⁹

2.4. Mme Leprince de Beaumont

Samkvæmt ýmsum heimildum er því haldið fram að Mme Leprince de Beaumont hafi samið *Fríðu og Dýrið*. Hún gaf út *Le Magasin des enfants* (1756), sem innihélt söguna og tíu önnur siðferðileg ævintýri fyrir börn, sextán árum eftir að Mme de Villeneuve gaf út *La Jeune américaine et les contes marins*. Hún var kennslukona sem einsetti sér að mennta börn og skrifaði mörg safnrit með menntun í fyrirrúmi og markhópurinn voru börn á aldrinum 6 til 13 ára. Líkt og margir forverar hennar nýtti hún sér það

²⁸ Paul Remy, „Une version méconnue de *La Belle et la Bête*“, *Revue belge de philologie et d'histoire*, 35: 1957, bls. 5–8, http://www.persee.fr/web/revues/home/prescript/article/rbph_0035-0818_1957_num_35_1_2021 [sótt 18/06/2014]

²⁹ *Bibliothèque des Génies et des Fées 15. La jeune Américaine et les contes marins*, bls. 13–14.

frásagnarform þar sem kennslukona ræðir við nokkrar ungar stúlkur á aldrinum sex til tíu ára um siðferði, kurteisi og kynjahlutverk, og samræðurnar leiða síðan til þess að hún segir þeim sögur.³⁰ Uppeldisfræðin var vinsæl á seinni hluta 18. aldar þar sem áhrif ævintýra á börn voru rannsökuð og ævintýrin notuð til aðstoðar við uppeldi. Ákveðin undirgrein bókmenntalegra ævintýra voru ævintýri fyrir börn. Frumkvöðullinn að þessari hugmynd var Fénélon, sem sá um menntamál við hirð Lúðvíks XIV um 1690. Hann skrifaði niður ævintýri og notaði þau við kennslu, t.d. til að kenna franska krónprinsinum. Ævintýri hans voru gefin út eftir dauða hans árið 1730. Upp frá þessu voru ævintýrin prentuð fyrir heldri manna börn, þar sem kynjahlutverkin voru skýrt afmörkuð.³¹ Mme de Beaumont fylgir í fótspor Fénélon, hennar markmið var að mennta börn og hún valdi þetta form til þess. Frá því sjónarhorni er skiljanlegt að hún hafi heillast af verki Mme de Villeneuve, þar sem kynjahlutverkin eru mjög skýrt sett fram og undirtónn sögunnar sýnir, með söguhetjunni Fríðu, hvernig ungar stúlkur og konur eigi að vera og haga sér. Á sama tíma, af því sagan einblínir á að Fríða sé einstök og öðruvísi en aðrar konur, ber verkið í sér ákveðna gagnrýni á konur og sést það í því hvernig systur hennar fimm eru látnar hegða sér gagnvart henni. Eiginleikar þeirra einkennast aðallega af afbrýðisemi og græðgi og engir góðir kostir prýða þær nema hugsanlega fegurð, en þó er Fríða mun fegurri. Hér er gott dæmi um fræðslu sem sýnir hvernig konur ættu ekki að hegða sér og sem hefur að öllum líkindum höfðað til Mme Leprince de Beaumont.

Hún einfaldaði söguþráðinn á sama tíma og hún styttaði ævintýrið til muna. Breytingin á grunnsöguþráðinum var þar af leiðandi ekki mikil, en fjöldamörg smáatriði breyttust og mörgu var sleppt. Til dæmis fækkaði Mme de Beaumont börnum kaupmannsins úr tólf yfir í sex, þrjár stúlkur og þrjú piltar, í stað sex stúlkna og sex piltar. Þessi breyting hefur ekkert endilega ákveðna merkingu, og er líklega til að gera textann einfaldari fyrir börnin sem lásu ævintýrið en gæti þó jafnframt verið vísun í þrítöluna sem er vinsælt ævintýraminni. Tungumálið er einnig einfaldað og þar sem útgáfa hennar var gefin út einungis sextán árum eftir upprunalegu útgáfuna er það ekki breyttum tímum að kenna, heldur að öllum líkindum með vilja gert til að auðvelda skilning barnanna sem Madame de Beaumont vildi mennta.

Strax í upphafi sögunnar er áberandi stytting á frásögninni :

³⁰ Jack Zipes, Inngangur í *The Oxford Companion to Fairy Tales*, bls. xxiii.

³¹ *Ibid.*, bls. xxiii.

<i>Mme de Villeneuve</i>	<i>Mme Leprince de Beaumont</i>
« Dans un pays fort éloigné de celui-ci, l'on voit une grand ville, où le commerce florissant entretient l'abondance. Elle a compté parmi ses citoyens un marchand heureux dans ses entreprises [...] » <i>(La Belle et la Bête, bls. 95)</i>	« Il y avait une fois un marchand qui était extrêmement riche. » <i>(La Belle et la Bête, bls. 1017)</i>
„Í fjarlægju landi er bær þar sem viðskipti og velsæld blómstra. Meðal þegna borgarinnar var hamingjusamur kaupmaður.“ <i>(Fríða og Dýrið, bls. 27)</i>	„Einu sinni var kaupmaður sem vissi ekki aura sinna tal.“

Systur Fríðu, sem eru ógeðfelldar og afbrýðisamar persónur hjá Mme de Villeneuve, eru mun illkvittnari í sögu Mme de Beaumont. Þær reyna jafnvel að ýta undir reiði Dýrsins svo að það verði líklegra til að éta Fríðu. Hér fyrir neðan sýnir textinn ólíka hegðun stúlkanna í útgáfunum tveimur í sveitasetri föður þeirra, hvernig þær lyfta ekki litlafingri hjá Mme Leprince de Beaumont þó að í upprunalegu útgáfunni hafi þær unnið erfiðisvinnu þrátt fyrir sorgina sem íþyngdi þeim:

<i>Mme de Villeneuve</i>	<i>Mme Leprince de Beaumont</i>
« Les filles de leur côté ne manquèrent pas d'emploi. Comme des paysannes, elles se virent obligées de faire servir leurs mains délicates à toutes les fonctions de la vie champêtre. » <i>(La Belle et la Bête, bls. 97)</i>	« Ses deux sœurs, au contraire, [...] se promenaient toute la journée, et s'amusaient à regretter leurs beaux habits et les compagnies. » <i>(La Belle et la Bête, bls. 1019)</i>
„Stúlkurnar voru heldur ekki iðjulausar. Líkt og sveitastúlkur neyddust þær til að óhreinka viðkvæmar hendur sínar við erfið störf sveitalífsins.“ <i>(Fríða og Dýrið, bls. 28)</i>	„Systurnar tvær, voru hins vegar, iðjulausar allan daginn og létu sig dreyma um fínu fötin sín og félagsskapinn sem þær söknuðu sárt.“

Svo er það hið ógnvænlega Dýr, sem í ævintýri Madame de Villeneuve talar af aðdáunarverðri siðfágun og virðuleik þrátt fyrir að vera undir álögum sem láta það virka heimskari. Það nær að koma fram sem virðulegur einstaklingur þrátt fyrir fráhrindandi útlit. Í útgáfu Madame de Beaumont talar Dýrið á mun einfaldari og heimskulegri hátt:

<i>Mme de Villeneuve</i>	<i>Mme Leprince de Beaumont</i>
« Tais-toi, maudit harangueur, je n'ai que faire de tes flatteries, ni des titres que tu me donnes, je ne suis pas monseigneur, je suis la Bête, et tu n'éviteras pas la mort que tu mérites. » <i>(La Belle et la Bête, bls. 106)</i>	« Je n'aime pas les compliments, moi ; je veux qu'on dise ce que l'on pense ; ainsi ne croyez pas me toucher par vos flatteries. » <i>(La Belle et la Bête, bls. 1021)</i>
„Þegi þú, fávísi ræðumaður, ég hef ekkert að gera með skjall þitt, né titla þá er þú gefur mér. Ég er ekki „herra“ ég er Dýrið og þú færð ekki flúið þann dauða sem þú verðskuldar.“ <i>(Fríða og Dýrið, bls. 34)</i>	„Mér líkar illa við hrós, ég vil að fólk segi það sem því finnst, ekki halda að þú getir bjargað þér með skjalli.“

Þegar Mme Leprince de Beaumont gaf söguna út lét hún sem verkið væri hennar.³² Hún tók út þá kafla sem henni fannst ósiðsamlegir og ekki börnum sæmandi til að viðhalda saklaysi barnanna. Hugmyndafræði hennar gekk jafnvel svo langt að þegar hún sýndi nokkrum fullorðnum handritið, og fékk frá þeim jákvæð viðbrögð, dró það kjark úr henni því hún vildi einungis höfða til barna.³³

³² Paul Remy, „Une version méconnu de *La Belle et la Bête*“, bls. 9(5)

³³ *Ibid.*, bls. 9(5)

III. Að þýða

3.1. Þýðingarferlið

Hvað er þýðing? Í einföldu máli sagt er það að flytja texta frá einu tungumáli yfir á annað. Þýðing er ferli sem krefst mikillar nákvæmni. Til að byrja með þarf þýðandinn að hafa góða þekkingu á báðum tungumálunum sem hann notar, bæði frummálinu (fr. *langue de départ*) og markmálinu (fr. *langue d'arrivée*), en það eitt að þekkja tungumálin er ekki endilega nóg til þess að búa til góða þýðingu. Oftast er markmálið það sama og móðurmál þýðandans og frummálið er tungumálið sem textinn er skrifaður á og þýtt er úr. Í bókinni *Tvímæli* fjallar Ástráður Eysteinnsson um hinar margvíslegu hliðar þýðinga og þau vandamál sem þýðandinn tekst á við á meðan á ferlinu stendur. Hann segir að þýðingarferlið sé eilíf barátta fyrir skilningi, að reynt sé að sigra eitthvað sem ómögulegt er að vinna.³⁴

Þótt þýðendur séu iðulega ósammála um túlkunaraðferðir og þýðingartækni þá eru flestir samt sammála um það eitt að hin fullkomna þýðing, hvernig sem hún er, sé ekki ennþá möguleiki.³⁵ Slíkt sé ómögulegt vegna þess að orð í einu tungumáli eigi sér ekki alltaf fullkomna hliðstæðu í öðru. Eitt tungumál getur átt tíu orð yfir ákveðið fyrirbrigði á meðan annað hefur einungis tvö orð yfir það sama, o.s.frv. Þar af leiðandi getur fullkomin þýðing eða fullkomlega nákvæm þýðing ekki skilað sér á milli tveggja tungumála. Hægt er að líkja þessu við aðlögun skáldsögu yfir á kvikmyndaform. Þá er verið að flytja texta og efni yfir á annað táknkerfi. Lesendur bókarinnar vilja sjá í kvikmyndinni nákvæmlega það sem þeir ímynduðu sér þegar á lestrinum stóð og verða þar af leiðandi oft fyrir vonbrigðum, því verið er að færa af einum miðli yfir á annan og margt dettur úr og bætist í á leiðinni. Það sama á við um tungumál. Við getum ekki búist við því að sjá nákvæmlega sama textann á frönsku og íslensku, einfaldlega vegna þess að málfræðileg uppbygging tungumálanna tveggja er ekki eins og af því verið er að færa efni frá einum stað til annars; líkt og með kvikmyndaadlögun, þá týnist eitthvað í þýðingunni en annað bætist við og bætir þá kannski upp fyrir missinn.

Öll þýðingarferli hefjast með ítarlegum lestri á textanum, því allt er mikilvægt þegar kemur að skilningi og merkingu. Höfundurinn sem hefur ekki frummálið að

³⁴ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, bls. 20.

³⁵ *The craft of translation*, ritstj. Biguenet, John, Rainer Schulte, Chicago: University of Chicago Press, 1989, bls. vii.

móðurmáli þarf að þýða textann á meðan hann les til að skilja. „Lestur er í raun þýðing, svoleiðis að þýðingin er þýðing í annað skipti.“³⁶ Grunnskilningur felst í fyrstu þýðingunni, sem er lesturinn, en síðan hefst vinnan að setja textann yfir á annað tungumál. William Weaver skrifar að verstu mistök sem þýðandi geti gert sé að róa sjálfan sig niður með því að segja að „í bókinni sé þetta sagt svona,“ og gefa þannig upp á bátinn fyrirhöfnina.³⁷ Mikilvægt er samt að muna að þýðandinn er ekki höfundur heldur er hann túlkandi. Það eru engin rétt svör í þýðingum, bara ákvarðanir sem þýðandinn tekur. Í lok dagsins eru það ákvarðanir þýðandans sem stjórna því hvernig þýðingin verður.

Sannleikurinn er sá að það er engin ein rétt leið til að þýða verk. Þýðingar hafa ekki eina rétta merkingu, heldur togast hún í áttina að mörgum mismunandi túlkunum og er það þýðandans að taka ákvörðun hvaða túlkun hann velur.³⁸ Hægt er að lesa ótal bækur um þýðingar og þau tæki og aðferðir sem allir þýðendur ættu að hafa til taks, en hvergi er talað um nákvæmlega sama hlutinn. Þrátt fyrir að engin leið sé augljóslega langbest, þá eru ætíð tillögur sem þykja betri en aðrar. Hver og einn þýðandi velur þá leið sem honum finnst henta textanum best. Það háttalag að þýða texta án þess að þekkja hann fyrirfram gæti hentað einum þýðanda en annar gæti jafn auðveldlega verið stranglega mótsnúinn þeirri aðferð.

Ástráður Eysteinnson nefnir þrjár grundvallarreglur sem hver þýðandi ætti að þekkja, ef markmiðið er að skapa ásættanlega þýðingu:

1. Þýðandi verður að vera einkar vel að sér í því tungumáli sem þýtt er úr.
2. Þýðandinn verður að búa yfir mikilli tjáningarhæfni á móðurmáli sínu.
3. Þýðandinn verður að þekkja vel viðfangsefni og það svið sem um er að ræða hverju sinni. En jafnvel þótt þetta þrennt fari saman tryggir það ekki endilega góða þýðingu. Ástæðan er sú að þýðandinn er *túlkandi*.³⁹

Líkt og hver og einn lesandi túlkar bókmenntaverk á einstakan hátt, þá eru þýðendur líka að túlka þegar þeir lesa verk og á meðan þeir þýða. Ef 100 mönnum væri fenginn sami textinn til að þýða, yrði niðurstaðan að öllum líkindum jafnmargar mismunandi túlkanir.

³⁶ „Reading is already translation, and translation is translation for the second time.“, *Ibid.*, bls. ix.

³⁷ *Ibid.*, bls. x.

³⁸ Ástráður Eysteinnson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, bls. 20.

³⁹ *Ibid.*, bls. 108.

3.2. Merking, tryggð og jafngildi

Þarf þýðandinn að vera tryggur höfundur og frumtexta, eða má hann umorða? Telst hann kannski svikari ef hann fer frjálstlega með frumtextann í þýðingu sinni („*traduttore traditore*“), og afhverju skiptir tryggð máli? ⁴⁰ Það sem skiptir mestu máli er að merkingin komist til skila, það sem höfundurinn vildi sagt hafa. Of mikil tryggð við upprunalega textann gæti endað með því að markmálið hljómi skringilega, þar sem ólíklegt er að orðatilhögun í frummálinu sé alveg eins og í markmálinu. Krafa um tryggð við frumverkið gengur út frá því að verkið hafi fastan kjarna, en svo er ekki raunin. Mögulega getur þýðandinn nýtt sér frelsið frá hugmyndinni um tryggð með því að búa til jafngildi, því þá er merkingin sú sama, og í gegnum jafngildið getur þýðandinn öðlast ákveðið sköpunarfrelsi. Hann þarf að vera skapandi á sínu eigin tungumáli til að gæða textann lífi.

Merkingin kemst sjaldan til skila ef notast er við þá aðferð sem kallast að beinþýða. Beinþýðing er það þegar horft er á stakt orð eitt og sér án þess að skoða það í samhengi við textann sjálfan eða í sögulegu samhengi. Þýðingin yrði bókstaflega orð fyrir orð. ⁴¹ Þýðandinn þarf stöðugt að reyna að sjá og skilja merkinguna sem leynist í orðunum sem hann þýðir en gæta þess samt að einblína ekki um of bara á orðin, heldur skoða þau í samhengi við tímabil, sögulegt umhverfi og menningu textans. Ef orðin sjálf eru ekki nóg til að skilja textann er mikilvægt að þýðandinn leiti að merkingu höfundarins í textanum og velji þá hvort hann ætli að vera milliliður milli lesenda og höfundar, eða hvort hann vilji færa höfundinn að lesandanum, t.d. með því að fylgja hugmyndum Antoinettes Berman. ⁴²

Orð geta haft ólíka merkingu, en það fer ekki síst eftir því hvaðan upprunalegi textinn er eða, eins og sagt var hér að ofan, ritunartíma og samhengi í textanum. *La Belle et la Bête* er frá árinu 1740 og jafnvel þótt franska tungumálið hafi haldið formgerð sinni að mestu leyti, eru orð í textanum sem þýða ekki það sama í dag og þau gerðu á 18. öld. Til að bera merkingu orða í textanum saman við nútímafrönsku var stuðst við 4. útgáfu *Dictionnaire de l'Académie française* sem er frá 1762 en er aðgengileg í netútgáfu á vefnum. ⁴³

⁴⁰ Mathieu Guidère, *Introduction à la traductologie: Penser la traduction: hier, aujourd'hui, demain, 2e édition*, Bruxelles: De Boeck, 2010, bls. 83–85.

⁴¹ *The craft of translation*, bls. xi.

⁴² Antoine Berman, *The Experience of the Foreign Culture and Translation in romantic Germany*, þýð. S. Heyvaert, Albany: State University of New York, 1992.

⁴³ *Centre national de Ressources Textuelles et Lexicales*, <http://cnrtl.fr/definition/academie4/> [sótt 2014 - 2015]

Skilgreiningin á þýðingareiningu (fr. *unité de traduction*) er einnig mikilvæg fyrir þýðandann. Best er að ákveða fyrirfram hvaða þýðingareiningu verður einblínt á í ferlinu, orðið, setninguna eða málsgreinina, svo að þýddi textinn verði samkvæmur sjálfum sér. Algengasta villa óreyndra þýðenda er sú að þeir reyna að finna merkingu á bak við hvert einasta orð. Oft er það aðferðin frá hugsun til hugsunar sem býr til þjálustu þýðinguna.⁴⁴

Ástráður segir í bók sinni að til þess að þýðing teljist þýðing en ekki eitthvað annað séu tvær meginforsendur: „Að þýðingin búi yfir vissri samkvæmni sem hliðstæða og fulltrúi frumtextans en geti jafnframt verið sjálfstæður og fullgildur texti á sínu tungumáli.“⁴⁵ Ef þýðandinn finnur ekki orð í sínu eigin tungumáli sem samsvarar orði í frummálinu, þarf hann samt að reyna að finna jafngildi orðsins með því að bæta við, annaðhvort takmarkandi eða vaxandi breytum.⁴⁶ Jafngildi er hugtak sem virðist vera þess dugandi að sneiða framhjá því hneyksli að þýðing geti ekki sagt það sama og frumtextinn. Ameríski þýðandinn og þýðingarfræðingurinn Eugene A. Nida átti stærstan þátt í að koma hugtakinu í notkun. Nida sagði samt sem áður líka að við getum ekki losnað við hina tvöföldu orðræðu sem verður til við þýðingar. Fyrst kemur fram upprunalega hugmynd höfundarins, síðan er það hugmynd þýðandans um hugmynd höfundarins.⁴⁷ Í raun er það þýðandinn sem býr til jafngildið og jafngildið er nauðsynlegt fyrir þýðinguna vegna þess að hún myndar hin einstöku textatengsl sem þýddir textar ættu að sýna.⁴⁸

Meirihluti skilgreininga á jafngildishugtakinu eru byggðar á hugmyndinni um tengsl milli tveggja eðlisólíkra eininga. Í raun ætti spurningin ekki að vera hvort tveir textar séu jafngildir heldur að hvaða leyti þeir séu jafngildir og hvaða gerð af jafngildi þeir bera vott um.⁴⁹ Nida talar um áhrifajafngildi (e. *dynamic equivalence*) sem lætur höfundinum eftir þá ábyrgð að íhuga hvaða þættir í frumtextanum séu mikilvægastir og finna þeim gott jafngildi í markmálinu.⁵⁰ Kenning Nida er að miklu leyti sú aðferð sem

⁴⁴ Clifford E. Landers, *Literary translation: A practical guide*, Cromwell Press Ltd, 2001, bls. 55.

⁴⁵ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli, Þýðingar og bókmenntir*, bls. 100.

⁴⁶ Friedrich Schleiermacher, „On the Different Methods of Translating.“, *Western translation theory from Herodotus to Nietzsche*, ritstj. Douglas Robinson, Manchester: St. Jerome, 2007, bls. 228.

⁴⁷ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli, Þýðingar og bókmenntir*, bls. 89–90.

⁴⁸ „L'équivalence est cruciale pour la traduction parce qu'elle constitue l'unique relation intertextuelle que les textes traduits sont censés montrer“, Mathieu Guidère, *Introduction à la traductologie*, bls. 81.

⁴⁹ *Ibid.*, bls. 82.

⁵⁰ André Guyax, „Rimbaud et l'autre texte“, *S'appropriier l'autre: La traduction de textes littéraires en tant qu'interprétation et réception créatrice*, ritstj. Thomas Klinkert. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 2011, bls. 75.

er notuð hér við þýðingu á texta Mme de Villeneuve. Ekki að hugsa um jafngildi sem einvörðungu samsvarandi orð á milli tungumála heldur sem ákveðna þætti eða tilfinningu í textanum og reyna síðan að koma þeim á framfæri á einhvern hátt á markmálinu. Í þýðingarferlinu reyndi ég fyrst og fremst að komast að merkingu textans til að geta sent frá mér skiljanlegan texta, sem segði það sama og frumtextinn. Þar sem textinn er mjög flókinn tók það sinn tíma að skilja allt og sumar setningarnar hljómuðu á tímum skringilega, því þegar allt kemur til alls þá er texti Mme de Villeneuve nokkuð sérstakur. Hún hoppar úr einu í annað og lesandinn á oft erfitt með að fylgja henni eftir; hún en neyðir hann til að hugsa og lesa á milli línanna. Það er þáttur sem erfitt var að koma til skila í þýðingunni. Þýðandann getur langað til að útskýra aðstæður fyrir lesandanum, sem var þó ekki gert hér.

3.3. Setningafræði og greinamerkjasetning

Franska tungumálið er byggt upp á allt annan máta en það íslenska. Setningaskipanin er ólík og þegar þýtt er af frönsku yfir á íslensku þarf iðulega að endurraða orðum og setningahlutum vegna mismunandi setningafræði tungumálanna tveggja.

Tökum sem dæmi setninguna: „Je ne puis rien vous refuser“⁵¹ sem er frönsk setning sem yrði röng á íslensku ef orðaröðinni yrði ekki breytt. Þýðingin mín er svohljóðandi: „Ég get ekki neitað yður um neitt“, en ef þýtt væri án þess að endurraða orðunum myndi hún hljóma svo: „Ég get engu yður neitað um.“ Þýðandinn þarf að vera varkár að falla ekki í þá gildru að temja sér slíkar þýðingarvenjur, eða afsaka sig á þann hátt að textinn eigi að hljóma gamaldags vegna þess að textinn sé gamall, því ef setningar eru notaðar sem ekki eiga heima í íslenskri málfræði þá virkar málfarið ekkert gamaldags heldur einfaldlega rangt. Greinamerkjasetning er því langt því frá að vera einföld í frönsk-íslenskum þýðingum. Í frönskum textum eru óspart notaðar, sérstaklega í gömlum texta sem þessum. Ef höfundur vill skjóta inn aukasetningu eða atvikslið þarf hann einungis að setja kommur utan um innskotin og oft eru fjöldamargar aukasetningar í aðalsetningunni sem veldur því að setningin verður svo löng að auðvelt er að gleyma hvernig hún byrjaði. Slíkt er sjaldséð í rituðu máli á íslensku. Til að fá flæði í texta er ráðlagt að halda setningunum stuttum og skipulegum og þess vegna þarf að gæta sín við meðhöndlun á frönskum texta yfir á íslensku:

⁵¹*Ibid.*, bls. 138.

Le silence qu'il gardait, quand elle s'éveilla, lui ayant fait douter qu'il fût auprès d'elle, et s'imaginant qu'il s'était levé doucement, pour en savoir la vérité, elle se retourna avec plus de précaution qu'il lui fut possible, et fut agréablement surprise de trouver, au lieu de la Bête, son cher Inconnu. (*La Belle et la Bête*, bls. 158)

Svo löng setning gæti orðið óþjál á íslensku. Í þýðingunni á *Fríðu og Dýrinu* ákváð ég að fækka komnum svo að setningin yrði þjál, og einnig bætti ég við punkti svo úr urðu tvær setningar fyrir vikið:

Þegar hún vaknaði efaðist hún um að hann væri í raun við hlið hennar vegna þess hve þögull hann var, en hún ímyndaði sér að hann hefði farið varlega á fætur. Til að komast að sannleikanum sneri hún sér við eins varfærnislega og hún mögulega gat og henni til óvæntrar ánægju sá hún sinn ástkæra draumaprins í stað Dýrsins. (*Fríða og Dýrið*, bls. 71)

Semíkommur (;) og tvípunktur (:) eru greinamerki sem mikið eru notuð í franska textanum frá 18. öld og tíðkast mun oftast í franskri setningaskipan heldur en íslenskri. Fátítt er að semíkomman sé mikið notuð í íslensku ritmáli. Eiríkur Rögnvaldsson nefnir að semíkommuna sé oft hægt að nota sem millistig milli kommu og punkts. Hana má setja á milli málsgreina í stað punkts, ef þær eru merkingarlega nátengdar, þó einungis ef seinni málsgreinin er afleiðing þeirrar fyrri eða andstæða hennar. Eiríkur segir einnig að semíkomman sé mjög gagnlegt greinarmerki og „furðulítið notað.“⁵² Þar sem að semíkomman er lítið notað greinarmerki í íslensku ákvað ég í flestum tilfellum að skipta henni út fyrir punkt. Tvípunkturinn er algengari en semíkomman, hann er einvörðungu notaður á undan beinni ræðu eða beinni tilvitnun, þar að auki á undan upptalningu.⁵³ Tvípunktinum skipti ég einnig oft út fyrir punkt, en leyfði honum að vera til að tilkynna beinar ræður. Hér að neðan eru nokkur dæmi úr *La Belle et la Bête*, bæði frumtextanum og þýðingunni og sjást þær breytingar sem gerðar voru á greinarmerkjanotkun:

„Non, assurément, Madame, répondit la Belle, le prince est libre : je renonce à l'honneur d'être son épouse.“ <i>(La Belle et la Bête, bls.162)</i>	„Nei, vissulega ekki, frú,“ svaraði Fríða „prinsinn er frjáls. Ég afsala mér þeim heiðri að vera eiginkona hans.“ <i>(Fríða og Dýrið, bls. 74)</i>
--	---

⁵² Eiríkur Rögnvaldsson, „Greinarmerkjareglur - skýringar“, *Stafsetning og greinarmerkjasetning*. 9. grein, Vefslóð: <https://notendur.hi.is/~eirikur/av/stafsetn.htm#g9> [Sótt 05/05/15]

⁵³ *Ibid.*, [Sótt 05/05/15]

<p>„Courage, la Belle ; sois le modèle des femmes généreuses : fais-toi connaître aussi sage que charmante ; ne balance point à sacrifier ton inclination à ton devoir.“</p> <p style="text-align: right;">(La Belle et la Bête, bls. 137)</p>	<p>„Hertu upp hugann, Fríða, vertu fyrirmynd göfuglyndra kvenna. Vertu þekkt fyrir visku og fegurð og hikaðu ekki við að fórna væntumþykju þinni fyrir skyldu þína.“</p> <p style="text-align: right;">(Fríða og Dýrið, bls. 57)</p>
--	--

3.4. Þérun

Þérunarhugtakið er löngu úrelt í íslenskri tungu. Örfáar leifar af því leynast þó hér og þar án þess að við tökum eftir því. Orðið „afsakið“ er meðal annars enn notað í stað „afsakaðu“ jafnvel þótt orðunum sé beint að einstaklingi en ekki fjölda fólks. Franska tungumálið notar fleirtölumynd í stað eintölu, „þið“ (fr. *vous*) í stað „þú“ (fr. *tu*), og þar af leiðandi fylgja allar beygingarnar sem tengdar eru við „þið“ þegar þérun á sér stað. Í íslensku nýttum við aðra beygingu af persónufornafninu „þú“, þ.e. þágufallið „þér“ (þér, yður, yðar).

Ef um er að ræða nýlegan franskan texta, sem þýddur er á íslensku þá er þérun eflaust notuð í frumtextanum, því þérun er enn algeng í frönsku. Þá verður þýðandinn að taka afstöðu og ákveða hvort hann taki þérunina burt úr textanum eða haldi henni en hætti þá á að fyrna textann fyrir vikið.

Í franskri menningu eru orðin „tu“ og „vous“ valdamikil fornöfn sem staðsetja fólk innan stétta samfélagsins og endurspeglar í raun samfélag sem samþykkir félagslegt ójafnrétti sem venjulegan þátt í lífinu.⁵⁴ Þérunin gegnir því hlutverki að sýna virðingu fyrir eldra fólki, yfirmönnum, ókunnugum eða kennurum. Þérun er einnig notuð ef markmiðið er að halda ákveðinni fjarlægð frá viðmælandanum. Þúun stendur fyrir persónulegt samband, fyrir vini, systkini og börn. Á meðal fullorðna merkir þúun jafnrétti og vináttu.⁵⁵ Sá kjarni virðingar tapast oft í íslenskum þýðingum á frönskum verkum því að þérunin gefur íslenska textanum fornan blæ og þess vegna ákveða margir íslenskir þýðendur að fjarlægja þérunina alveg.

Í þessu tilviki hins vegar, reynist þérunin vel því ævintýrið *Fríða og Dýrið* var

⁵⁴ Patchareerat Yanaprasart, *L'expatrié: un acteur social de la mobilité internationale, Cadres entre la Suisse et la France*, Bern: Peter Lang SA., 2006, bls. 83.

⁵⁵ „Þéranir á meðal vor“, *Daglegt líf. Morgunblaðið*, 1999, bls. B2, http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1949629 [sótt 12/11/2014].

skrifað á 18. öld, á þeim tíma sem þérun var enn við lýði á Íslandi. Til eru heimildir sem sýna að þérun var orðin venja á 17.öld. Í kveðskap sínum nefna prestarnir Stefán Ólafsson (1620-1688) og Bjarni Gissurarson (1621-1712) þérunina og sýnir það að siðurinn hafi verið kominn til að vera.⁵⁶ Hins vegar lagðist notkun hennar af upp úr miðri 20. öld: „Jón Aðalsteinsson telur að siðurinn hafi útvatnast upp úr 1950 og 60 og síðan horfið að mestu leyti.“⁵⁷

Það er athugavert að skoða notkun þérunar í sögunni um *Fríðu og Dýrið*, hvernig Dýrið notar þérunina til að koma því til skila á hvaða virðingarstigi fólkíð í kringum það er. Þegar Dýrið er bálreitt út í föður Fríðu veitir það honum hvorki þá virðingu né heiður að þéra hann heldur þvert á móti sýnir það yfirburði sína með því að þúa hann. Þrátt fyrir að venjan sé að tveir fullorðnir sem þekkjast ekki noti þérun til að sýna hvor öðrum virðingu og einnig viðhalda fjarlægð þá brýtur Dýrið þessa svokölluðu reglu. Ástæðan gæti verið sú að Dýrið veit að karlinn er af lægri stétt, á meðan það sjálft er konungborið og notar þúun, nema hvað að þegar það talar við Fríðu, dóttur karlsins, notar hann þérun. Það virðir hana augljóslega, þrátt fyrir að það haldi að hún sé af sömu stétt og faðir hennar, jafnvel í návist föðursins, notar Dýrið þérun en þúar föðirinn stætt og stöðugt:

Votre docilité me satisfait, reprit la Bête, et puisqu'il [en] est ainsi, qu'on ne *vous* a point amenée par force, *vous* resterez avec moi. Quant à *toi*, bonhomme, dit-elle au marchand, tu partiras demain [...]. (*La Belle et la Bête*, bls. 116)

3.6. Titlar, nöfn og kyn

Titillinn á ævintýrinu *La Belle et la Bête* þekkjast flestir í dag sem *Fríðu og Dýrið*, en spurningin var hvort fyrir þessa þýðingu ætti að finna titil sem vísaði ekki beint til kvikmyndarinnar frá Disney sem kom út árið 1991. Til er önnur íslensk þýðing á heitinu. Hana er að finna í leikriti eftir Laurence Boswell, frá 1959, sem Þórarinn Eldjárn íslenskaði og titillinn varð *Yndisfríð og ófreskjan*. Þessi titill er fremur ljóðrænn og hentar mögulega betur fyrir aldur sögunnar. Ákvörðunin var samt sem áður sú að halda þekktara nafninu, *Fríða og Dýrið*, af nokkrum ástæðum. Yndisfríð er lýsingarorð fremur en nafn á persónu og Fríða, sem er sérnafn og heldur samt merkingu upprunalega nafnsins Belle, er mun þjálfa í nútímaíslensku, þó hitt gæti gefið sögunni

⁵⁶ *Ibid.*, bls. B2, [sótt 12/11/2014].

⁵⁷ *Ibid.*, bls. B3, [sótt 12/11/2014].

ævintýralegru blæ. Ófreskjan, hins vegar, gefur til kynna að Dýrið sé einungis skrímsli, á meðan orðið „Dýr“ í ævintýrinu vísar einungis til þess hvaða líkama prinsinn þarf að bera, en á ekki við um persónuleika hans; stundum er hann kallaður skrímsli og stundum ófreskja, en nafnið „Dýrið“ er mun hlutlausara, því dýr geta verið bæði góð og vond á meðan ófreskjur eru nærri alltaf tengd einhverju slæmu. Þess vegna var ákveðið að titillinn skyldi haldast sem *Fríða og Dýrið* en ekki *Yndisfríð og ófreskjan*.

Áhugavert er að segja frá því að ævintýrið *Fríða og Dýrið* hefur verið þýtt yfir á íslensku áður. Árið 1794 þýddi Hannes Finnson söguna yfir á íslensku, og kom hún út í *Kvöldvökunum 1794* árið 1848 undir nafninu *Um skrímslið góða*.⁵⁸ Hún er mikið stytt, einungis fimm blaðsíður og þýðandinn er mjög skapandi og skáldar svolítið inn á milli línanna. Þó að sagt sé að þýtt hafi verið eftir sögu Mme de Villeneuve, þá komst ég að því við lesturinn að hann hafði unnið með texta Mme Leprince de Beaumont. Sagan var mun styttri, í byrjun voru nefndir þrjár piltar og þrjár stúlkur í stað sex, sem ég nefndi fyrir að er breyting sem hún kom til leiðar, og einnig flest öll blæbrigðin sem Mme de Beaumont stóð fyrir. Það gerir þessa þýðingu ekki minna merkilega. Titillinn „Um skrímslið góða“ finnst mér eftirtektarverður þar sem athyglinni er beint að skrímslinu fremur en að stúlkunni sem söguhetju, en hún er ætíð nefnd fyrst í titlinum: *Fríða og Dýrið, La Belle et la Bête, Yndisfríð og Ófreskjan*.

Annað nafnavandamál varðaði prinsinn, þ.e. þá persónu sem Dýrið var í raun. Hann birtist Fríðu í draumum hennar, en hún veit ekki hver hann er og verður ástfangin af honum. Þar sem hún veit ekki hver hann er eða hvað hann heitir, þá kallar hún hann einfaldlega „Inconnu“ en ef það orð er beinþýtt yfir á íslensku þýðir það „ókunnugur“ eða „óþekktur.“ Á frönsku er orðið *Inconnu* nafnorð og lýsingarorð og þess vegna gengur það upp að kalla hann þetta í gegnum söguna, en orðið *ókunnugur* er einungis lýsingarorð á íslensku og getur þess vegna ekki staðið eitt og sér sem sérnafn. Fríða gæti ekki verið að tala við sinn ókunnuga, án þess að það hljómi skringilega. Þar af leiðandi var sú ákvörðun tekin að bæta við nafnorði eftir á svo sem maður, piltur, ungi maður o.s.frv. Nú var heiti hans orðið fremur óþjálmt, og langt að segja í hvert skipti: „Hinn ókunnugi ungi maður.“ Þá hófst leitinn að finna eins konar samheiti við orðið „ókunnugur“ sem gæti passað, svo sem: nafnlaus maður, ungi maður, huldumaður, draumaprins, og af því að ekkert eitt heiti er endilega réttara en annað þá var ákveðið að nota blöndu af nokkrum heitum til skiptis. Fyrir valinu varð: draumaprins, ungi herra,

⁵⁸ Hannes Finnson, „XII. Um skrímslið góða“, *Kvöldvökurnar 1794. Síðari partur*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1848, bls. 120-138.

ungi maður og svo að lokum prins þegar kemur í ljós hver „Inconnu“ er í raun.

„Dýrið“, á íslensku er hvorugkynsorð, en þar sem persónan er karlkyns getur það orðið örlítið ruglingslegt. Á tímabili langaði mig einfaldlega að nota karlkynspersónufornafnið í stað hvorugkyns til að forða lesendum frá ruglingi en ákvað svo frá því. Í franska textanum er þetta enn ruglingslegra því þar er „Bête“ kvenkynsorð og þá er oft vandkveðið hvaða „hún“ sagði hvað, þ.e. annaðhvort Fríða (Belle - kvk) eða Dýrið (Bête - kvk).

IV. Lokaorð

Þýðingarferlið er flókið, jafnvel fyrir þýðanda sem þekkir frummálið og markmálið einstaklega vel, því margt þarf að hafa í huga á meðan á þýðingunni stendur. Umfram allt þarf að muna að þýðandinn er túlkandi, hann túlkar textann sem hann hefur fyrir framan sig hverju sinni. Hann getur gripið til mismunandi aðferða, ákveðið á hvaða hátt hann ætli að vera trúr frumtextanum, hvers konar jafngildi hann vilji koma á framfæri og hvaða hughrif hann vilji vekja hjá lesendum. Það getur allt farið eftir því í hvaða samhengi textinn er settur, hvaða samfélagslegu þættir spila inn í og á hvaða tímabili hann er skrifaður. Þýðandinn þarf að rannsaka margar hliðar textans og þýðing er í raun óendanlegt verkefni, sem væri endalaust hægt að betrumbæta. Þýðingin á verkinu *Fríða og Dýrið* eftir Mme de Villeneuve hefur verið erfiðisvinna en fádæma skemmtilegt verkefni og tel ég að íslenskir lesendur hefðu gaman af því að fá að lesa þetta einstaka ævintýri í sinni upprunalegu mynd.

V. Heimildir

Apuleius, Lucius, *Gullasninn*, þýð. Bjarki Bjarnason, Mosfellsdal: Bókaútgáfan Frá hvirfli til ilja, 2001.

Aubrit, Jean-Pierre, *Le conte et la nouvelle*, París: Armand Colin, 1997.

Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók*, Reykjavík: Orðabók Háskólans, 1989.

Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Bókmenntastofnun, Háskólaútgáfan, 1996.

Ballard, Michel, „Étude traductologique sur corpus.“, *Les Corpus en linguistique et en traductologie*, ritstj. Michael Ballard og Carmen Pineira-Tresmontat, Arras: Artois Presses Université, 2007.

Berman, Antoine, *The Experience of the Foreign Culture and Translation in romantic Germany*, þýð. S. Heyvaert, Albany: State University of New York, 1992.

Bibliothèque des Génies et des Fées 15. La jeune Américaine et les contes marins, ritstj. Honoré Champion, París: Éditions Champion, 2008.

Citton, Yves, „Fairy Poetics: Revisiting French Fairy Tales as (Post) Modern Literary Machines.“, *Eighteenth-Century Studies*, 39.4., Baltimore: John Hopkins University Press, 2006, bls. 549-55,
<http://search.proquest.com/docview/198548842/7FDF9AD93E904D25PQ/26?accountid=135943> [sótt 12/10/2014]

Eiríkur Rögnvaldsson, „Greinarmerkjareglur-skýringar“, *Stafsetning og greinarmerkjasetning. 9. grein*, <https://notendur.hi.is/~eirikur/av/stafsetn.htm#g9> [sótt 05/05/15]

Gallagher, John D., „Traduction Littéraire et études sur corpus.“, *Les Corpus en linguistique et en traductologie*, ritstj. Michael Ballard og Carmen Pineira-Tresmontat, Arras: Artois Presses Université, 2007.

Guidère, Mathieu, *Introduction à la traductologie: Penser la traduction: hier, aujourd'hui, demain. 2e édition*, Bruxelles: De Boeck, 2010.

- Guyax, André, „Rimbaud et l'autre texte“, *S'approprier l'autre: La traduction de textes littéraires en tant qu'interprétation et réception créatrice*, ritstj. Thomas Klinkert. Berlín: Erich Schmidt Verlag, 2011.
- Georges Grente, *Dictionnaire de lettres française: Le XVIIIe siècle*, ritstj. François Moureau, París: Fayard, 1995.
- Hannes Finnsson, „XII. Um skrýmslið góða“, *Kvöldvökurnar 1794. Síðari partur*, Reykjavík: Prentsmiðja Íslands, 1848, bls. 120-138.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstj. Jakob Benediktsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1983.
- Inngangur í *The Craft of Translation*, ritstj. Biguenet, John, Rainer Schulte, Chicago: University of Chicago Press, 1989.
- Jones, Steven Swann, *The Fairy Tale, The Magic Mirror of Imagination*, New York: Twayne Publishers, 1995.
- „La 4^{ème} édition (1762) du Dictionnaire de l'Académie française“, *Centre national de Ressources Textuelles et Lexicales*: CNRTL, Frakkland, 2015,
<http://cnrtl.fr/definition/academie4/>
- Landers, Clifford E., *Literary Translation a Practical guide*, Clevedon: Multilingual Matters, 2001.
- Lederer, Marianne, *La traduction aujourd'hui: Le modèle interprétatif*, París: Hachette Livre, 1994.
- Lilti, Antoine, *Le monde des salons: sociabilité and mondanité à Paris au XVIII siècle*, Paris: Fayard, 2005.
- Mason, Haydn, „The Writer and his Audience“ *French Writers and their Society 1715-1800*, New York: The Macmillan Press LTD, 1982.
- Remy, Paul, „Une version méconnue de „La Belle et la Bête“, *Revue belge de philologie et d'histoire*, 35.1, 1957, bls. 5–18,
http://www.persee.fr/web/revues/home/prescript/article/rbph_0035-0818_1957_num_35_1_2021 [sótt 18/06/2014]

Rósa Þorsteinsdóttir, *Sagan upp á hvern mann: Átta íslenskir sagnamenn og ævintýrin þeirra*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í Íslenskum fræðum, 2011.

Schleiermacher, Friedrich, „On the Different Methods of Translating.“, *Western Translation Theory from Herodotus to Nietzsche*, ritstj. Douglas Robinson, Manchester: St. Jerome, 2007, bls. 225–238.

Yanaprasart, Patchareerat, *L'expatrié: un acteur social de la mobilité internationale, Cadres entre la Suisse et la France*, Bern: Peter Lang SA, 2006.

Zipes, Jack, Inngangur í *The Oxford Companion to Fairy Tales*, London og Oxford: Oxford University Press, 1999.

„Þéranir á meðal vor“, *Daglegt líf. Morgunblaðið*, 1999,
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1949629 [sótt 12/11/2014].

VI. Þýðingin - Fríða og Dýrið

Í fjarlægðu landi er bær þar sem viðskipti og velsæld blómstra. Meðal þegna borgarinnar var hamingjusamur kaupmaður. Gæfan hafði ætíð verið honum hliðholl. Auk ríkidæmis átti hann mörg börn. Fjölskylda hans samanstóð af sex piltum og sex stúlkum sem öll bjuggu enn í föðurhúsum. Piltarnir voru það ungir að þeir hugleiddu ekki annað, en stúlkurnar, sem voru upp með sér af ríkidæminu, reiddu sig á auðæfi föðursins og gátu ekki auðveldlega gert upp hug sinn.

Áhugi myndarlegra ungra manna kitlaði hégómagirnd þeirra. En gæfan snerist þeim í óhag þegar eldur kviknaði í húsi þeirra. Hin glæsilegu húsgögn sem það prýddu, bókhaldsskrár, skuldabréf, gull, silfur og allur sá verðmæti varningur sem kaupmaðurinn átti, varð ofsafengnum eldinum að bráð svo engu varð bjargað nema örfáum hlutum.

Þetta fyrsta óhapp var aðeins smjörþefurinn af því sem koma skyldi. Faðirinn, sem lánið hafði leikið við hingað til, tapaði einnig öllum fleyjum sem hann átti á hafi úti, annars vegar vegna skipbrota og hinsvegar vegna sjóræningja. Viðskiptavinir hans gerðu hann gjaldþrota og starfsmenn hans í erlendum löndum reyndust svikulir. Í stuttu máli sagt féll hann úr hinu mesta ríkidæmi í sára fátækt.

Það eina sem hann átti eftir var lítið sveitasetur á afskekktum stað, í meira en 100 rasta fjarlægð frá borginni.⁵⁹ Karlinn var nauðbeygður til að finna athvarf fjarri hávaðanum og uppþotinu og flutti því fjölskyldu sína þangað, sem var orðin örvæntingarfull yfir öllu fjaðrafokinu. Dætur þessa ólánsama föður voru skelfingu lostnar yfir tilhugsuninni um lífið sem beið þeirra í slíkri sorg og einveru. Um hríð töldu þær sér trú um að þegar áform föður þeirra bærust út myndu vonbiðlarnir, sem rennt höfðu til þeirra hýru auga, vera himinlifandi að uppgötva að nú væru þær auðsveipari.

Þær ímynduðu sér að allir myndu þeir keppast um að hljóta heiðurinn. Þær trúðu jafnvel að þær þyrftu ekki nema að óska sér eiginmanns og hann myndi birtast, en slíkir draumórar voru skammvinnir. Þær höfðu glatað því sem gerði þær álitlegar þegar glæsilegur auður föður þeirra hvarf líkt og döggi fyrir sólu og þær gátu ekki lengur valið og hafnað. Áfjáður aðdáendaskarinn lét sig hverfa á sama augnabliki og ólán fjölskyldunnar varð ljóst. Yndisþokki stúlnanna dugði ekki til að halda eftir einum einasta vonbiðli.

Vinir þeirra reyndust ekki örlátari en vonbiðlarnir. Frá þeirri stund er fjölskyldan

⁵⁹ 1 röst (fr. *lieu*) er jafnt og 4 km.

lagðist í eynd sneru allir baki við henni. Grimmdin náði svo langt að þeim sjálfum var kennt um hörmungarnar sem yfir þau gengu. Þeir sem stóðu í mestri þakarskuld við föðurinn voru áfjádastir í að rægja hann. Þeir héldu því fram að í raun hefði hann kallað yfir sig mótlætið með gjörðum sínum og með óheyrilegri eyðslu hans sjálfs og barnanna.

Því var það svo að þessi hrygga fjölskylda sá sér ekki aðra leið færa en að yfirgefa bæinn þar sem hver og einn naut þess að smána hana í ógæfu sinni. Úrræðalaus lokuðu þau sig inni á sveitasetrinu sem var staðsett mitt í torfærum skógi og gæti vel talist einn aumkunarverðasti dvalarstaður jarðar. Mikil var eymdin sem þau þurftu að þola í svo hræðilegri einveru! Þau urðu að vinna hin erfiðustu verk og vegna þess að þau höfðu ekki efni á að hafa þjóna, skiptu synir hins ógæfusama kaupmanns með sér umhirðu og störfum þjónustufólksins. Þeir kepptust við að vinna þau verk sem sveitalífið krafðist til að hafa af þeim lífsviðurværi.

Stúlkurnar voru heldur ekki iðjulausar. Líkt og sveitastúlkur neyddust þær til að óhreinka viðkvæmar hendur sínar við erfið störf sveitalífsins. Þær klæddust aðeins ullarfötum og höfðu ekkert til að svala hégóma sínum vegna þess að þær gátu ekki lifað nema á því sem fékkst í sveitinni svo þær urðu að láta sér nægja allra helstu nauðsynjar, en samt höfðu þær enn smekk fyrir siðfágun og fínleika, og söknuðu sífellt borgarinnar og töfra hennar. Jafnvel minningar frá þeirra yngri árum sem liðu svo fljótt með hlátri og leikjum, urðu þeirra mesta kvöl.

Yngsta dóttirin sýndi samt sem áður mikla þrautseigju og ásetning í sameiginlegri óhamingju þeirra. Þrátt fyrir ungan aldur var hún staðföst og tókst göfugmannlega á við sitt hlutskipti. Í fyrstu var hún sannarlega döpur. Ó! Hver væri ónæmur fyrir slíkri ógæfu! En eftir að hafa harmað ólán föður síns, hvað gat hún annað gert en að endurheimta sína fyrri kæti og takast á við þær aðstæður sem hún var komin í sem best hún gat og gleyma þeim vanþakkláta heimi sem hún hafði kynnst með fjölskyldunni og segja skilið við vinskap sem hún var nú fullviss um að ekki mætti treysta á í mótlæti.

Hún gerði allt sem hún gat til að skemmta þeim þar sem henni var umhugað um að hughreysta föður sinn og bræður með blíðu eðlisfari sínu og glaðlyndi. Kaupmaðurinn hafði ekkert til sparað þegar kom að menntun hennar og systranna og á þessum erfiðu tímum nýtti hún sér það til fulls. Þar sem hún gat spilað afbragðsvel á allmörg hljóðfæri og sungið með, bað hún systurnar að fara að fordæmi sínu, en gleði hennar og þolinmæði gerði þær enn hryggari.

Stúlkurnar voru algjörlega óhuggandi í skömm sinni og fannst hegðun yngstu systur sinnar sýna lágkúrulegt og andstyggilegt hugarfar, jafnvel kjánaskap, að vera svo kát í þeim aðstæðum sem hin guðlega forsjón hafði komið þeim í.

„En hvað hún er hamingjusöm,“ sagði sú elsta „henni er ætlað að vinna erfiðisvinnu. Hvað hefði hún getað unnið sér til afreka innan um annað fólk með svo lítið sjálfsálit?“

Slíkar umræður voru óréttmætar. Þessi unga manneskja hefði verið miklu líklegri til þess að skara fram úr heldur en allar hinar systurnar. Fölskvalaus fegurð ungu stúlkunnar og jafnaðargeð gerði hana viðfelldna. Hjarta hennar var jafn örlátt og það var samúðarfullt, það sást á öllu sem hún gerði. Hún faldi hryggð sína og yfirsteig örðugleikana með ákveðni og styrk sem er óalgengur hjá kvenfólki, þó var hún jafn næm og hinar systurnar fyrir öllu uppnáminu sem íþyngdi fjölskyldunni. Svo mikil þrautseigja gæti mönnum fundist vera skeytingarleysi. En ásökun alin af afbrýðisemi hefur lítið vægi.

Allar uppfærddar manneskjur sem mátu hana fyrir það sem hún var, höfðu sérstakt dálæti á henni. Þótt aðrir verðleikar einkenndu hana á þessu blómaskeiði hennar, var hún svo fögur að henni var gefið nafnið Fríða. Hún var aðeins þekkt undir þessu nafni og ýtti það undir afbrýðisemi og hatur systra hennar.

Pokki hennar og virðingin sem hún hafði áunnið sér hefði getað gefið henni von um miklu hagstæðari hjúskaparstöðu en bauðst systur hennar. En hún var með allan hugann við ógæfu föður síns og reyndi ekki að seinka brottförinni úr bænum þar sem hún hafði verið hamingjusöm, heldur vann hún af natni við að flýta flutningunum. Þessi unga stúlka sýndi sömu stillingu í einmanaleikanum og þegar hún var í hringiðu samkvæmislífsins. Á hvíldartímum skreytti hún höfuð sitt blómum til að draga úr leiðindum og líkt og hjá smalastúlkum fyrri tíma, lét sveitalífið hana gleyma því sem hún heillaðist mest af í ríkidæminu, og hver dagur bar í skauti sér einfalda hamingju.

Tvö ár voru þegar liðin og fjölskyldan farin að venjast sveitalífinu þegar von um heimferð raskaði ró þeirra. Faðirinn frétti að eitt kaupskipið sem hann hafði áður talið glatað væri nýkomið í höfn, ríkulega hlaðið. Því var bætt við að hætta væri á að samstarfsmenn hans myndu nýta sér fjarveru hans og selja farminn á lágu verði og græða vel á hans kostnað með svikunum. Hann færði börnum sínum þessar fréttir og þau efuðust ekki um að fljótlega yrðu þau fær um að snúa aftur til fyrri lífshátta. Stúlkurnar voru óþreyjufyllri en bræðurnir og töldu að frekari staðfesting væri óþörf og vildu leggja af stað undir eins og yfirgefa allt. En faðirinn var varfærinn og bað þær að

hafa hemil á ákafa sínum. Hann vissi að ekki var hægt að láta sveitastörfin liggja í láginni á þessum árstíma og varð því að treysta sonum sínum til að sjá um uppskeruna og tók þá ákvörðun að leggja einn af stað í svo langt ferðalag.

Allar dæturnar, að þeirri yngstu undanskilinni, efuðust ekki um að brátt myndu þær snúa aftur til fyrri auðlegðar. Þær ímynduðu sér að jafnvel þótt eign föður þeirra yrði ekki næg til að flytja aftur í borgina, fæðingarstað þeirra, hefði hann að minnsta kosti nóg fyrir þau til að koma sér fyrir í ódýrari bæ. Þær vonuðust til að finna þar góðan félagsskap, eignast vonbiðla og taka fyrsta bónorðinu sem byðist. Þær hugsuðu vart lengur um erfiðlið sem þær höfðu þurft að þola í tvö ár og töldu sig jafnvel nú þegar, eins og fyrir kraftaverk, fluttar úr fátækt í faðm allsnægta (því einangrunin hafði ekki dregið úr smekk þeirra fyrir íburð og hégóma) og dirfðust að íþyngja föður sínum með kjánalegum erindum. Hann var beðinn um að kaupa fyrir þær skartgrip, skartklæði og höfuðskraut. Hver í kapp við aðra reyndu systurnar að ganga sem lengst í kröfum sínum. En upphæð hins ímyndaða fjármagns föðursins hefði ekki dugað til að uppfylla óskir þeirra.

Fríða sem var varfærin að eðlisfari og ekki eins framagjörn, sá fljótt að ef hann uppfyllti óskir systranna yrði tilgangslaust fyrir hana að biðja einhvers. En faðirinn sem var undrandi á þögn hennar sagði um leið og hann greip fram í fyrir hinum óseðjandi stúlkum:

„Og þú Fríða, hvað á ég að færa þér? Hvers óskar þú? Ekki vera feimin.“

„Minn kæri pabbi,“ svaraði þessi indæla stúlka og faðmaði hann ástúðlega, „ég þrái aðeins eitt, verðmætara en allt skrautið sem systur mínar biðja yður um. Það er það eina sem ég get óskað mér og ég verð yfir mig ánægð ef það verður að veruleika, það er sú hamingja að sjá yður koma heim heilan á húfi.“

Þetta svar, sem einkenndist svo tvímælalaust af óeigingirni, fyllti systurnar af skömm og sneypu. Þær urðu ofsareiðar og ein þeirra, sem svaraði fyrir allar, sagði biturlega:

„Þessi litla stelpa gerir sig merkilega og heldur að hún vekji á sér athygli með svona mikilli umhyggju. Vissulega er ekkert fáránlegra.“

Faðirinn hinsvegar varð meyr af þessari tilfinningasemi og gat ekki haldið aftur af gleði sinni; snortinn af hófstílltum óskum stúlkunnar vildi hann samt sem áður að hún færi fram á eitthvað og til þess að blíðka óvild hinna stúlnanna gagnvart henni, benti hann á að slíkt áhugaleysi á skarti væri ekki eðlilegt fyrir hennar aldur, allt hefði sinn tíma.

„Þá það, kæri faðir,“ sagði hún honum „úr því að þér gefið fyrirmæli um það, bið ég yður að færa mér eina rós. Ég elska það blóm af ástríðu, en frá því að við komum á þennan afskekktu stað, hef ég ekki notið þeirrar ánægju að sjá eina einustu rós.“ Þetta var til þess að þóknast honum og á sama tíma koma í veg fyrir að hann þyrfti að eyða peningum fyrir hana.

Svo kom dagurinn að þessi gamli maður var nauðbeygður til að slíta sig úr faðmi sinnar fjölmennu fjölskyldu. Hann ferðaðist eins hratt og hann gat til borgarinnar miklu þar sem horfur um nýja fjárhagsstöðu kölluðu á hann. En þær horfur urðu að engu. Fleyið var vissulega komið í höfn, en samstarfsmenn hans, sem töldu hann látinn, höfðu hrifsað allt til sín og allur varningurinn var horfinn. Í stað þess að geta auðveldlega lagt eign sína á það sem tilheyrði honum, þurfti hann að yfirstíga ótal hindranir til að viðhalda rétti sínum. Hann yfirsteig þær hindranir, en eftir rúmlega sex mánuði af erfiðleikum og fjárútlátum var hann ekkert ríkari en áður. Skuldunautar hans voru orðnir gjaldþrota og hann átti erfitt með að greiða sinn eigin kostnað.

Þar lauk draumórum hans um ríkidæmið. Til að kóróna alla erfiðleikana og til þess að forðast gjaldþrot, þurfti hann að leggja af stað á afar óhentugum tíma, í hinu ægilegasta veðri. Hann var berskjaldaður á veginum fyrir illviðrinu og átti á hættu að verða úti, en þegar hann tók eftir því að hann væri aðeins í nokkurra rasta fjarlægð frá húsinu sínu endurheimti hann kraftana. Hann hafði ekki reiknað með að yfirgefa húsið til þess eins að elta uppi falskar vonir, sem Fríða hafði rétt fyrir sér með að kæra sig kollótta um.

Það tók nokkra klukkutíma að fara þvert í gegnum skóginn og það var orðið áliðið en hann vildi halda ferð sinni áfram. Í niðamyrkri og gagntekinn nístingskulda hafði hann hálf fennt í kaf á hesti sínum; hann vissi ekki í hvaða átt hann ætti að halda og trúði því að hans hinsta stund væri runnin upp. Enginn kofi var í augsyn, þrátt fyrir að skógurinn væri yfirfullur af þeim. En hann fann tré, holt að innan vegna fúa og glaður var hann að geta leitað þar skjóls! Þetta tré varði hann gegn kuldanum og bjargaði þannig lífi hans. Skammt frá húsbónda sínum lagðist hesturinn í skjól við greni sem einnig var holt að innan.

Nóttin við þessar aðstæður virtist óendanleg, auk þess var karlinn þjakaður af hungri og skelfdur af ýlfri villtra dýra sem fóru stöðugt framhjá honum. Gæti hann verið rólegur eitt andartak? En erfiðleikum hans var hvergi nærri lokið. Hann hafði ekki fyrr glaðst yfir dagsskímunni að hann var kominn í stærri klípu. Jörðin var alþakin snjó! Hvaða leið átti hann að fylgja? Enginn slóði var sýnilegur, það var aðeins eftir langa

mæðu og tíðar byltur að hann gat fundið einhvers konar slóða þar sem hann átti auðveldara með gang.

Er hann þokaðist áfram stýrðu örlögin ferð hans, án hans vitundar, að breiðgötu sem lá að mjög fallegum kastala sem snjórinn virtist forðast. Við götuna voru fjórar raðir af einkar háum appelsínutrjám, sem hlaðin voru blómum og ávöxtum. Þar mátti sjá styttur staðsettar án nokkurs skipulags né samhverfu, sumar voru á stígnum, aðrar milli trjáanna en allar úr óþekktu efni. Þær voru af mannlegri stærð og litarhafti, í ólíkum stellingum og mismunandi klæðum, en meirihluti þeirra voru dæmigerðir stríðsmenn. Kaupmaðurinn var aðeins kominn inn í fremsta húsagarðinn og þar sá hann ótal aðrar styttur en honum var svo kalt að hann gaf sér ekki tíma til að virða þær fyrir sér.

Stiga úr agatkristöllum með handrið greypt gulli bar fyrst fyrir augu hans. Hann fór í gegnum allmörg glæsileg herbergi sem voru vel búin húsgögnum og andaði að sér mildu lofti sem endurnærði hann. Hann hafði þörf fyrir einhverja næringu, en hvern gæti hann talað við? Enginn virtist búa í þessu gríðarstóra og glæsilega mannvirki nema stytturnar. Djúp þögn ríkti, en samt hafði hann það ekki á tilfinningunni að þessi gamla höll væri yfirgefin. Salirnir, herbergin og súlnagöngin, allt var þetta opið, en engin lifandi vera birtist á þessum heillandi stað. Hann var lúinn að ferðast um vistarverur þessa víðferma seturs og nam staðar í setustofu einni þar sem búið var að kynda mikinn og stóran eld. Hann áleit að eldurinn hefði verið kyntur fyrir einhvern, sem léti ekki bíða lengi eftir sér og nálgæðist arininn til að hlýja sér, en enginn lét sjá sig. Hann settist á sófa nálægt eldinum og á meðan hann beið seig blíður svefn á brá og skildi hann eftir í því ástandi að geta ekki séð hvort einhver kæmi honum að óvörum.

Þreytan orsakaði hvíld hans, hungrið rauf hana. Hann hafði verið glorsoltinn í meira en tuttugu og fjóra tíma og hreyfingin eftir að hann kom í höllina jók enn fremur matarlystina. Þegar hann rumskaði og opnaði augun kom það honum ánægjulega á óvart að sjá vel framreidda máltíð á fallegu borði. Léttur málsverður hefði ekki fullnægt þörfum hans og höfðinglega gerðir réttirnir voru honum hvatning til að smakka á þeim öllum.

Fyrst gætti hann þess að þakka þeim skýrt og greinilega fyrir sem hefði gert svo vel við sig og ákvað því næst að bíða rólegur þar til það hentaði gestgjöfunum að kynna sig fyrir honum. Líkt og þreytan hafði svæft hann fyrir málsverðinn, hafði fæðan sömu áhrif og lét hvíldina vera lengri og friðsælli, reyndar svaf hann að minnsta kosti í fjórar klukkustundir þetta seinna skipti. Er hann vaknaði, var í stað fyrra borðsins komið annað úr dílabergi og ofan á það hafði heilladrjúg hendi útbúið hressingu sem

samanstóð af tertum, þurrkuðum ávöxtum og styrktu víni sem einnig var ætlað honum. Hann naut gestrisninnar sem honum var sýnd og tók sér af því sem hentaði lyst hans, smekk og fínleika.

Þar sem hann hitti engan til að tala við, eða tilkynna sér hvort höllin væri eign manns eða Guðs, fór óttinn að ná valdi á honum engu að síður (því hann var að eðlisfari hræðslugjarn). Hann ákvað því að fara aftur í gegnum allar vistarverurnar og ausa þökkum yfir þann snilling sem hann stóð í þakkarskuld við fyrir svo mörg góðverk og biðja hann náðarsamlegast að sýna sig. Öll ákefð hans reyndist gagnslaus. Ekkert þjónustufólk lét sjá sig, né nokkuð annað sem gæti gefið til kynna hvort einhver byggði í höllinni. Hann braut heilann um hvað hann ætti til bragðs að taka og datt í hug að af óskiljanlegum ástæðum væri einhver góður andi sem hefði gefið honum þetta hús að gjöf, með öllum þeim auð sem það innihélt.

Þessi hugsun hvatti hann og án tafar fór hann að kanna vistarverurnar upp á nýtt og sló eign sinni á allan fjársjóðinn. Auk þess ákvað hann með sjálfum sér hvað kæmi í hlut hverju barna sinna og merkti hjá sér hvaða íbúð gæti, hver í sínu lagi, hentað þeim og hrósaði happi yfir hamingjunni sem þessi ferð kom til leiðar. Hann fór niður í garðinn þar sem hann sá, þrátt fyrir harðan vetur, hin sjaldgæfustu blóm, líkt og um vor væri, gefa frá sér unaðslega angan í lofti sem var bæði milt og hreint. Notalegur hljómur myndaðist þegar fuglar af öllum tegundum blönduðu söng sínum við óreglulegan nið vatnsins.

Frá sér numinn af því líku undri, sagði gamli maðurinn með sjálfum sér: „Stúlkurnar mínar munu ekki, hugsa ég, eiga erfitt með að venjast þessum hrífandi dvalarstað. Ég get ekki trúað að þær harmi eða girnist borgina fremur en þennan bústað. Áfram,“ hrópaði hann, í fádæma gleðivímu „leggjum strax af stað. Mín hamingja eykst við að sjá þeirra hamingju.“

Þegar hann kom til þessa töfrandi kastala hafði hann, þrátt fyrir kuldann sem gagntók hann, séð um að taka beislið úr hestinum sínum og látið hann ganga í átt að hesthúsi sem hann hafði tekið eftir í fremri húsagarðinum. Heimreiðin að hesthúsinu var skreytt með trévegg úr blómstrandi rósarunnum. Aldrei hafði hann séð jafn fallegar rósir. Ilmur þeirra minnti hann á að hann hafði lofað Fríðu rós. Hann tók eitt blóm og ætlaði að tína fleiri til að búa til sex vendi, en þá heyrðist hræðilegt hljóð sem fékk hann til að líta við. Ótti hans varð mikill þegar hann kom auga á við hlið sér, skelfilega skepnu sem í ofsafenginni reiði lagði um háls hans eins konar rana, líkan þeim sem fílar hafa og sagði með ægilegri röddu:

„Hver gaf þér leyfi til að tína rósirnar mínar? Er ekki nóg að ég hafi leyft þér af góðsemi að vera í höll minni. Í stað þess að sýna þakklæti, bíræfni maður, stelur þú blómunum mínum. Þú munt gjalda fyrir ósvífni þína.“

Karlinn sem var skelfingu lostinn af hinni óvæntu nærveru skrímslisins og hélt hann myndi deyja úr hræðslu við þessa ræðu henti snarlega hinni afdrifaríku rós frá sér:

„Ó! Herra minn,“ hrópaði hann þar sem hann lá flatur á jörðinni „sýnið mér miskunn. Mig skortir alls ekki þakklæti. Ég er gagntekinn af velvilja yðar og mig hefði ekki grunað að svo lítið þyrfti til að misbjóða yður.“

Skrímslið svaraði öskureitt:

„Þegi þú, fávísi ræðumaður, ég hef ekkert að gera með skjall þitt, né titla þá er þú gefur mér. Ég er ekki „herra“ ég er Dýrið og þú kemst ekki undan þeim dauða sem þú verðskuldar.“

Kaupmaðurinn var sleginn harmi af slíkum dómi og trúði að undirgefni væri eina leiðin til þess að komast hjá dauðanum og sagði við hann af einlægni að rósinn sem hann hafði vogað sér að taka væri fyrir eina af dætrum hans sem kölluð væri Fríða. Síðan, til að vekja samúð hjá óvini sínum, sagði hann frá ógöngum sínum og tilefni ferðarinnar og gleymdi ekki að minnast á gjöfina litlu sem hann lofaði að færa Fríðu og bætti svo við að það væri það eina sem hún óskaði sér, á meðan allt ríkidæmi konungs hefði ekki nægt til að uppfylla óskir hinna dætranna. Þess vegna greip hann tækifærið sem bauðst til að verða við hinni hógværu ósk hennar í þeirri trú að sú gjörð yrði án afleiðinga og ennfremur baðst hann afsökunar á þessum leiðu mistökum.

Dýrið íhugaði um stund og sagði svo við hann í mildari tón:

„Ég vil gjarnan þyrma þér, en aðeins með því skilyrði að þú gefir mér eina af dætrum þínum. Einhver verður að bæta fyrir þessi mistök.“

„Hamingjan sanna! Hvers biðjið þér af mér?“ spurði kaupmaðurinn, „hvernig get ég staðið við orð mín! Gæti ég verið svo ómannúðlegur að bjarga lífi mínu á kostnað eins barna minna, undir hvaða yfirskini gæti ég fengið hana hingað?“

„Það þarf ekkert yfirskin,“ greip Dýrið fram í. „Ég vil að sú dætra þinna sem þú beinir hingað komi sjálfviljug, annars vil ég enga þeirra. Sjáðu til hvort meðal þeirra finnist ein sem er nógu hugrökk og sem elskar þig nógu mikið til að vilja stofna sér í hættu í þeim tilgangi að bjarga lífi þínu. Þú virðist vera heiðarlegur maður, lofaðu að snúa aftur eftir einn mánuð og ef þú getur sannfært eina dætra þinna um að fylgja þér þá verður hún eftir á þessum stað og þú ferð heim. Ef þú getur það ekki, lofaðu mér að koma aftur einsamall eftir að hafa kvatt þær að eilífu, því þá verður þú á mínu valdi.“

Haldið eigi,“ hélt skrímslið áfram gnístandi tönnum, „að eingöngu það að samþykkja tillögu mína sé nóg til að bjarga þér. Ég vara þig við, að ef þú hugsar á þann hátt, mun ég leita þig uppi og útrýma þér og ætt þinni, jafnvel þótt hundrað þúsund menn byðu sig fram til að verja þig.“

Þótt karlinn væri sannfærður um að hann myndi árangurslaust reyna á tryggð dætranna, þáði hann samt sem áður boð skrímslisins. Hann hét því að koma aftur, á tilsettum tíma og gefa sig á vald sinna sorglegu örlaga, án þess að það yrði nauðsynlegt fyrir Dýrið að koma og ná í hann. Eftir þetta loforð taldi hann sig geta dregið sig í hlé og fengið leyfi til að yfirgefa Dýrið, þar sem nærvera þess hryggði hann einungis. Náðin sem honum hafði verið veitt var smávægileg en hann óttaðist enn að Dýrinu snerist hugur. Hann lét í ljós löngun sína að hverfa á brott, en Dýrið svaraði að hann færi ekki fyrr en næsta morgun.

„Þú finnur hest reiðubúinn,“ sagði það honum „þá strax er dagur rís; hann mun vera snöggur að flytja þig heim. Vertu blessaður, snæddu kvöldverð og bíddu skipanna minna.“

Vesalings maðurinn var örvinglaður og fór aftur að setustofunni þar sem hann hafði neytt svo góðs matar. Andspænis stórum eldi var kvöldverðurinn hans þegar framreiddur og bauð upp á að hann settist til borðs. Þessir glæsilegu og lystilegu réttir freistuðu hans ekki lengur. Hann var sligaður af óhamingju og hefði ekki sest til borðs nema af því hann óttaðist að Dýrið leyndist einhversstaðar og fylgdist með honum, einnig óttaðist hann að reita það til reiði með því að hunsa góðgerðir þess. Til að forðast frekari hörmungar lagði hann harm sinn og sorg til hliðar og smakkaði á öllum réttunum.

Við lok málsverðarins heyrðist mikill hávaði í nærliggjandi salarkynnum og hann efaðist ekki um að þar væri hinn ægilegi gestgjafi hans á ferð. Þar sem hann gat ekki forðast nærveru hans, reyndi hann að stilla óttann sem þessi skyndilegi hávaði olli. Á því andartaki birtist Dýrið sem spurði hvort hann væri vel mettur. Karlinn svaraði með hógværum og kjarklausum tón að hann hafði borðað mikið, þökk væri hugulsemi þess.

„Lofaðu mér,“ tók skrímslið aftur til máls „að muna eftir heitinu sem þú gafst mér og standa við það sem heiðursmaður að hafa meðferðis eina af dætrum þínum.“

Gamla manningnum var ekki skemmt en hann sór að efna loforðið sem hann hafði gefið og vera kominn aftur innan mánaðar, einsamall eða með einni af dætrum sínum, ef ein þeirra elskaði hann nóg til að fylgja honum með þeim skilyrðum sem hann yrði að

bjóða henni.

„Ég vara þig við að nýju,“ sagði Dýrið „að koma henni að óvörum varðandi fórnina sem þú ferð fram á af henni og hættuna sem hún kallar yfir sig. Dragðu upp mynd af útliti mínu eins og það er. Hún verður að vera staðföst í ásetningi sínum. Það verður enginn tími fyrir vangaveltur þegar þú hefur komið með hana hingað. Það má ekki verða svo að hún hætti við, þér verður ekki bjargað og hún fær ekki leyfi til að snúa aftur.“

Kaupmaðurinn, sem var yfirbugaður eftir slíka ræðu, ítrekaði loforðið að fylgja í einu og öllu því sem skepnan mælti fyrir um. Skrímslið var ánægt með svarið og fyrirskipaði honum að fara að sofa og ekki fara á fætur fyrr en sæist til sólar og heyra mætti í gullinni bjöllu.

„Þú snæðir morgunverð áður en þú leggur af stað,“ sagði það honum aftur „og þú getur fært Fríðu eina rós. Hesturinn sem mun bera þig verður tilbúinn í hallargarðinum. Ég reikna með því að sjá þig eftir einn mánuð ef þú ert heiðarlegur maður. Far vel, ef þig skortir heiðarleika mun ég koma í heimsókn til þín.“

Karlinn var hræddur við að framlengja þetta leiðigjarna samtal og hneigði sig djúpt frammi fyrir Dýrinu, sem ítrekaði að hann skyldi engar áhyggjur hafa af því að rata ekki til baka því sami hestur myndi birtast við húsdyr hans og flytja þau bæði aftur í höll Dýrsins.

Þótt gamli maðurinn hefði litla löngun til að fara að sofa, þorði hann ekki að óhlýðnast skipunum þeim sem hann hafði fengið. Vegna þess að hann var skuldbundinn til þess fór hann ekki á fætur fyrr en sólin byrjaði að lýsa upp herbergið. Eftir morgunverð sem tók skamman tíma fór hann niður í garðinn að tína rósina sem Dýrið hafði skipað honum að taka með sér. Ótalmörg tár féllu af völdum þessa blóms. En hann var hræddur við að kalla yfir sig meiri ógæfu og hélt því aftur af sér og fór tafarlaust að leita hestsins sem honum hafði verið lofað. Á hnakknum fann hann skikkju, hlýja og léttu. Hesturinn var mun þægilegri en hans eigin. Um leið og hesturinn fann að hann var sestur á bak, lagði hann af stað á ótrúlegum hraða. Kaupmaðurinn missti sjónar á hinni örlagaríku höll í einni andrá og fann fyrir einstakri hamingju, sömu og daginn áður er hann fyrst kom auga á höllina með þeim mun að unaðurinn við það að fjarlægjast hana var eitruður af hinni grimmu nauðsyn að þurfa að snúa aftur.

„Hvað hef ég skuldbundið mig til að gera?“ sagði hann (á meðan fákurinn bar hann áleiðis af snerpu og léttleika sem ekki er þekkt nema í löndum ævintýranna).

„Væri ekki betra ef ég yrði strax fórnarlamb þessa skrímslis sem er sólgíð í blóð

fjölskyldu minnar? Vegna loforðs sem ég hef veitt, sem er í senn jafn afbrigðilegt og það er ónærgætið, hefur það lengt líf mitt. Hvernig get ég hugsað um að lengja lífdaga mína á kostnað einna dætra minna? Hefði ég í mér þá villimennsku að hafa hana með mér, til þess eins að sjá, án efa, Dýrið rífa hana í sig frammi fyrir augum mínum?“ En allt í einu hrópaði hann upp yfir sig: „Ó! Vesæli ógæfumaður,“ veinaði hann, „er þetta það sem ég hef að óttast? Þótt ég gæti þaggað niður í föðurástinni, væri það rétt af mér að sýna slíkan heigulshátt? Hún verður að fá að vita hvað bíður hennar til þess að hún samþykki það. Ég sé engar líkur á að hún vilji fórna sér fyrir ómannúðlegan föður og ég ætti ekki að bera upp slíka bón, það er óréttlátt. En ég vil samt að umhyggjan sem þær bera til mín skuldbindi eina þeirra til að fórna sér, en myndi ekki einungis það að koma auga á Dýrið gera út um trygglyndi hennar og gæti ég sagt eitthvað við því? Ó! Þú ráðríka skepna,“ hrópaði hann „þú hefur gert þetta viljandi, með því að setja fram illframkvæmanlega skilmála með þeim hætti að þú býður mér að forðast heift þína og öðlast aflausn fyrir fremur smávægilega villu. Það er eins og að strá salti í sárið. En,“ hélt hann áfram „það er mér um megn að hugsa um þetta, ég velti þessu ekki fyrir mér lengur. Ég stofna mér frekar í hættu og horfist í augu við heift þína, heldur en freista tilgangslauss flótta sem föðurástin skelfist við að nýta. Snúum aftur,“ sagði hann „að þessum ógnvænlega kastala, án þess að leggjast svo lágt að kaupa með dýrum hætti það sem eftir er af ævi, sem gæti ekki orðið annað en ömurleg. Í stað þess að bíða þess að mánuðurinn sem mér var veittur renni út skulum við snúa til baka og ljúka strax í dag okkar átakanlega lífi.“

Með þessum orðum vildi hann snúa við og fara sömu leið til baka, en honum varð ómögulegt að snúa hestinum og leyfði honum því að bera sig áfram en tók að minnsta kosti þá ákvörðun að minnast ekki á neitt við dætur sínar. Þegar hann sá húsið sitt úr fjarska styrktist hann enn fremur í ásetningi sínum:

„Ég nefni ekki við þær,“ sagði hann „þá hættu sem ógnar mér, ég get notið þess að faðma þær á ný. Ég gef þeim mínar síðustu ráðleggingar og bið þær um að búa í samlyndi með bræðrum sínum en þeim ráðlegg ég jafnframt að yfirgefa þær ekki.“

Niðursokkinn í þessar hugsanir reið hann í hlað. Hesturinn hans, sem hafði skilað sér heim kvöldið áður hafði vakið áhyggjur fjölskyldunnar. Synir hans höfðu leitað vítt og breitt um skóginn og dæturnar biðu óþreyjufullar við dyrnar eftir fréttum. Þar sem hann sat á baki glæstum hesti, vafinn íburðarmikilli skikkju, þekktu þær hann ekki. Þær héldu fyrst að hann væri sendiboði sem kæmi fyrir hans hönd, en rósinn sem þær sáu á hnúðnum framan á hnakkinum róaði þær.

Þegar hinn sorgbitni faðir kom nær, báru þær kennsl á hann. Þær sýndu mikla gleði við að sjá hann koma heilan á húfi. En sorgin sem var greipt í andlit hans og tárin sem hann reyndi af öllum mætti að halda aftur án árangurs breyttu fögnuðinum í áhyggjur. Þau spurðu óðamála um ástæðu hryggðar hans. Hann svaraði engu, en sagði við Fríðu er hann rétti henni hina afdrifaríku rós:

„Hér er það sem þú baðst mig um. Þetta mun verða þér og okkur öllum dýrkeypt.“

„Ég vissi það,“ sagði sú elsta „og ég fullyrti áðan að hún yrði sú eina sem þér færðuð það sem hún óskaði sér. Á þessum árstíma hefðuð þér þurft að borga meira fyrir eina rós en fyrir óskir okkar fimm saman. Og rósin, ef dæma má af útliti, verður visnuð fyrir lok dagsins. Þér hafið viljað þóknast hinni lánsömu Fríðu sama hver kostnaðurinn yrði.“

„Það er satt,“ mælti faðirinn sorgmæddur „að þessi rós hefur reynst mér dýrkeypt og er dýrari en allir skrautmunirnir sem þið vonuðust eftir. Eigi verður það metið til fjár og guð gefi að ég hefði getað keypt hana með öllu því sem ég á eftir í heiminum!“

Þessi ræða vakti forvitni barnanna og ákvörðunin sem faðirinn hafði tekið um að afhjúpa ekki ævintýrið sitt gufaði upp. Hann sagði frá hrakför sinni til borgarinnar og fyrirhöfninni við að elta fjarstæðukenndan auð og öllu sem átti sér stað í höll skrímslisins. Eftir þessa frásögn föðurins tók örvænting við af von og gleði.

Stúlkurnar gáfu frá sér skelfingaróp er þær sáu að í einni andrá hurfu öll áform þeirra. En bræðurnir, sem voru hugrakkari, sögðu ákveðnir að þeir myndu ekki setta sig við að faðirinn sneri aftur til þessa hörmulega kastala, þeir væru nógu hugrakkir til að takast á við svo hryllilegt Dýr, væri það svo bíræfið að koma og sækja hann. Faðirinn var snortinn af umhyggju þeirra og aftók með öllu að þeir beittu ofbeldi og sagði að fyrst hann hefði veitt þetta loforð, fórnaði hann sér frekar en að standa ekki við loforð sitt.

Samt sem áður reyndu þau að finna leiðir til að bjarga lífi hans. Fullir af hugrekki og dyggð lögðu ungu mennirnir til að einn þeirra ætti að bjóða sig fram til að mæta reiði Dýrsins. En Dýrið hafði skýrt kveðið á um að það vildi eina af stúlkunum en ekki einn piltanna. Hugrökku bræðurnir voru ósáttir við að ekki var hlustað á ásetning þeirra og hvöttu systur sínar til að gera hið sama. En afbrýðisemi systranna gagnvart Fríðu var þeim það mikil hindrun að slík hetjudáð var óhugsandi.

„Það er ekki sanngjarnt,“ sögðu þær „að við týnum lífi á þennan hræðilega hátt,

fyrir mistök sem ekki eru okkar sök. Við yrðum fórnarlömb Fríðu, sem þið mynduð auðveldlega láta okkur gjalda fyrir, en okkur ber ekki að færa slíka fórn. Hér sjáið þið hver afleiðing hófsemi og ævilangs siðgæðis þessarar vesælu stúlku er. Hví bað hún ekki um fín klæði og skartgripa líkt og við hinar? Þótt við höfum ekki fengið skartið, kostaði alltént ekkert að biðja um það og við höfum enga ástæðu til að ávíta okkur sjálfar fyrir að hafa stofnað lífi föður okkar í hættu vegna ónærgætinna krafa. Ef hún hefði ekki viljað vekja á sér athygli með tilgerðarlegri óeigingirni, þar sem hún er í einu og öllu lánsamari en við, hefði hann efalaust fundið næga fjármuni til að gera hana ánægða. En það þurfti ekki nema eina kjánalega ósk til þess að hún yrði völd að allri okkar óhamingju og þið viljið að allt bitni á okkur. Við erum ekki ginningarfífl ykkar. Þetta er hennar sök og því ætti hún að finna lausnina.“

Fríða, sem var næstum fallin í yfirlið vegna sorgar sinnar, bældi niður ekkann og kveinstafina og sagði við systur sínar:

„Ég olli þessari óhamingju, það kemur í minn hlut að lagfæra hana. Ég játa að það yrði óréttlátt að þið mynduð bíða tjón af mínum sökum. Því miður! Ósk mín var engu að síður saklaus. Ég gat ekki séð fyrir að þránni til að eignast rós um mitt sumar, yrði refsað svo grimmilega? En þessu verður ekki breytt, hvort sem ég er saklaus eða sek er réttlátt að ég gjaldi fyrir. Ekki er hægt að kenna neinum öðrum um. Ég mun stofna lífi mínu í hættu,“ hélt hún áfram ákveðinni röddu „til að leysa föður minn undan þessari banvænu ógn. Ég fer á fund Dýrsins, sátt við að deyjja til þess að varðveita líf þess sem veitti mér mitt eigið og til að stöðva skammir ykkar. Mér mun ekki snúast hugur. En á meðan mánuðurinn líður veitið mér þá náð og ánægju að þurfa ekki að hlusta á ásakanir ykkar.“

Svo mikil ákveðni hjá stúlku á hennar aldri kom þeim allnokkuð á óvart og bræðurnir sem þótti afar vænt um hana urðu snortnir af staðfestu hennar. Hugulsemi hennar gagnvart þeim var ótakmörkuð og þeir sáu fram á að missirinn yrði mikill. En þetta snerist um að bjarga lífi föðursins. Þá setti hljóða við þennan fölskvalausa ásetning og sættust á að ákvörðun Fríðu yrði ekki breytt, þeir úthelltu tárur og hrósuðu systur sinni því þeir vildu ekki standa gegn slíku göfuglyndi. Þar sem hún var aðeins sextán ára hafði hún allan rétt á því að harma örlög sín því hún ætlaði að fórna lífi sínu á svo grimmilegan hátt.

Faðirinn var einn um að vilja ekki samþykkja áform yngstu dóttur sinnar. En hinar systurnar ávítuðu hann blygðunarlaust og sögðu að Fríða væri eina dóttirin sem honum þætti vænt um, þrátt fyrir alla óhamingjuna sem hún hafði valdið og að hann

væri sorgmæddur yfir því að það yrði ekki ein þeirra sem myndi gjalda fyrir gáleysi hennar.

Þessar óréttmætu ásakanir neyddu hann til að láta af fortölum sínum og þar að auki sannfærði Fríða hann um að ef hann samþykkti ekki skiptin myndi hún framkvæma þau þrátt fyrir orð hans, því hún færi ein að hitta Dýrið og á þann hátt myndi hún tapa lífi sínu án þess að bjarga hans.

„Hvað vitum við?“ sagði hún, er hún reyndi af öllum mætti að láta í ljós meiri ró en hún upplifði í raun, „þótt hlutskipti mitt virðist hörmulegt, má vera að í því felist eitthvað gott.

Er systur hennar heyrðu hana tala á þennan hátt, brostu þær illkvittnislega að þessum draumórum, himinlifandi yfir ranghugmynd þeirri sem þær töldu hana hafa. En þegar gamli maðurinn, yfirbugaður af mótbárum hennar, mundi eftir fornum spádómi, þar sem fram kom að þessi dóttir myndi bjarga lífi hans og að hún yrði uppspretta hamingju allrar fjölskyldunnar, hætti hann að setja sig gegn vilja Fríðu. Smám saman fóru þau að tala um brottförina líkt og hún væri léttvægur hlutur. Ef hún gæfi í skyn í návist þeirra að það sem biði hennar væri jákvætt, var það til þess eins að hughreysta föður sinn og bræður og valda þeim ekki frekari kvíða. Þótt hún væri óánægð með framkomu systra sinna, sem virtust vera óþreyjufullar að sjá hana leggja af stað og fannst sem tíminn liði allt of hægt, þá sýndi hún það örlæti að skipta á milli þeirra öllum sínum litlu eignum og þeim skartgripum sem hún átti.

Þær þáðu með ánægju þessa sönnun á gjafmildi hennar, án þess þó að hatur þeirra í hennar garð dvínaði. Áköf gleði gagntók hjörtu þeirra þegar þær heyrðu hestinn hneggja sem sendur var til að sækja hana, en hin blinda afbrýðisemi hindraði þær í að sjá fórnfýsi systur sinnar. Faðirinn og synirnir gátu illa leynt harmi sínum á þessari örlagastundu, þeir vildu skera hestinn á háls, en Fríða hélt ró sinni og sýndi þeim fram á tilgangsleysi þess. Eftir að hafa kvatt bræður sína, faðmaði hún sínar harðbrjósta systur á svo hjartnæman máta að hún náði að kreista frá þeim nokkur tár og þeim fannst í um nokkurra mínútna skeið að þær væru jafn harmi slegnar og bræðurnir.

Meðan á þessari stuttu kveðjustund stóð, sem þó dróst á langinn, hafði faðirinn, hvattur af dóttur sinni, stigið á bak hestinum en hún settist fyrir aftan hann líkt og um skemmtiferð væri að ræða. Skepnan virtist fljúga fremur en ganga. Þessi ógnarhraði olli þeim engri vanlíðan, göngulag þessa fágæta hests var svo mjúkt að það hefði ekki getað skekið Fríðu meira en andvarinn.

Á leiðinni bauð faðirinn dóttur sinni margoft, en án árangurs að stíga af baki og

fara einn á fund Dýrsins.

„Hugsaðu, mitt kæra barn,“ sagði hann við hana „það er ennþá tími, skrímslið er hryllilegra en þú getur ímyndað þér. Sama hversu staðfastur ásetningur þinn er, óttast ég að hann bresti við að sjá það. Þá verður það of seint og við förumst bæði tvö.“

„Ef ég færi til Dýrsins ógurlega,“ svaraði Fríða að nýju „með von um hamingju væri það ekki ólíklegt að sú von yrði að engu við það eitt að sjá Dýrið, en þar sem ég reikna með skjótum bana, hverju skiptir það hvort sá sem mun veita mér þann dauða sé geðfelldur eða ógeðfelldur.“

Er þau ræddu þannig saman skall nóttin á, en myrkrið hægði ekkert á reiðskjótanum. Sortinn vék skyndilega fyrir undraverðri sjón sem átti upptök sín í alls kyns fallegum flugeldum: stjörnuhosi, flugeldum sem snerust í hringi, sólum, ljósum sem sprungu út líkt og blómavendir og öllu sem tæknin gat fundið upp á og sem vakti undrun í augum ferðalanganna okkar tveggja. Þessi skemmtilega og óvænta birta sem lýsti upp allan skóginn gaf frá sér þægilegan yl, sem ekki var vanþörf á þar sem kuldinn í þessu landi nísti meir á nóttunni en á daginn.

Í þessari hrífandi birtu, sáu faðirinn og dóttirin að þau voru stödd við göng appelsínutrjáa. Um leið og þau komu inn í göngin linnti flugeldasýningunni. Birtan sem tók við kom frá öllum styttnum sem báru logandi kyndla. Þar fyrir utan þöktu óteljandi luktir framhlið hallarinnar, þeim var stillt upp í samhverfu og mynduðu þannig ástarhnúta og efst trónuðu samfléttaðir upphafstafir, þar sem þau gátu séð stafina F og D. Er þau komu inn í hallargarðinn var tekið á móti þeim með skothríð þeim til heiðurs, sem sameinaðist tónum úr þúsund mismunandi hljóðfærum, jafnt blíðum sem herskáum, og myndaði heillandi samhljóm.

„Ófreskjan hlýtur að vera glorsoltin,“ sagði Fríða með tvíræðu brosi „til þess að halda slíkan fögnuð þegar fórnarlamb hennar kemur í hús.“ Þrátt fyrir geðshræringuna vegna þess sem biði hennar, sem allt benti til að yrði hennar eigin dauði, komst hún engu að síður ekki hjá því að beina allri sinni athygli að þessu mikilfenglega sjónarspili sem var sú fallegasta sýning sem hún hafði nokkurn tímann séð. Hún sagði kaldhæðnislega við föður sinn „að undirbúningur dauða hennar væri íburðarmeiri en hátíðarbragur hjónavígslu hins mesta konungs á jörðinni.“

Hesturinn staðnæmdest við tröppurnar. Hún steig léttilega af baki um leið og faðir hennar. Hann leiddi hana í gegnum forsalinn inn í setustofuna þar sem hann hafði fyrrum snætt svo vel. Þar logaði eldur í arni, tendruð kerti gáfu frá sér undursamlegan ilm og umfram allt var þar stórfenglega framreitt borð.

Karlinn var vanur því háttalagi sem Dýrið notaði til að fæða gesti sína og sagði við dóttur sína að þessi málsverður væri ætlaður þeim, að þau mættu nýta sér hann eins og þau lysti. Fríða lét ekki segja sér það tvisvar, sannfærð um að það myndi ekki flýta dauða hennar. Þvert á móti ímyndaði hún sér að það myndi gefa ófreskjunni til kynna hversu litla andstyggð hún hefði haft á því að koma hingað. Hún gerði sér vonir um að einlægni hennar yrði fær um að blíðka Dýrið og jafnvel að ævintýri sitt yrði ekki jafn sorglegt og hún hafði upphaflega óttast. Þessi ægilega skepna, sem henni stóð ógn af, sýndi sig ekki og öll höllin ljómaði af hamingju og glæsileika, en svo virtist sem koma hennar hafi leitt til þessa og ólíklegt að allt þetta væri hugsað sem undirbúningur jarðarfarar.

Von hennar lifði ekki lengi. Skrímslið lét í sér heyra. Ægileg hljóð, sem gríðarleg þyngd þess olli, hræðilegt skrölt í hreistrinu og hryllilegt ýlfur, gáfu komu þess til kynna. Skelfingin gagntók Fríðu. Gamli maðurinn rak upp skerandi vein um leið og hann tók utan um dóttur sína. En Fríða náði í einni andrá stjórn á skilningarvitum sínum og jafnaði sig. Er hún sá skepnuna nálgast, sem hún gat ekki litið á nema að skjálfa öll, steig hún fram öruggum skrefum og heilsaði Dýrinu á mjög hæverskan hátt með auðsýndri virðingu. Sú hegðun vakti hrifningu skrímslisins. Eftir að hafa virt hana fyrir sér, sagði það við gamla manninn með raddblæ sem án þess að vera reiðilegur hefði getað vakið ofsahræðslu hjá hinum djörfustu mönnum: „Gott kvöld, gamli maður“ og sneri sér svo að Fríðu og sagði sömuleiðis „Gott kvöld, Fríða.“

Gamli maðurinn var stöðugt hræddur um að eitthvað ískyggilegt myndi henda dóttur hans og hafði ekki þrótt til þess að svara. En Fríða, án þess að haggast, sagði með ljúfri og öruggri röddu: „Gott kvöld, Dýr.“

„Komið þér hingað af fúsum og frjálsum vilja,“ sagði Dýrið „og samþykkið þér að leyfa föður yðar að snúa héðan aftur án þess að fara með honum?“ Fríða svaraði honum að hún hafi engin önnur áform. „Hvað haldið þér að verði um yður eftir brottför hans?“ „Það sem fellur yður að geði,“ sagði hún „líf mitt er í yðar höndum og ég sætti mig umyrðalaust við þau örlög sem þér ætlið mér.“

„Hlýðni yðar þóknast mér,“ sagði Dýrið „og fyrst það er svo að yður hafi ekki verið stýrt hingað með valdi, haldið þér kyrru fyrir hjá mér. Hvað þig snertir, karl,“ sagði Dýrið við kaupmanninn „þá leggur þú af stað á morgun við sólarupprás, bjallan mun gera þér viðvart. Ekki slóra eftir morgunverðinn, sami hestur mun fara með þig heim á leið. En,“ bætti það við, „þegar þú ert aftur kominn í faðm fjölskyldu þinnar, skaltu ekki láta þig dreyma um að sjá aftur höll mína og mundu að það er þér forboðið

að eilífu. Þér, Fríða,“ ávarpaði skrímslið hana „leiðið föður yðar inn í næsta fataherbergi, veljið þar hvaðeina sem þér haldið að gæti þóknast bræðrum yðar og systur. Þér finnið tvö koffort: fyllið þau. Það er sanngjarnt að þér sendið þeim eitthvað nógu verðmætt og þá eru þau skuldbundin til að muna eftir yður.“

Þrátt fyrir örlæti skrímslisins, snerti yfirvofandi brottför föðursins stúlkuna sýnilega og olli henni óskaplegri hryggð. Samt sem áður ákvað hún að hlýða Dýrinu sem skildi við þau eftir að hafa ávarpað þau líkt og það hafði gert við komu sína: „Góða nótt, Fríða, góða nótt, gamli maður.“

Þegar þau voru aftur einsömul, faðmaði karlinn dóttur sína að sér og var óhuggandi. Tilhugsunin um að skilja hana eftir með skrímslinu var fyrir hann hið mesta kvalræði. Hann iðraðist þess að hafa farið með hana til þessa staðar. Dyrnar voru opnar og hann hefði viljað fara með hana aftur heim, en Fríða lagði áherslu á hættuna og afleiðingarnar sem sú hugsun fæli í sér.

Þau gengu inn í fataherbergið sem þeim var bent á og urðu undrandi yfir verðmætunum sem þau fundu þar. Þar var fullt af skartklæðum svo dýrðlegum að drottning hefði ekki getað óskað sér neins jafn fallegs né af betri smekk. Hverjum kaupmanni væri mikill sómi að slíkum birgðum.

Þegar Fríða hafði valið skartklæðin sem henni fannst mest við hæfi, þó ekki miðað við núverandi ástandi fjölskyldu hennar heldur í samræmi við auðæfi og gjafmildi Dýrsins sem færði henni þessar gjafir, opnaði hún gullskreytta skáphurð úr kvarssteini. Þótt glæsilegt útlit skáphurðarinnar hefði gefið til kynna að þar leyndist sjaldgæfur og dýrmætur fjársjóður, sá Fríða slíkt samansafn af eðalsteinum af öllum stærðum og gerðum að augu hennar gátu vart þolað ljómann sem stafaði af þeim. Einungis til að óhlýðnast ekki, tók hún feikilegt magn steina án þess að hika, sem hún paraði sem best hún gat við þá hluti sem hún hafði þegar tekið til.

Þegar hún opnaði síðasta skápinn sem var hvorki meira né minna en kompa full af gullmynt, skipti hún um skoðun. „Ég held,“ mælti hún við föður sinn „að það væri frekar ástæða til þess að tæma koffortin og fylla þau af smámynt, sem þér getið síðan gefið börnum yðar eins mikið af og yður þóknast. Með þessum hætti eruð þér ekki tilneyddir til þess að treysta neinum fyrir leyndarmáli yðar og þér munið einir ráða yfir auðæfum yðar án nokkurrar hættu. Ávinningurinn sem þér mynduð njóta af eignarhaldi gimsteinanna, þó að verðgildið sé umtalsverðara, yrði aðeins óhentugara í meðförum. Til að hagnast af þeim yrðuð þér neyddir til þess að selja þá og treysta einhverjum öðrum fyrir þeim sem myndu aðeins líta yður öfundaraugum. Það traust gæti jafnvel

orðið yður lífshættulegt, en gullmyntin veitir yður,“ hélt hún áfram „skjól frá öllu óláni og möguleikann að öðlast jarðir og hús, kaupa verðmæt húsgögn, skartgripni og gimsteina.“

Faðirinn samþykkti ráðagerð hennar. En hann óskaði þess að færa dætrum sínum nokkra kjóla og skrautmuni og til þess að búa til pláss fyrir gullið sem hann vildi taka, fjarlægði hann úr koffortunum það sem hann hafði ætlað til eigin notkunar. Þótt hann hafi sett gífurlegt magn peninga í koffortin fylltust þau alls ekki. Þau voru samansett úr fellingum, sem teygðust að vild. Hann fann rými fyrir skartgripina sem hann hafði fjarlæggt og koffortin innihéldu meira en hann hefði getað óskað sér.

„Svo miklir fjármunir,“ sagði hann við dóttur sína „setja mig í þá stöðu að geta selt gimsteinana án vandræða. Ég fel auðæfi mín fyrir öllum, að þínum ráðum og jafnvel fyrir börnum mínum. Ef þau vissu að ég væri þetta auðugur, myndu þau ekki láta mig í friði og vilja yfirgefa sveitalífið, en það er það eina sem ég hef haft ánægju af og þar hef ég ekki upplifað svik falskra vina sem heimurinn er yfirfullur af.“ En koffortin voru svo þung að fíll hefði sligast undan byrðinni og vonin sem hann sá í hyllingum virtist vera eins og draumur og ekkert meir. „Skepnan hæðist að okkur,“ mælti hann „hún þykist veita mér gersemar en gerir mér það ókleift að bera þær burt.“

„Verið ekki svo bráðir að fella dóm,“ svaraði Fríða „þér hafið eigi ögrað gjafmildi þess með ónærgætinni beiðni, né með gráðugu augnatilliti. Háð væri tilgangslaust. Ég held, fyrst skrímslið úthlutaði yður þessu, hljóti það sannarlega að finna leið til þess að þér getið notið þess. Við þurfum ekki nema að loka koffortunum og skilja þau eftir hérna. Bersýnilega veit Dýrið með hvaða vagni á að senda yður þau.“

Ekkert hefði getað verið skynsamlegra en þetta. Karlinn fylgdi þessu ráði og fór aftur inn í setustofuna með dóttur sinni. Þau settust saman á sófa og sáu málsverðinn borinn fram í einni andrá.

Faðirinn borðaði með betri lyst en hann hafði gert kvöldið áður. Nýliðnir atburðir náðu að draga úr örvæntingunni og vöktu sömuleiðis með honum sjálfstraust. Hann hefði lagt af stað án sorgar ef Dýrið hefði ekki gefið til kynna á miskunnarlausan hátt að hann ætti ekki að láta sig dreyma um að sjá höllina aftur og því skyldi hann kveðja dóttur sína í hinsta sinn. Aðeins dauðinn er svo endanlegur. Þessi orð slógu föðurinn ekki út af laginu. Hann þóttist viss um að þau yrði ekki endanleg og sú von gerði honum kleift að yfirgefa gestgjafa sinn fremur sáttur. Fríða var ekki jafn ánægð. Hún efaðist um að sín biði hamingjusöm framtíð og óttaðist að hinar ríkmannlegu gjafir sem skrímslið vildi gefa fjölskyldu hennar væru andvirði lífs hennar og að Dýrið myndi

gleypa hana í sig um leið og það yrði eitt með henni. Að minnsta kosti hræddist hún að eilíft fangelsi yrði hennar hlutskipti og eini félagskapurinn yrði hið skelfilega Dýr.

Þessar vangaveltur ollu henni þungum þönkum, þegar annar kluknahljómur gerði þeim viðvart að tími væri kominn til að skiljast að. Þau fóru niður í hallargarðinn, þar sem faðirinn sá tvo hesta, annar þeirra bar tvö koffort og hinn var ætlaður honum. Sá síðarnefndi var búinn góðri skikkju og á hnakknum voru tvær leðurtöskur fullar af mat og drykk. Þetta var sami hestur og hafði borið hann áður. Slík umhyggja af hálfu Dýrsins hefði verið efni í samræður, en hestarnir hneggjuðu og kröfsuðu og létu í ljós að tími væri kominn til að kveðjast.

Kaupmaðurinn var hræddur við að ergja Dýrið ef hann tefði og kvaddi dóttur sína í hinsta sinn. Hraðar en vindurinn lögðu hestarnir tveir af stað og Fríða missti sjónar á þeim á örskotsstundu. Hún fór kjörandi aftur upp í herbergið sem átti að verða hennar, þar sem hinar sorgmæddustu hugleiðingar tóku yfir hug hennar.

Þar sem hún var dauðuppgefin, leitaði hún sér hvíldar. Hún hafði ekki sofið vel í heilan mánuð og af því hún hafði ekkert betra að gera lagðist hún til svefnis, en rak þá augun í bolla af heitu súkkulaði á náttborðinu sínu. Hún greip bollann hálfsofandi og jafnskjótt og augu hennar lokuðust sveif hún inn í friðsælan svefn, sem hún hafði ekki notið frá því henni var afhent rósín örlagaríka.

Hana dreymdi að hún væri ein stödd á bökkum síkis. Báðum megin síkisins voru tvær raðir appelsínutrjáa og blómstrandi myrtusem var gífurlega há.⁶⁰ Í draumnum var Fríða upptekin af sínu sorglega ástandi og harmaði ólánið sem neyddi hana til að eyða lífi sínu á þessum stað, án minnstu vonar um að komast burt.

Fallegur ungur maður, ímynd ástarinnar, sagði við hana með rödd sem snart hana djúpt:

„Ekki trúá því, Fríða, að þú verðir alltaf óhamingjusöm. Það er hérna á þessum stað sem þú munt fá þá umbun er þér var neitað svo óréttilega um alls staðar annarsstaðar. Nýttu þér innsæi þitt til þess að sjá mig í þeim búningi sem mig hylur. Segðu mér, er þú horfir á mig, hvort félagsskapur minn sé fyrirlitlegur og hvort hann ætti ekki að vera tekinn fram yfir félagsskap fjölskyldu sem er þér ósamboðin. Óskaðu þér hvers sem er og allar þínar þrár verða uppfylltar. Ég elska þig af öllu hjarta, aðeins þú getur gert mig hamingjusaman með því að verða hamingjusöm sjálf. Vertu ávallt þú

⁶⁰ Skv. “La 4^e édition (1762) du *Dictionnaire de l'Académie française*., er Myrta (myrte/mirthe) runni með fingurðum laufblöðum sem ber hvít blóm með geðfelldum/góðum ilm. Heiðingjar til forna héldu því fram að myrtan væri helguð ástargyðjunni Venusi, og er myrtan enn þann dag í dag notuð sem tákn ástarinnar, líkt og lærviðarlauf er tákn sigurs.

sjálf. Vegna sálarstyrks þíns ertu æðri öðrum konum, þú ert fegurst þeirra og saman munum við verða einstaklega hamingjusöm.“

Því næst birtist þessi hrífandi draumaprins krjúpandi og flutti henni hin fegurstu loforð og hin blíðustu orð. Hann þrýsti á hana af mikill ákefð að gera hann hamingjusaman og fullvissaði hana um að hún ein væri þess fær.

„Hvað get ég gert?“ spurði hún uppnumin.

„Fylgdu aðeins þakklætistilfinningunni,“ svaraði hann, „láttu ekki útlitið blekkja þig og framar öllu öðru, ekki yfirgefa mig. Bjargaðu mér frá þeirri skelfilegu þjáningu sem ég þarf að þola.“

Í sama vetfangi þótti henni sem hún væri í glæsilegri lesstofu með hefðardömu einni sem var svo mikilfengleg og undurfalleg að hún vakti djúpstæða virðingu í hjarta Fríðu. Hefðardaman sagði blíðlega við hana:

„Ljúfa Fríða, ekki harma það sem þú þarft að yfirgefa. Glæstari örlög bíða þín, en ef þú vilt verðskulda þau verður þú að gæta þess að muna að ytra útlit segir ekki allt.“

Hún svaf í meira en fimm klukkustundir og á meðan sá hún unga herrann á hundruðum staða á hundrað mismunandi vegu. Ýmist hélt hann höfðinglegar veislur fyrir hana, eða fór með hinar blíðustu yfirlýsingar. En hvað svefn hennar reyndist ánægjulegur! Hún hefði viljað vera í draumaheiminum áfram, en augu hennar, sem luktust upp við birtuna, vildu ekki lokast aftur og Fríða trúði því að þetta hefði einungis verið draumur.

Klukkan sló tólf og í hverju slagi endurómaði nafn hennar. Hún neyddist til þess að fara á fætur. Það fyrsta sem hún rak augun í var snyrtiborð með öllu því sem gæti reynst nauðsynlegt fyrir hefðarkonur. Eftir að hafa puntað sig með ánægju sem hún gat ekki útskýrt, færði hún sig yfir í stofuna þar sem nýbúið var að bera fram hádegisverð. Þegar maður borðar einn er málsverðurinn fljótt afgreiddur og þegar hún sneri aftur til herbergis síns fleygði hún sér á sófa. Ungu manningnum sem hana hafði dreymt skaut upp í huga hennar. „Ég get gert þig hamingjusama.“ sagði hann við mig. „Hið hræðilega Dýr heldur honum greinilega föngnum. Hvernig get ég frelsað hann? Lögð var áhersla á að ég skyldi ekki dæma eftir útliti. Ég skil ekki neitt. En mikið er ég glórulaus! Ég leik mér að því að finna röksemdir til að útskýra draumsýn sem svefninn skapaði og sem varð að engu við það að vakna. Ég ætti ekki að íhuga þetta frekar heldur einbeita mér að núverandi aðstæðum og leita mér að skemmtunum sem hindra það að ég sökkvi enn dýpra í sorgina.“

Nokkrum stundum síðar ásetti hún sér að skoða hin fjölmörgu herbergi og sali hallarinnar. Hún varð heilluð, enda hafði hún aldrei séð neitt jafn fallegt. Fyrsta herbergið sem hún gekk inn í var stór speglasalur. Hún sá sjálfa sig frá öllum hliðum. Það fyrsta sem fangaði athygli hennar var armband sem hékk á margarma kertastjaka. Á því var mynd af fallega herra manninum sem hún hélt sig hafa séð í draumnum. Hún þekkti hann um leið. Ímynd hans var nú þegar greipt í huga hennar og kannski einnig í hjarta. Með ákafri gleði setti hún armbandið um úlnliðinn án þess að íhuga hvort það væri við hæfi.

Úr þessu herbergi fór hún yfir í annað yfirfullt af málverkum og þar fann hún sömu mynd og á armbandinu í raunsterð; hann virtist horfa á hana af svo mikilli umhyggju að hún roðnaði líkt og málverkið væri maðurinn sjálfur og aðrir hefðu vitað hvað hann var að hugsa.

Hún hélt göngu sinni áfram og kom inn í sal einn fullan af ýmsum hljóðfærum. Hún vissi hvernig átti að spila á þau flest og prófaði mörg þeirra, en hún hélt upp á sembalinn því hann hljómaði best með rödd hennar. Úr þessum sal fór hún inn í annan sem innihélt gríðarstórt bókasafn. Hún hafði yndi af því að afla sér fróðleiks og dvölin í sveitinni hafði svipt hana þeim unaði vegna þess að faðir hennar hafði neyðst til að selja bækur sínar í óförum sínum. Þarna gat hún sinnt áhuga sínum á lestri, sem verndaði hana fyrir leiðindum einverunnar. Dagurinn leið án þess að hún gæti séð allt. Þegar kvöldið voru öll herbergin lýst upp með ilmandi kertum í ljósakrónum sem voru annaðhvort í mismunandi litum eða gegnsæjar og ekki voru þær gerðar úr kristal heldur úr demöntum og roðasteinum.

Á sama tíma og venjulega var kvöldverður Fríðu borinn fram af sömu vandvirkni og snyrtimennsku og fyrr. Engin mannleg vera var sjáanleg; faðir hennar hafði sagt henni að hún yrði ein. En einveran var hætt að hrjá hana þegar hún heyrði loks í Dýrinu. Hún hafði ekki áður verið ein með því og skalf af ótta þar sem henni var ókunnugt um hvernig þessi fundur færi fram og óttaðist jafnvel að það gleypri hana í sig. En ótti hennar hvarf við komu dýrsins sem nú sýndi enga heift. Þessi hrikalegi beljaki sagði ruddalega við hana:

„Gott kvöld, Fríða.“

Hún heilsaði honum á sama hátt, blíðlega en titrandi röddu. Meðal þeirra ólíku spurninga sem skrímslið lagði fyrir hana, spurði það hvernig hún hefði haft ofan af fyrir sér. Fríða svaraði:

„Ég eyddi deginum í að skoða höll yðar, en hún er svo víðfeðm, að mér gafst

ekki tími til að sjá öll herbergin og undrin sem þau innihalda.“

Dýrið spurði hana: „Haldið þér að þér gætuð vanist því að búa hér?“

Stúlkan svaraði kurteislega að það yrði henni auðvelt að búa á svo fallegum stað. Eftir klukkutíma samtal um sama efni gerði Fríða sér grein fyrir að ráma rödd Dýrsins mátti rekja til þvingaðra raddbanda og að Dýrið virtist fremur vera heimskt heldur en grimmt.

Það spurði hana skyndilega hvort hún vildi leyfa því að sofa hjá henni.

Við þessa óvæntu beiðni blossaði ótti hennar upp og í örvæntingu hljóðaði hún upp yfir sig og sagði:

„Guð bjargi mér! Ég er glötuð.“

„Alls ekki,“ svaraði Dýrið rólega, „ég vil ekki skelfa yður, svarið mér hreint og beint, segið greinilega já eða nei.“

Fríða svaraði skjálfandi: „Nei, Dýr.“

„Gott og vel,“ hélt skrímslið blíðlega áfram „fyrst þér viljið það ekki, fer ég. Góða nótt Fríða.“

„Góða nótt, Dýr“ sagði stúlkan skelkuð og var létt.

Hún var innilega sátt við að þurfa ekki að óttast ofbeldi og fór róleg í háttinn og sofnaði. Jafnskjótt birtist hennar kæri draumaprins. Hann virtist segja blíðlega við hana:

„Ég er svo hamingjusamur að sjá yður aftur, mín kæra Fríða, en ósveigjanleiki yðar veldur mér angist. Mér er ljóst að ekki sér fyrir endann á óhamingju minni.“

Draumurinn breyttist og svo virtist sem ungi maðurinn bæri fyrir hana kórónu en hann birtist henni á hundrað mismunandi vegu í svefninum. Stundum sýndist hann vera við fætur hennar, annaðhvort gaf hann sig taumlausri gleði á vald eða úthellti flóði tára, sem hreyfði við sál hennar. Þessi blanda af gleði og sorg entist alla nóttina. Þegar hún vaknaði með skýra mynd í höfðinu af þessum kæra unga manni, leitaði hún að málverkinu af honum til að bera saman við myndina í höfðinu og til að sjá hvort henni hefði nokkuð skjáttast. Hún hljóp að málverkasalnum, þar sem hún bar enn betur kennsl á hann. Hún tók sér dágóðan tíma í að dást að honum, en skammaðist sín fyrir breyskleika sinn og sætti sig við að horfa á þá mynd sem hún hafði í armbandinu á hendi sér.

Til að dreifa huganum, fór hún niður í garðinn. Blíðviðrið bauð upp á skemmtigöngu og hún varð heilluð, enda hafði hún aldrei séð nokkuð jafnfallegt í náttúrunni. Trjálundir voru prýddir aðdáunarverðum styttum og óteljandi gosbrunnum sem kældu loftið og voru svo háir að hún missti næstum sjónar á þeim.

Það sem kom henni mest á óvart var að hún kannaðist við staðina þar sem hún hafði séð unga manninn í draumi. Einkum við að sjá stóra síkið þar sem appelsínutré og myrta risu báðum megin síkisins, gat hún ekki annað en hugsað um drauminn sem virtist ekki vera hugarburður lengur. Hún gerði sér í hugarlund að Dýrið héldi einhverjum föngrum í höll sinni og hélt þar með að hún væri komin með útskýringu á draumnum. Hún ásetti sér að ráða fram úr þessu nú þegar þetta sama kvöld og spyrja skrímslið, sem hún átti von á að kæmi aftur á sama tíma. Það sem eftir lifði dags gekk hún um, eins lengi og kraftar hennar leyfðu, án þess þó að geta virt allt fyrir sér.

Herbergin sem hún hafði ekki náð að sjá deginum fyrr voru ekki síður forvitnileg. Til viðbótar við hljóðfærin og furðuverkin sem umkringdu hana, fann hún í öðru litlu herbergi eitthvað til að fást við. Þar var allt fullt af pyngjum og orkeringskyttum til að hnýta blúndur, skæri til að klippa með og vinnustofur fyrir alls kyns handverk.⁶¹ Réttara sagt fannst allt þarna. Einar dyr í þessu heillandi litla herbergi opnuðust út í stórkostlegan sal sem að því er virtist leit út fyrir að vera hið fegursta land í heimi. Í þessum sal hafði einhver af natni komið fyrir stóru fuglabúri sem var fullt af sjaldgæfum fuglum og við komu Fríðu hófu þeir upp raust sína í aðdáunarverðum kór. Þeir komu sér einnig fyrir á öxlum hennar og hver í kapp við annan reyndu fuglarnir að færa sig nær henni.

„Elskulegu fangar,“ sagði hún við þá „mér finnst þið hrífandi og ég er miður mín yfir því að þið séuð svo langt frá herberginu mínu, ég hefði gaman af því að heyra oftari í ykkur.“

Mikil var undrun hennar, er hún opnaði aðrar dyr um leið og hún sagði þessi orð, að sjá að hún var þá stödd í herberginu sínu, sem hún hélt að væri langt frá þessum fallega sal en hún hafði í raun gengið í hring í gegnum samliggjandi herbergi sem mynduðu álmuna. Skilrúmið sem hafði hindrað hana í að gera sér grein fyrir nálægð fuglanna, gat opnast og var mjög hentugt til að útiloka hljóð þegar hún hafði ekki löngun til þess að heyra í þeim lengur.

Fríða hélt áfram för sinni og sá annan fiðraðan hóp, en þetta voru páfagaukar af öllum gerðum og litum. Við návist hennar byrjuðu þeir allir að skrækja. Einn sagði við hana „góðan daginn“, annar bauð henni út að borða og sá þriðji, ástúðlegri, bað hana um að kyssa sig. Fjölmargir sungu óperuaríur, aðrir fluttu vísur hátt og snjallt eftir bestu höfundana og allir buðust þeir til að skemmta henni. Þeir voru jafn blíðir og ástúðlegir

⁶¹ Orkering er aðferð til að hnýta blúndur og dúka með skyttu, notað í skartgripi eða á föt.

og íbúar stóra fuglabúrsins. Návist þeirra veitti henni sanna ánægju og hún var afar fegin að finna einhvern til að tala við, því þögnin hafði verið þrúgandi. Hún spurði þó nokkra í þaula, og fékk spekingsleg svör. Hún valdi einn sem henni líkaði umfram aðra, og hinir, sem urðu afbrýðisamir vegna þessa dálætis, kveinkuðu sér óskaplega. Hún sefaði þá með blíðuhótum og með því að gefa þeim leyfi að koma og heimsækja hana hvenær sem væri. Aðeins fjær sá hún stóran hóp af öpum af öllum stærðum og gerðum, hettuöpum og öpum með mennsk andlit, öðrum með blá, græn, svört eða ljós-appelsínugul skegg.

Þeir söfnuðust fyrir framan hana við inngang herbergis þeirra, en tilviljun ein hafði leitt hana þangað. Þeir hneigðu sig fyrir henni með því að steypa sér í ótalmarga kollhnísa og létu í ljós með bendingum, hve vel þeir kynnu að meta þann heiður sem hún sýndi þeim. Til að halda upp á þennan hátíðisdag dönsuðu þeir á reipi og léku listir sínar af einstakri lipurð og snerpu. Fríða var mjög ánægð með apana, en hún var ósátt að finna engan sem gæti fært henni fréttir af hinum fagra óþekkta manni. Hún gaf upp vonina á því að finna nokkuð, leit á drauminn sem fjarstæðu og gerði sitt besta til að gleyma honum, en án árangurs. Hún hældi öpunum og sagði á meðan hún strauk þeim að hún vonaðist til að fá nokkra þeirra með sér, sem vildu fylgja henni og vera henni félagsskapur.

Undireins stigu fram tvær stórar apynjur klæddar hirðbúningum sem virtust einungis bíða skipana hennar og komu þær sér fyrir sín hvorum megin við hana alvarlegar á svip. Tveir árvökulir litlir apar tóku í kjól hennar og þjónuðu henni sem skjaldsveinar. Viðkunnalegur gíbraltarapi klæddur upp sem riddarasveinn, bauð henni hanskaklædda hönd sína. Í fylgd með þessu einstaka föruneysi fór Fríða að borða. Á meðan hún mataðist blístruðu fuglarnir líkt og hljóðfæri og léku fagurlega undir röddum páfagaukanna, sem sungu hinar fallegustu aríur og þær aríur sem voru hvað vinsælastar. Á meðan á tónleikunum stóð, höfðu aparnir sem fengu að þjóna Fríðu, á örskotsstundu stillt sér upp eftir stöðu og skyldum. Þeir hófu störf sín og þjónuðu henni af viðhöfn, leikni og virðingu, líkt og liðsforingjar sýna drottningum sínum.

Er hún fór frá borðinu var annar hópur sem vildi bjóða henni upp á nýja dægrastyttingu. Það voru eins konar leikarar sem léku harmleik á sjaldséðan hátt. Þessir herra-apar og frú-apynjur í leikbúningum alsettum skrautsaumi, perlum, og demöntum, hreyfðu sig á þann hátt sem hæfði hlutverkum þeirra. Páfagaukarnir báru fram raddir þeirra svo skýrt og greinilega að það þurfti að fullvissa sig um að fuglarnir væru virkilega faldir undir hárkollu sumra apanna og undir skikkju annarra, til að gera sér

grein fyrir að þessi nýja gerð af leikurum talaði ekki af eigin rammleik. Verkið virtist hafa verið samið sérstaklega fyrir þessa leikara og Fríða var heilluð. Í lok harmleiksins beindi einn leikaranna fallegu lofi til Fríðu og þakkaði henni fyrir umburðarlyndið sem hún hafði sýnt á meðan á sýningunni stóð. Nú voru engir apar eftir nema föruneysi hennar, sem ætlað var að skemmta henni.

Eftir matinn kom Dýrið líkt og venjulega að heimsækja hana og eftir sömu spurningarnar og sömu svörin endaði kvöldið á setningunni „Góða nótt, Fríða.“ Apynjurnar, sem voru hirðmeyjar, afklæddu frú sína, breiddu yfir hana í rúminu og opnuðu af hugulsemi gluggann á stóra fuglabúrinu, svo að fuglarnir gætu með mildari söng en fyrr um daginn sefað skilningarvitin og leitt hana inn í draumaheiminn og veitt henni þá ánægju að sjá aftur sinn indæla draumaprins.

Allmargir dagar liðu án þess að henni leiddist nokkuð. Hver einasta stund var uppfull af nýjum atburðum og afþreyingu. Allir aparnir höfðu hugvit til þess að þjálfa, hver og einn, einn páfagauk á þremur eða fjórum kennslustundum, sem þjónaði þeim síðan eins og túlkur og þannig gátu þeir svarað Fríðu, af jafn mikilli snerpu og nákvæmni og aparnir töluðu sín á milli með látbragði sínu. Reyndar leiddist Fríðu það eitt að þurfa að þola nærveru Dýrsins öll kvöld, en heimsóknir þess voru stuttar. Það var þó án nokkurs vafa því að þakka að hún gat notið allrar þeirrar skemmtunar sem hægt var að ímynda sér.

Gæska skrímslisins vakti hjá henni löngun til að spyrja og leita skýringa á þeim manni sem hana hafði dreymt. En þar sem hún var nokkuð viss um að Dýrið væri ástfangið af henni óttaðist hún að með þeirri spurningu myndi hún vekja upp afbrýðisemi þess. Því gætti hún sín og þagði og áræddi að svala ekki forvitni sinni.

Hún hafði oft og mörgum sinnum komið í öll herbergin í þessari hrífandi höll, en maður fær aldrei nóg af því að sjá sjaldgæfa, forvitnilega og ríkmannlega hluti aftur. Fríða fór inn í stóra stofu sem hún hafði aðeins einu sinni komið í áður. Á henni voru fjórir glugga á hverri hlið, aðeins tveir voru opnir og hleyptu ekki nema örlítilli dagsbirtu inn. Fríða vildi hleypa inn meiri birtu. En í stað birtunnar sem hún bjóst við, horfði hún í gegnum op inn í lokað rými. Þessi staður var dimmur og augun skynjuðu aðeins glætu í fjarska sem virtist leynast á bakvið hnausþykkt silkitjald. Er hún lét sig dreyma um hvað gæti leynst á þessum stað, fékk hún skyndilega ofbirtu í augun. Tjaldið lyftist og Fríða uppgötvaði að hér var glæsilegt, vel upplýst leikhús. Á áhorfendapöllum og í stúkunum sá hún margt merkilegt fólk, og allir voru svo undurfagrir, bæði dömurnar og herrarnir.

Undireins hljómaði ómpýð símfónía sem einungis var gert hlé á til þess að gefa leikurunum, öðrum en apa- og páfagaukaleikurunum, tækifæri á að flytja yndisfagran harmleik, sem fylgt var eftir með litlu leikverki, sem á sinn hátt var jafn fagurt því fyrri. Fríða unni leiksýningum. Það var eina skemmtunin sem hún saknaði eftir að fjölskylda hennar fluttist frá borginni. Hún var forvitin að vita úr hvaða efni teppið var í stúkunni næst henni og hallaði sér fram en lenti þá á spegli sem aðskildi leikhúsið og hana. Hún uppgötvaði að það sem hún hafði talið vera raunverulegt var ekki annað en sjónarspil og hlutunum var varpað til hennar ofan frá í gegnum kristalsgler svo að henni fannst sem hún væri í leikhúsi í fegurstu borg heims. Það var öndvegisverk ljósfræðinnar að geta endurvarpað úr svo mikilli fjarlægð.

Eftir gamanleikinn sat hún áfram í stúkunni í nokkurn tíma til að fylgjast með aðlinum yfirgefa leikhúsið. Salurinn myrkvaðist og fékk hana til að hugsa um aðra hluti. Ánægð með þessa uppgötvun, sem hún lofaði sjálfri sér að nýta oft, fór hún niður í garðinn. Undrin voru farin að vera henni kunnugleg og hún fann sér til ánægju að það var henni aðeins til gleði og þæginda.

Eftir kvöldmatinn spurði Dýrið líkt og vanalega hvað hún hefði haft fyrir stafni. Fríða sagði því nákvæmlega frá öllum skemmtununum og að hún hafi farið í leikhúsið.

„Höfðuð þér gaman að því?“ spurði skepnan klunnalega. „Óskið alls sem þér viljið og þér fáid það, því þér eruð einstaklega fögur.“

Fríða brosti innra með sér að þessari klaufalegu leið til að slá henni gullhamra, en ástæða þess að hún hló ekki var hin vanalega spurning, og *viljið þér að ég sofí hjá yður*, sem batt enda á gleði hennar. Hún ætlaði að svara neitandi, en hlýleiki Dýrsins í þessum síðustu samræðum róaði hana ekki heldur skelfdi. „Hvernig endar þetta allt saman?“ spurði hún sjálfa sig. „Spurningin sem það leggur fyrir mig í hvert einasta skipti, hvort ég vilji sofa hjá því, sannar að það þráast stöðugt við og gefst ekki upp á ástarþrá sinni. Góðverk þess staðfesta það. En þótt það láti ekki í ljós neina gremju við höfnun minni og þrýsti ekki á eftir frekara svari, hver getur sagt mér að það muni ekki verða óþreyjufullt og að ég gjaldi fyrir með dauða mínum?“

Þessar vangaveltur áttu hug hennar allan og áður en hún vissi af var komið fram yfir háttatíma hennar. Draumaprinsinn hennar ávitaði hana blíðlega vegna þess hve sein hún var en hann gat eingöngu birst henni í draumi. Honum fannst hún vera döpur og sveimhuga og spurði hvað gæti verið henni á móti skapi á þessum stað. Hún svaraði að ekkert væri henni á móti skapi nema skrímslið. Hún sái það hvert einasta kvöld, hún væri orðin vön því, en það væri ástfangið af henni og þessi ást fyllti hana kvíða og hún

óttast ofbeldi.

„Af þeim klaufalegu gullhömrinum sem það slær mér, ímynda ég mér að það vilji að ég giftist því,“ sagði Fríða við unga herrann sinn, „ráðleggið þér mér að gera því til geðs? Ó! Jafnvel þó það væri jafn heillandi og það er forljótt, hafið þér einn fengið aðgang að hjarta mínu, sem er lokað Dýrinu og öllum öðrum. Kinnroðalaust játa ég að ég get engan elskað nema yður.“

Slík játning gat einungis glatt hann, en hann svaraði aðeins með því að segja:

„Elskaðu þann sem þú elskar, ekki láta blekkjast af útliti og bjargaði mér úr þrúndinni.“

Hann endurtók þessi orð aftur og aftur án frekari útskýringa og Fríða varð óendanlega sorgmædd.

„Hvað viljið þér að ég geri?“ spurði hún hann, „ég myndi frelsa þig hvað sem það kostaði, en vilji minn er gagnslaus svo lengi sem þér segið mér ekki hvernig ég get framkvæmt það.“

Nafnlaus ungur maðurinn svaraði henni, en á svo óskýran hátt að hún skildi ekki neitt. Frammi fyrir augum hennar birtust alls kyns furðulegheit. Hún sá skrímslið þar sem það sat í hásæti glitrandi af gimsteinum, það kallaði á hana og bauð henni að setjast við hlið sér. Augnabliki síðar lét ungur herrann Dýrið stíga niður með hraði og settist í þess stað. Síðan náði Dýrið yfirhöndinni aftur og draumaprinsinn hvarf. Hún talaði við hann í gegnum svarta blæju, sem breytti rödd hans og gerði hana ógnvekjandi.

Allan tímann sem hún svaf gekk á með þessu og þrátt fyrir óróleikann sem draumurinn olli, fannst henni samt sem áður að hann væri of stuttur, vegna þess að þegar hún vaknaði var henni neitað um að hitta þann sem hún elskaði. Eftir að hún hafði klætt sig og puntað, hafði ýmiss konar handavinna, bókaletur og dýrin ofan af fyrir henni fram að leikhúsinu. Nú var sá tími kominn að hún þurfti að leggja af stað. En hún var ekki stödd í sama leikhúsi, þetta var ópera, sem byrjaði um leið og hún settist. Sýningin var glæsileg og áhorfendurnir ekki síður. Kristalsglerið sýndi henni skýrt og greinilega jafnvel hin minnstu smáatriði í klæðnaði við hljómsveitargryfjuna. Fríða var himinlifandi að sjá manneskjur, þar af margar sem hún þekkti. Það hefði verið mikil ánægja fyrir hana að tala við þær.

Hún var sáttari við þennan dag en þann fyrri. Það sem eftir var dags var áþekkt því sem hún hafði upplifað frá því hún kom til hallarinnar. Dýrið kom um kvöldið og eftir heimsóknina dró hún sig í hlé líkt og venjulega. Nóttin var lík hinum, og þá meina ég yfirfull af notalegum draumum. Þegar hún vaknaði sá hún sama þjónustufólkið sem

átti að aðstoða hana. En eftir hádegisverðinn urðu verkefni hennar önnur.

Daginn áður hafði hún opnað annan glugga þar sem hún var stödd í óperunni, og til að fá meiri fjölbreytni þennan dag opnaði hún nú þriðja gluggann sem færði henni unaðinn af markaðshátíðinni í Saint-Germain, mun glæsilegri en þá sem við þekkjum í dag. En þar sem leikflokkurinn góði steig ekki á svið fyrr en nokkru síðar, hafði hún nægan tíma til að skoða allt. Hún sá alls kyns sjaldgæfa og forvitnilega hluti, aðdáunarverðar afurðir náttúrunnar, listaverk, og einnig smátt og ómerkilegt smádót. Jafnvel strengjabrúðurnar féllu henni vel í geð, á meðan hún beið eftir einhverju öðru betra. Gamanleikurinn var stórkostlegur og Fríða var hæstánægð.

Í sýningarlok sá hún alls kyns yfirstéttafólk ganga um búðir kaupmannanna. Hún bar kennsl á útsmogna loddara sem dreifðu sér meðal fólksins. Hún veitti því athygli að þeir sem töpuðu fjármunum vegna loddaranna, yfirláfu staðinn mun óánægðari en þegar þeir komu. Loddararnir voru varkárir og hættu aldrei sínum eigin fjármunum í leiknum sem þeir léku eingöngu til að hagnast. Þeir gátu ekki falið snilldarlegar brellur sínar fyrir Fríðu. Hún hefði viljað vara fólkið við því ranglæti sem það var beitt, en hún var í fleiri þúsunda rasta fjarlægð og gat það ekki. Hún heyrði sjálf og sá allt mjög greinilega, en það var henni ómögulegt að láta í sér heyra, eða sýna sig. Endurvarpið sem bar henni það sem hún sá og heyrði, var ekki það fullkomið að geta endurkastað í hina áttina. Hún var fyrir ofan loftið og vindinn, en allt þetta kom ljóslifandi til hennar í gegnum hugann. Hún hugsaði sig um og því eyddi hún ekki kröftum sínum að óþörfu í að reyna að vara fólkið við.

Það var komið nokkuð fram yfir miðnætti þegar hún hugsaði að það væri kominn tími til að háttá. Hungrið hefði getað sagt henni það, en í stúkunni hafði hún fundið vín og körfur með öllu því sem hún þurfti fyrir léttu máltíð. Kvöldmaturinn reyndist stuttur og hún var óþreyjufull að fara að sofa. Dýrið tók eftir óþolinmæði hennar og óskaði henni einfaldlega góðrar nætur svo að hún gæti lagt sig, og hinn óþekkti herramaður gæti birtst á ný. Næstu dagar urðu svipaðir. Gluggarnir voru henni óþrjótandi uppspretta nýrra skemmtana, einn veitti henni yndið af ítalska leikhúsinu, annar sýn af Tuileries þar sem sjá mátti allar merkustu manneskjur Evrópu og einnig þær fegurstu. Síðasti glugginn var ekki síður ánægjulegur. Þar gat hún séð allt það sem var að gerast í heiminum. Vettvangurinn var áhugaverður og fjölbreyttur á allan hátt. Það var einstöku sinnum að hún sá fræga sendiför, rómað brúðkaup, eða áhugaverðar byltingar. Hún var við gluggann á tímum síðustu byltingar janitsa, hermanna tyrkjasoldáns. Hún fylgdist með henni allt til enda.

Fríða var alltaf viss um að finna ásættanlega iðju, sama á hvaða tíma dags. Leiðinn sem henni hafði fundist svo óbærilegur fyrstu dagana er hún beið eftir Dýrinu, var algjörlega horfinn. Hún hafði vanist því hversu ófrýnilegt Dýrið var og hún var orðin vön kjánalegum spurningunum. Ef samtalið hefði getað varað aðeins lengur, hefði hún kannski haft meiri ánægju af því. En það fólst í fjórum eða fimm setningum, alltaf þeim sömu, sem voru ruddalega settar fram og buðu ekki upp á önnur svör en „já“ eða „nei“ og voru henni ekki að skapi.

Allt virtist snúast um að uppfylla óskir Fríðu og þess vegna vandaði hún sig betur þegar hún klæddi sig, jafnvel þótt hún væri viss um að enginn myndi sjá hana. Hún gerði það samt fyrir sjálfa sig og það var henni ánægja að klæðast hinum ýmsu búningum allra þjóða jarðarinnar, ekki síst þar sem í fataskápnum var allt það sem hún gat óskað sér, og á hverjum degi birtist þar eitthvað nýtt. Hún klæddist hinum fjölbreyttustu skartklæðum og spegillinn sýndi henni að hún væri öllum þjóðum að skapi og dýrin hennar, hvert á sinn máta, tóku án afláts undir það, aparnir með táknmáli, páfagaukarnir með tali og fuglarnir með söng.

Svo unaðslegt líf hefði átt að geta uppfyllt allar hennar óskir. En það er hægt að fá leið á öllu. Hin mesta hamingja verður litlaus þegar hún er síendurtekin og byggir stöðugt á því sama og maður eygir hvorki ótta né von. Fríða fékk að reyna þetta. Hún dafnaði vel, en minningin um fjölskyldu hennar kom henni í uppnám þrátt fyrir það. Hamingja hennar gat ekki blómstrað þegar hún naut ekki þess mildis að geta deilt henni með skyldmönnum sínum.

Fyrst hún var farin að þekkja Dýrið betur, hvort sem það var vegna þess að hún var vön að sjá það eða af því að hún skynjaði blíðleika í skapgerð þess, fannst henni hún geta spurt það um einn hlut. Hún hætti ekki á það fyrr en hún hafði gengið úr skugga um að Dýrinu mislíkaði það ekki. Spurningin sem hún lagði fyrir það var hvort þau tvö væru alein í höllinni.

„Já, því lofa ég yður,“ svaraði skrímslið að bragði „og ég fullvissa yður um að þér og ég, aparnir og hin dýrin, erum einu verurnar sem drögum andann á þessum stað.“

Dýrið sagði ekkert frekar og yfirdaf hana mun fyrr en venjulega.

Fríða hafði einungis spurt að þessu til að reyna að komast að því hvort elskhugi hennar væri í höllinni. Hún hafði vonast til að sjá hann og fá að vera með honum og hún myndi með glöðu geði afsala frelsi sínu og jafnvel öllum þeim þægindum sem umkringdu hana fyrir slíka hamingju. En þar sem þessi hrífandi ungi maður var ekki til nema í draumum hennar, horfði hún á höllina sem fangelsi, sem yrði síðan að grafhýsi

hennar.

Þessar sorglegu hugsanir íþyngdu henni einnig um nóttina. Henni fannst hún vera á bakka breiðs síkis og var döpur þegar hennar kæri óþekkti ungi maður, skelkaður yfir sorgmæddu yfirbragði hennar, sagði við hana á meðan hann hélt höndum hennar blíðlega í sínum:

„Hvað er að, mín kæra Fríða, hvað getur verið yður á móti skapi og hver getur spillt ró yðar? Í nafni þeirrar ástar sem ég ber til yðar, segið mér hvað bjátar á. Yður verður ekki neitað um neitt, því þér ein eruð hér húsráðandi og allt fylgir skipunum yðar. Hvaðan kemur sú sorg sem þjakar yður? Er það ásýnd Dýrsins sem hryggir yður? Þá þarf að losa yður við það.“

Við þessi orð sýndist Fríða sjá hinn unga mann munda rýting og búa sig undir að ráðast á skrímslið, sem gerði enga tilraun til að verja sig, og skera það á háls. Dýrið gerði sig jafnvel tilbúið fyrir stungurnar með uppgjöf og auðsveipni og sofandi mærin áttaði sig á að hinn nafnlaus herra myndi framkvæmdi áætlun sína áður en hún gæti veitt því fyrirstöðu, þrátt fyrir að hún hefði risið á fætur og hlaupið Dýrinu til aðstoðar jafnfljótt og hún skildi ásetning hans. Til að koma fyrir til varnar hrópaði hún fullum hálsi:

„Hættu þessu, villimaður, leggðu ekki hendur á velgjörðamann minn, dreptu mig frekar.“

Ungi maðurinn þráaðist við og vildi ráðast á Dýrið þrátt fyrir hróp Fríðu og sagði bálreiður við hana:

„Þér elskið mig þá ekki lengur, fyrst þér verjið þetta skrímsli sem stendur í vegi fyrir hamingju minni.“

„Þér eruð vanþakklátir,“ svaraði hún á meðan hún hélt aftur af honum „ég elska yður meira en lífið sjálft og fremur myndi ég vilja týna því en hætta að elska yður. Þér eruð mér allt og ég geri yður ekki þann grikk að bera yður saman við eitthvað annað sem er gott í heiminum. Ég myndi auðveldlega afneita honum til að fylgja yður í gegnum hinar villtustu eyðimerkur. En þessar tilfinningar hafa engin áhrif á þakklætiskennd mína. Ég á Dýrinu allt að þakka, það hefur uppfyllt allar óskir mínar, það veitti mér jafnvel þann heiður að kynnast yður, og ég gef mig fremur dauðanum en að pola það að þér veitið Dýrinu illa meðferð.“

Eftir þessi átök hvarf allt og Fríðu fannst hún sjá Hefðardömunu sem birst hafði henni nokkrum nóttum fyrr. Daman sagði við hana:

„Hertu upp hugann, Fríða, vertu fyrirmynd göfuglyndra kvenna, vertu þekkt fyrir

visku og fegurð, hikaðu ekki við að fórna væntumþykju þinni fyrir skyldu þína. Þannig velur þú hinn rétta veg í átt til hamingjunnar. Þú munt verða hamingjusöm, svo framarlega sem þú lætur ekki blekkjast af útlitinu einu saman.“

Þegar Fríða var vöknuð velti hún þessum draumi fyrir sér og furðaði sig á honum, en hann var henni ennþá ráðgáta. Þráin að sjá föður sinn á ný átti hug hennar allan yfir daginn og bættist ofan á áhyggjurnar sem skrímslið og hinn nafnlausli ollu henni á meðan hún svaf. Hún var því hvorki róleg á nóttunni né ánægð yfir daginn, og þrátt fyrir að vera umkringd miklu ríkidæmi hafði hún ekkert til að róa hugann nema leiksýningarnar. Hún var í ítalska leikhúsinu, en fór eftir fyrsta atriðið yfir á óperuna en þaðan fór hún jafnskjótt aftur. Áhyggjur hennar fylgdu henni hvert sem hún fór, oft opnaði hún alla sex gluggana oftar en sex sinnum hvern, án þess að finna nokkra hugarró. Næturnar voru áþekkar dögnum, hún var jafnan eirðarlaus og depurðin hafði djúp áhrif á yndisþokka hennar og heilsu.

Hún gætti þess vel að fela fyrir Dýrinu kvölinu sem íþyngdi henni, og skrímslið, sem hafði oft komið að henni útgrátinni, leitaði ekki frekari svara um líðan hennar þegar hún sagði ástæðuna einungis vera vægan höfuðverk. En eitt kvöldið þegar ekkasogin komu upp um hana og hún gat ekki lengur haldið því leyndu, sagði hún við Dýrið, sem vildi vita hví hún væri svo sorgmædd, að hana langaði að hitta fjölskyldu sína aftur.

Við þessa uppástungu missti Dýrið allan mátt, það hafði ekki kraft til að halda sér uppi og stundi þungan, eða öllu heldur gaf frá sér óhljóð sem hefðu nægt til að hræða líftórana úr fólki og svaraði:

„Hvað segirðu, Fríða! Viljið þér yfirgefa svo óhamingjusamt dýr! Á ég að trúa því að þér hafið svo litla þakklætiskenn? Hvað skortir yður til að verða hamingjusamar? Er umhyggja mín ekki nægileg til að forða mér frá hatri þínu? Þér eruð vanþakklátar, þér kjósið heimili föður yðar og afbrýðisemi systra yðar fram yfir mig. Líkar yður betur við að fara og gæta hjarðarinnar heldur en að njóta lífsins gæða hér? Það er ekki vegna ástar á fjölskyldu yðar heldur vegna óbeitar á mér sem þér viljið yfirgefa mig.“

„Nei, Dýr,“ svaraði Fríða hikandi en blíðlega, „ég hata yður ekki og ég yrði leið ef ég bæri ekki þá von í brjósti að sjá yður aftur, en ég get ekki gleymt þeirri þrá að vera umkringd fjölskyldu minni á ný. Leyfið mér að bregða mér frá í tvo mánuði og ég lofa yður að með glöðu geði sný ég aftur til að eyða því sem eftir er ævi minnar við hlið yðar og að aldrei mun ég biðja yður um neitt frekar.“

Á meðan hún talaði lá Dýrið hreyfingarlaust á jörðinni og ekkert gaf í skyn að

það andaði enn nema átakanlegir grátstafir. Það svaraði Fríðu með þessum orðum:

„Ég get ekki neitað yður um neitt, þótt það kosti mig mögulega lífið, en það skiptir ekki máli. Í litla herberginu næst yðar herbergi, finnið þér fjórar kistur: fyllið þær með öllu því sem yður lystir, annaðhvort fyrir yður sjálfar eða fyrir skyldmenni yðar. Ef þér bregðist orði yðar munið þér iðrast og dauði yðar vesalings Dýrs mun ásækja samvisku yðar þegar tíminn rennur út. Snúið aftur þegar tveir mánuðir eru liðnir og þér munið finna mig á lífi. Fyrir endurkomu yðar þurfið þér ekki á neinum búnaði að halda, kveðjið aðeins fjölskyldu yðar um kvöldið og áður en þér farið í háttinn, látið steinhring yðar snúa inn í lófann og segið ákveðið: *Ég vil fara aftur til hallarinnar og sjá Dýrið mitt aftur.*“ Síðan hélt Dýrið áfram, „Góða nótt, sofið rótt og hafið ekki áhyggjur af neinu, þér sjáið föður yðar snemma í fyrramálið. Verið þér sælar, Fríða.“

Um leið og hún varð einsömul flýtti hún sér að fylla kisturnar af öllu mögulegu, fallegum hlutum og auðæfum. Þær fylltust ekki fyrr en hún var orðin þreytt á að raða ofan í þær. Eftir allan undirbúninginn fór hún í rúmið. Sú von að sjá fjölskyldu sína bráðlega hélt henni vakandi og hún sofnaði ekki fyrr en það var kominn tími til að fara á fætur. Í draumi sá hún unga manninn, en hann var ekki samur við sig. Hann lá endilangur á grasbala og virtist yfirkominn af þjáningu. Fríða var hrærð við að sjá hann í þessu ástandi og gerði sér vonir um að ná honum upp úr þessari djúpu sorg og spurði hvers vegna hann væri hryggur. En elskhuginn horfði þröttlaus á hana og sagði:

„Miskunnarlausá vera, hvernig getið þér spurt mig þessa? Vitið þér ekki, að ef þér farið, skrifið þér undir dauðadóm minn.“

„Gefið yður ekki sorginni á vald, minn kæri vinur. Fjarvera mín verður ekki löng,“ svaraði hún, „ég vil einungis koma fjölskyldu minni í skilning um að hin hryllilegu örlög sem þau telja mig hafa sætt séu ekki rétt, síðan sný ég jafnskjótt aftur til hallarinnar. Aldrei framar mun ég skilja við yður! Hvernig gæti ég yfirgefið stað sem mér líkar svo vel við? Auk þess gaf ég Dýrinu loforð um að snúa aftur, það loforð get ég ekki svikið. En þarf þessi ferð nauðsynlega að skilja okkur að? Vísið mér veginn. Ég fresta ferð minni þar til morguns og fæ leyfi frá Dýrinu, ég er viss um að það neitar mér ekki um þetta. Samþykkið tillögu mína, vér þurfum ekki að skiljast að og vér snúum aftur saman. Fjölskylda mín verður himinlifandi að hitta yður og ég er viss um að hún sýnir yður þá virðingu sem þér verðskuldið.“

„Ég get ekki gert það sem þér óskið af mér,“ svaraði elskhuginn „nema þér séuð ákveðnar að snúa aldrei aftur hingað. Það er það eina sem gæti fengið mig til að fara. Hugsið vel hvað þér viljið gera. Vald íbúa þessa staðar er ekki það mikið að geta neytt

yður til að snúa aftur. Ekkert mun henda yður annað en það að valda Dýrinu sorg.“

„Þér íhugið ekki,“ sagði Fríða bráðlynd „að Dýrið lét mig vita að það yrði dauðanum að bráð ef ég stæði ekki við loforð mitt...“

„Hverju skiptir það yður?“ svaraði elskhuginn, „Væri það ólán ef það kostaði einungis líf skrímslis til að gera yður hamingjusama? Hvaða gagn er af því í heiminum? Myndi einhver tapa á dauða þeirrar veru sem fæðist á jörðinni einungis til að vekja viðbjóð?“

„Æ!“ hrópaði Fríða bálreið, „Þér skulið vita að ég gæfi líf mitt til að vernda líf Dýrsins, og þetta skrímsli, sem ekki er skrímsli nema í útliti, er svo mannlegt að því ætti ekki að vera refsað vegna afmyndunar sem það hefur enga stjórn á. Ég get ekki endurgoldið gæsku þess með slíku vanþakklæti.“

Ungi herrann greip fram í fyrir henni og spurði hvað hún myndi gera ef skrímslið reyndi að drepa hann og ef annarhvor þeirra þyrfti að verða hinum aldurtila, hvorum þeirra hún veitti liðsinni.

„Ég elska einungis yður,“ svaraði Fríða, „en þó að ást mín sé mikil, getur hún ekki dregið úr þakklæti mínu til Dýrsins og ef ég lenti í svo hörmulegri stöðu myndi ég forða mér frá þeirri sorg sem afleiðingar bardagans yllu mér með því að taka mitt eigið líf. En til hvers eru þessar leiðinlegu og fjarstæðukenndu getgátur? Hugmyndin ein hryllir mig, ræðum eitthvað annað.“

Hún sýndi fordæmi með því að segja allt sem ástfangin kona gat sagt hjartnæmt við ástmann sinn. Siðferðiskennd hennar hélt ekki aftur af henni og vegna þess að draumurinn veitti henni frelsi til að athafna sig eins og hún vildi, uppgötvaði hún alls kyns kenndir, sem hún hefði annars dulið ef hún hefði haft fullt vald á skynseminni. Hún svaf lengi og þegar hún vaknaði óttaðist hún að Dýrið myndi ekki standa við orð sín. Enn var hún óviss, þar til hún heyrði kunnuglegan umgang. Hún dró gluggatjöldin frá með hraði og varð hissa að sjá herbergið, því hún þekkti það ekki, húsgögnin voru ekki eins dásamleg og þau sem hún hafði vanist í höll Dýrsins.

Hún stökk undrandi á fætur og flýtti sér að opna dyrnar. Hún þekkti ekkert frammi heldur. Það sem vakti mesta furðu var að finna kisturnar fjórar sem hún hafði fyllt af dýrgripum kvöldið áður. Flutningur hennar sjálfrar og fjársjóðsins var sönnun á mætti og örlæti Dýrsins, en hvar var hún eiginlega? Hún vissi það ekki fyrr en hún heyrði loks rödd föður síns og fleygði sér í fang hans. Nærvera hennar kom bræðrum hennar og systur á óvart. Þau horfðu á hana líkt og hún hefði komið úr öðrum heimi. Öll föðmuðu þau hana með miklum gleðilátum, en systurnar horfðu hryggar á hana því

afbrýðisemi þeirra var enn til staðar.

Eftir mikla gleði við endurfundina vildi karlinn tala einslega við hana til að heyra frá henni kringumstæður svo óvæntrar afturkomu og til að upplýsa hana um velsæld hans, sem hún átti svo stóran þátt í. Hann sagði að daginn sem hann hafði kvatt hana í höll Dýrsins hafi honum verið skilað heim sama kvöld án nokkurrar þreytu. Á meðan á ferðinni stóð hafði hann verið upptekinn af því hvernig hann gæti dulið koffortin fyrir börnum sínum og vonaðist til að þau gætu verið flutt í herbergið samhliða hans, sem hann einn hafði lykil að, en hann hefði talið það ógerlegt. En um leið og hann fór af baki tók hesturinn, sem bar koffortin, á sprett og karlinn var skyndilega laus við þau vandræði að þurfa að fela fjársjóðinn.

„Ég játa það,“ sagði gamli karlinn við dóttur sína, „að auðæfin sem ég hélt að væru mér töpuð, hryggðu mig ekki, ég átti þau ekki nógu lengi til að sjá eftir þeim. En þessi óvænti atburður fannst mér grimur fyrirboði örlaga þinna. Ég efaðist ekki um að hið svikula Dýr myndi hegða sér á sama hátt gagnvart þér og ég óttaðist að gæska þess í þinn garð myndu ekki vara lengi. Sú hugsun olli mér miklu hugarangri og til að halda því leyndu þóttist ég hafa þörf fyrir hvíld, en í raun var það til að gefa mig á vald sorginni. Ég taldi þig tvímælalaust glataða. Þjáning mín varði sem betur fer ekki lengi því ég sá koffortin sem ég hélt að væru mér glötuð og ályktaði þá líka að þú værir hamingjusöm. Ég fann þau í litla herberginu, einmitt þar sem ég vildi geyma þau og lyklarnir, sem ég hafði gleymt á borðinu í stofunni þar sem við gistum, voru í skránni. Allt þetta sannaði fyrir mér góðmennsku Dýrsins sem var ávallt hugulsamt og fyllti mig fögnuði. Það var þá, þegar ég efaðist ekki lengur um að ævintýri þitt hefði í för með sér bjarta framtíð, að ég áfelldist sjálfan mig fyrir hinar óréttmætu grunsemdir sem ég hafði alið með mér gagnvart ráðvendni hins örláta skrímslis, og hugsaði með mér að ég myndi biðja það hundrað sinnum afsökunar á skammaryrðunum sem sorgin innra með mér neyddi mig til að segja.

Ég sagði börnunum ekki frá því hversu auðugur ég var heldur lét mér nægja að gefa þeim það sem þú sendir þeim og sýndi þeim skartgripir sem voru ekki mikils virði. Ég þóttist síðan hafa selt þá og notað peninginn til að gera líf okkar þægilegra. Ég keypti þetta hús og hef þræla sem leysa okkur undan þeirri vinnu sem við neyddumst til að vinna. Börnin mín nutu þess vel að lifa áhyggjulausu lífi og það er allt sem ég þráði. Oflátungsháttur og glæsibragur hefur áður fyrr aflað mér öfundar og myndi enn gera ef ég léki hlutverk auðkýfings. Margt mannsefnið hefur beðið systra þinna, Fríða, og ætla ég að gifta þær mjög bráðlega og ánægjuleg heimkoma þín ýtir á eftir mér að

framkvæma það. Ég gaf þeim þann hluta sem þér þótti hæfilegur fyrir þær af auðæfunum sem þú útvegaðir og fyrst ég er laus við það verkefni að gifta þær, munum við búa, dóttir góð, með bræðrum þínum, sem gjafir gátu ekki bætt upp missinn, eða við getum við búið tvö ein saman ef þú vilt það frekar.“

Fríða var snortin vegna gæsku föður síns og þess sem hann sagði um kærleik bræðra sinna og hún þakkaði honum ástúðlega fyrir öll þessi tilboð og fannst sem hún þyrfti ekki að fela fyrir honum að hún væri ekki komin til að vera. Karlinn var raunamæddur yfir því að fá ekki dóttur sína sem stuðning í ellinni en reyndi samt sem áður ekki að telja hana af skyldunni sem hann vissi sjálfur að var bráðnauðsynlegt að rækja.

Fríða sagði honum síðan frá öllu sem hafði hent hana frá því hann fór. Hún sagði honum frá því hamingjuríka lífi sem hún lifði. Gamli maðurinn var himinlifandi yfir heillandi ævintýrum dóttur sinnar og fór fögrum orðum um Dýrið. Fögnuður hans jókst enn fremur þegar Fríða opnaði kisturnar og hann sá auðæfin sem hún hafði í för með sér og hann sá að hann gæti gert það sem hann vildi við þau koffort sem hann hafði fært börnum sínum, þar sem þessi gjöf, sem var enn til merkis um örlæti Dýrsins, var nægilega stór til þess að hann gæti lifað góðu lífi með sonum sínum. Hann sá að í Dýrinu var of falleg sál til að þurfa að dúsa í svo ófríðum líkama og ákvað, þrátt fyrir ljótleika þess, að hann skyldi ráðleggja dóttur sinni að giftast því og reyndi að sannfæra hana sem best hann gat.

„Þér ber ekki að reiða þig á það sem þú sérð,“ sagði hann. „Þú hefur margoft verið hvött til þess að fylgja stefnu þakklætisins. Með því að hlusta á þær tilfinningar sem það vekur hjá þér, getur þú verið fullviss um að þú munt verða hamingjusöm. Satt er að þú færð þessar áminningar einungis í draumi. En draumarnir eru of reglulegir og of tíðir til að geta verið tilviljanir. Þeir vekja hjá þér vonir, sem ætti að duga til að vinna bug á ímugust þínum. Þannig að þegar Dýrið spyr þig hvort þú viljr að það sofi hjá þér, ráðlegg ég þér að neita því ekki. Þú hefur sagt mér að það elski þig innilega. Gerðu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hjónaband ykkar verði eilíft. Því það er mun betra að eiga indælan eiginmann, heldur en að eiga mann sem hefur þann eina kost að vera myndarlegur. Hversu margar stúlkur ætli hafi verið giftar ríkum dýrum, sem eru þó meiri skepnur heldur en Dýrið, sem er aðeins skepna í útliti, en hvorki í hjarta sér né gjörðum?“

Fríða viðurkenndi að öll þessi rök væru réttmæt, en sú ákvörðun að giftast ljótu skrímsli, sem var jafn heimskt og líkami þess var ljótur, virtist henni ómögulegt.

„Hvernig get ég,“ svaraði hún föður sínum, „einsett mér að taka mér eiginmann sem ég gæti ekki átt í samræðum við? Ásjóna þess verður heldur ekki löguð með skemmtilegu samtali! Þá er ekkert sem gæti haft ofan af fyrir mér eða gert mér kleift að gleyma þessum bagalega félagsskap. Ekki myndi ég nokkurn tímann öðlast þann unað að vera einhverntímann Dýrinu, takmarka þyrfti ég alla mína ánægju við fimm eða sex spurningar sem snerta lyst mína og heilsu, sjá þetta furðulega samtal enda á orðunum *Góða nótt, Fríða*, en það er stef sem páfagaukarnir mínir þekkja utanbókar og endurtaka mörg hundruð sinnum á dag. Ég get ekki gengist við slíku hjónabandi. Miklu fremur myndi ég vilja hljóta skjótan dauðdaga, heldur en að deyja úr hræðslu, sorg, óbeit og leiðindum hvern einasta dag. Ekkert mælir því bót nema sú hugulsemi Dýrsins að heimsækja mig stuttlega og að sýna sig ekki fyrir mér nema með tuttugu og fjögurra tíma millibili. Er það nóg til að vekja ást?“

Faðirinn viðurkenndi að dóttir sín hefði á réttu að standa. En þar sem hann sá í Dýrinu svo mikla góðmennsku, trúði hann því ekki að það væri svo heimskt. Hirðusemin, allsnægtirnar og sá góði smekkur sem ríkti í höll þess var ekki, samkvæmt honum sjálfum, handverk heimskingja. Honum fannst, réttara sagt, Dýrið verðskulda umhyggjusemi dóttur sinnar. Fríða hafði örlitlar mætur á skrímslinu, en hinn náttförlí elskhugi var hindrun. Samanburðurinn sem hún gerði á þessum tveimur elskhugum gat ekki orðið Dýrinu í hag. Gamli karlinn hunsaði ekki heldur hinn mikla mun sem aðgreindi þá. En hann reyndi samt sem áður af öllum mætti að vinna bug á óbeit Fríðu á Dýrinu. Hann minnti hana á hefðardömunu, sem hafði varað hana við að dæma aldrei út frá útliti og hafði sagt henni að þessi ungi maður myndi einungis gera hana óhamingjusama.

Endir fyrsta hluta.

Framhald sögunnar um Fríðu og Dýrið

Það er auðvelt að rökræða af hverju ástin ætti að blómstra, en það þýðir ekki að það sé hægt að þvinga hana fram. Fríða hafði ekki nægilegt sálarþrek til þess að láta undan þrálátum beiðnum föður síns. Hann skildi við hana án þess að hafa sannfært hana. Þá var komin hánótt en hann þurfti hvíld og þó að stúlkan væri glöð að sjá föður sinn aftur, varð hún ekki leið þegar hann leyfði henni að fara að sofa. Hún var í raun himinlifandi að vera ein. Augnlokin voru orðin þung og hún vonaði að í svefninum myndi hún sjá aftur sinn heittelskaða. Hún var full óþreyju að fá að njóta þeirrar ljúfu sælu og gaf í ljós ánægjuna sem meyrta hjarta hennar fann fyrir á meðan hún beið svo fagurs félagsskapar. En þótt ímyndunarafl hennar sýndi henni staði þar sem hún hafði vanalega rætt við sinn kæra draumaprins, var það samt ekki nógu kraftmikið til að láta hann birtast þar líkt og hún hafði vonast til.

Hún svaf laust og vaknaði oft um nóttina, og engir ástarenglar flögruðu í kringum rúmið þetta skiptið. Í hreinskilni sagt, í stað nætur yndis og saklauss unaðs sem hún hafði búist við að upplifa í faðmi svefnisins, varð þessi nótt óskaplega löng og full af áhyggjum. Í höll Dýrsins hafði hún ekki upplifað annað eins, en með eftirvæntingu og gleði beið hún dagsins, sem rann upp og leysti hana undan þrúgandi áhyggjum hennar.

Faðir hennar hafði auðgast vegna örlæti Dýrsins og til að eiga auðveldara með að útvega dætrum sínum eiginmenn, hafði hann yfirgefið sveitasetrið. Hann flutti í stóra borg þar sem nýtt ríkidæmi hans aflaði honum nýrra vina, eða kunningja öllu heldur. Fljótlega breiddist út orðrómur meðal fólksins sem hann þekkti að yngsta dóttirin væri snúin aftur. Allir vildu sjá hana, allir hrifust í senn af andríki hennar og útliti.

Þeir kyrrlátu dagar sem hún hafði eytt í mannlausri höll sinni, hinar áhyggjulausu ánægjustundir sem draumsvefninn veitti henni óspart, þær þúsundir skemmtana sem tóku við af svefninum svo að sorgin kæmist ekki að hjarta hennar og, að lokum, umhyggja skrímslisins, en allt þetta stuðlaði að því að láta höllina virðast enn fallegra og hrífandi en hún var í raun, eftir að faðir Fríðu yfirgaf hana.

Hún var dásömuð af öllum þeim sem sáu hana. Unnustar systra hennar urðu ástfangnir af henni og létu ekki einu sinni svo lítið að reyna að fela hrifningu sína með nokkru yfirskini. Þeir löðuðust að henni vegna persónutöfra hennar og skömmuðust sín ekki fyrir að snúa baki við fyrrum unnustum sínum. Fríða lét ekki haggast þrátt fyrir augljósa athygli aðdáendanna og gerði allt sem hún gat til að reyna að hrekja þá burt og fá þá til að snúa aftur til unnusta sinna, en þrátt fyrir allt sem hún reyndi var það ekki

nóg til að fyrirbyggja afbrýðisemi systra sinna.

Þessir þaðurgjörnu menn reyndu ekki að halda ástarlogunum leyndum og fundu upp á allskyns tilefnum dag hvern til að stíga í vænginn við hana. Þeir sárþændu hana jafnvel að veita verðlaun í þeim leikum sem þeir vildu halda henni til heiðurs. En Fríða, sem gat hvorki hunsað sorgina sem hún olli systur sínum né afþakkað þann heiður sem henni var sýndur af svo miklum ákafa, fann leið til að þóknast öllum með því að lýsa því yfir að systur hennar og hún gæfu hver á eftir annarri verðlaunin sem sigurvegararnir verðskulduðu. Hún lét það eftir eldri systur sínum að gefa skartgripi, demantskreyttar kórónur, íburðarmikil vopn eða stórkostleg armbönd, allt gjafir sem Fríða hafði útvegað, en vildi ekki eigna sér heiðurinn af, á meðan hún sjálf lofaði þeim einungis blómi eða einhverju í þeim dúr. Fjár sjóðurinn sem skrímslið hafði verið svo örlátt á gerði það að verkum að þær skorti ekkert. Hún gaf þeim allt það sjaldgæfa og fegursta sem hún kom með. Með því að gefa ekkert sjálf nema lítilræði og eftirláta systur sínum heiðurinn af því að útdeila fínum gjöfum, ályktaði hún að þakklæti ungu piltanna leiddi til ástar á þeim aftur. En biðlarnir sóttust eftir hjarta hennar og það sem hún gaf þeim var þeim verðmætara en allur fjársjóðurinn sem hinar veittu í ríkum mæli.

Þær góðu stundir sem hún átti með fjölskyldu sinni, þótt þær væru ekki sambærilegar þeim sem voru á boðstólum hjá Dýrinu, skemmtu henni nóg svo henni leiddist ekki. Samt sem áður var ánægjan við að sjá föður sinn sem hún elskaði heitt, gleðin yfir því að vera með bræðrum sínum sem á hundrað mismunandi vegu reyndu að sýna henni hve mikinn kærleik þeir báru til hennar, og ánægjan að ræða við systur sínar, sem hún elskaði líka, þótt sú ást væri ekki endurgöldin, ekki nóg til þess að hún gæti gleymt sínum yndislegu draumum. Því í húsi föður hennar kom draumaprinsinn hennar ekki lengur til hennar í svefni að tala við hana blíðum rómi (hvílík sorg fyrir hana!). Áhuginn sem unnustar systra hennar sýndu henni kom ekki í stað ánægjunnar sem hún hafði af draumum sínum. Jafnvel þótt hún hefði verið sú manngerð að hreykja sér af þessu, sá hún hve mikill munur var á athygli þeirra annars vegar og athygli Dýrsins og draumaprinsins hins vegar.

Fríða sýndi áleitni þeirra engan áhuga, en sá að þrátt fyrir skeytingarleysi sitt vildu þeir allir sanna fyrir henni hver elskaði hana heitast og henni fannst hún þurfa að láta þá vita að þeir væru að sóa tíma sínum. Sá fyrsti sem hún reyndi að gera afhuga sér var unnusti elstu systur hennar. Hún sagði honum að hún væri einungis komin aftur til fjölskyldunnar til að aðstoða við brúðkaup systra sinna, sérstaklega þeirrar elstu og að hún ætlaði að biðja föður sinn um að hrinda því í framkvæmd sem fyrst. Fríða fann að

hann heillaðist ekki af þokka systur hennar. Hann þráði ekkert heitar en hana og skeytingarleysi hennar, fyrirlitning eða hótun um að fara brott áður en tveir mánuðirnir væru liðnir dugði ekki til að gera hann afhuga henni. Hún var miður sín yfir að hafa mistekist, tók upp sömu umræðu við hina biðlana en varð sorgmædd að uppgötva sömu tilfinningar hjá þeim. Það versta var að hinar ranglátu systur litu á hana sem keppinaut og fengu óbeit á henni, sem þær gátu ekki dulið. Fríða harmaði heimskupör vonbiðlanna og ekki minnkuðu áhyggjur hennar er hún frétti að þeir kenndu hver öðrum um höfnun hennar, brugðust illa við og vildu berjast. Öll þessi leiðindi urðu til þess að hún ákvað að fara fyrr en hún hafði ætlað.

Faðir hennar og bræður létu einskis ófreistað til að halda aftur af henni, en hún var bundin af loforði sínu og staðföst í að halda það og hvorki tár eins né bænir annars gátu fengið því breytt. Það eina sem þeir höfðu áhrif á var að hún frestaði brottför sinni eins og hún gat. Mánuðirnir tveir voru liðnir og á hverjum morgni ásetti hún sér að kveðja fjölskyldu sína, en hafði það svo ekki af sér um kvöldið. Tilfinningar þakklætis og hlýhugs áttu í stríði innra með henni og hún gat ekki valið annað nema á kostnað hins. Þegar öll sund virtust lokuð dreymdi hana draum sem hjálpaði henni að gera upp hug sinn. Henni fannst sem hún væri sofandi í höll Dýrsins. Hún var í afskekktum trjágöngum og við enda þeirra var skógarþykkni yfirfullt af þyrnikjarri sem faldi hellismunna, en þaðan bárust ægileg harmakvein. Hún þekkti rödd Dýrsins og hljóp við fót til að aðstoða það. Þetta skrímsli, sem birtist henni í draumi við dauðans dyr, lá á jörðinni og ásakaði hana, það sagði að það væri hennar sök að það væri í þessu hörmulega ástandi og að hún launaði ást þess með hinu mesta vanþakklæti. Því næst birtist hefðardaman frá fyrri draumum, en hún sagði ströng við Fríðu að Dýrið væri glatað ef hún seinkaði því lengur að standa við loforðið sem hún hafði gefið því, að snúa aftur að tveimur mánuðum liðnum. Nú væru mánuðirnir tveir liðnir og með því að tefja heimkomuna um einn dag enn myndi Dýrið deyja. Glundroðinn sem hún olli á heimili föður hennar og hatur systra hennar hlyti að vera næg hvatning til að snúa aftur, sérstaklega þar sem í höll Dýrsins væri allt gert til að gleðja hana.

Fríða hræddist þennan draum af því hún óttaðist að hún yrði orsök dauða Dýrsins. Hún vaknaði skyndilega og tilkynnti fjölskyldu sinni tafarlaust að hún myndi ekki lengur slá brottför sinn á frest. Þessi ákvörðun kom af stað miklu tilfinningaróti. Faðirinn hennar grét, synir hans andmæltu og sögðust ekki myndu leyfa henni að fara, og vonbiðlarnir, sem voru miður sín, formæltu og lýstu því yfir að þeir myndu ekki yfirgefa hús hennar. Stúlkurnar, sem voru þær einu sem virtust langt því frá að vera

sorgbitnar yfir brottför systur þeirra, hrósuðu henni fyrir heiðarleikann. Þær eignuðu sér jafnvel sömu dyggð og fullvissuðu hana um að ef þær sjálfar hefðu gefið loforð líkt og hún, myndi útlit Dýrsins ekki aftra þeim við að rækja skyldu sína heldur hefðu þær nú þegar snúið aftur til hallarinnar stórfenglegu. Þetta var til þess að fela þá miklu afbrýðisemi sem þær báru í brjósti sér. Engu að síður varð Fríða heilluð af sýnilegu göfuglyndi þeirra og hugsaði ekki lengur um að sannfæra bræður sína og vonbiðla um þá skyldu sem olli því að henni bar að fara frá þeim. En bræðurnir elskuðu hana of mikið til að geta samþykkt brottför hennar og vonbiðlarnir voru of ástfangnir til að hlusta á rökfærslur. Öllum var þeim ókunnugt um hvernig Fríða hafði komist heim til föður síns en þar sem þeir efuðust ekki að hesturinn sem í fyrra skiptið hafði borið hana til hallar Dýrsins kæmi að sækja hana, ásettu þeir sér allir að koma í veg fyrir að það gerðist aftur.

Systurnar sem á yfirborðinu virtust fullar einlægni gátu vart dulið gleðina sem bærðist innra með þeim þegar brottfararstund systur þeirra nálgast og óttuðust ekkert meir en að henni yrði seinkað. En Fríða var óhagganleg í ákvörðun sinni, hún vissi hver skylda hennar var og mátti engan tíma missa til að lengja lífdaga Dýrsins, velgjörðarmanns síns. Þegar rökkva tók kvaddi hún fjölskyldu sína og einnig þá sem höfðu áhuga á örlögum hennar. Hún fullvissaði þau um að allar áætlanir þeirra væru gagnslausar, hún vildi snúa aftur til töfrandi hallarinnar og ekkert gæti hindrað brottför hennar, hún yrði hjá Dýrinu morguninn eftir, löngu áður en þau vöknudu.

Hún gleymdi ekki að snúa hringnum þegar hún fór að sofa. Hún svaf lengi og vaknaði ekki fyrr en klukkan sló tólf á hádegi. Þá vissi hún að óskir hennar væru uppfylltar. Þegar hún gaf til kynna að hún hefði sofið nóg fylltist herbergið af dýrum sem voru tilbúin að þjóna henni. Öll létu þau í ljós ánægju við endurkomu hennar og tjáðu henni hversu mikla sorg löng fjarvist hennar hafði ollið.

Þessi dagur var lengur að líða en allir þeir sem hún hafði upplifað á þessum stað. Ekki af því hún saknaði félagsskaparins sem hún hafði skilið við heldur af því að hún var óþreyjufull að sjá Dýrið og réttlæta fjarveru sína sem best hún gat. Önnur von kætti hana enn fremur en það var sú von að öðlast á ný í svefni hinar yndislegu samræður við draumaprinsinn, unaður sem henni hafði verið neitað um í þá tvo mánuði sem hún var með fjölskyldu sinni og sem hún gat ekki notið nema í þessari höll.

Það voru því Dýrið og ungi maðurinn sem voru til skiptis viðfang dagdrauma hennar. Eina stundina áfelldist hún sjálfa sig fyrir að hafa ekki snúið aftur fyrir þann vonbiðil sem undir fráhrindandi útliti bjó yfir fallelgri sál. Á næsta augnabliki var hún

sorgmædd yfir því að elska furðulega ímynd sem átti sér ekki tilvist utan drauma hennar. Hún var ekki viss um að hjarta hennar ætti að taka tálsýn fram yfir raunverulega ást Dýrsins. Draumurinn sem gerði henni kleift að sjá fagra draumaprinsinn varaði hana stöðugt við að láta ekki blekkjast af útliti. Hún óttaðist að þetta væri eintóm ímyndun, þokuslæða barnalegs draums sem hvarf í hvert sinn sem hún vaknaði.

Hún var óákveðin, hún elskaði unga manninn en vildi ekki skaprauna Dýrinu og leitaðist einungis við að hafa ofan af fyrir sér með skemmtunum sínum og fór að horfa á *la Comédie Française* sem henni fannst vera óviðjafnanlega daufleg. Hún lokaði glugganum í flýti og hélt sig geta bætt sér þetta upp í óperunni, en tónlistin þar var átakanleg að hennar mati. Ítalirnir höfðu heldur ekki hæfileika til að skemmta henni. Henni fannst verk þeirra óhnyttin og andlaus. Leiðinn og óbeitin sem kvaldi hana komu í veg fyrir að hún gæti notið sín. Í garðinum fann hún enga ánægju. Föruneyti hennar reyndi að koma henni í gott skap, en ekkert virtist jafn heillandi og áður, stökk þeirra voru lakari og samræðurnar og tíst fuglanna höfðu misst allan glæsibrag. Hún beið óþolinmóð komu Dýrsins sem hún átti von á á hverri stundu. En stundin þráða kom án þess að Dýrið birtist. Hún var áhyggjufull og í uppnámi yfir seinkuninni og hún vissi ekki hvað olli fjarveru þess. Á milli vonar og ótta var hugurinn órólegur og hjarta hennar heltekið af sorg. Hún fór niður í garðinn, ákveðin að fara ekki aftur inn í höllina fyrr en hún hefði fundið Dýrið. Af öllum þeim stöðum sem hún leitaði á sá hún engin ummerki um það. Hún kallaði, en einungis bergmálið svaraði hrópum hennar. Eftir þriggja klukkustunda leit var hún að niðurlotum komin og settist á bekk. Hún ímyndaði sér að Dýrið væri annaðhvort dáið eða farið. Hún var ein í höllinni og hafði enga von um að komast burt. Hún saknaði samræðnanna við Dýrið þó þær hefðu ekki verið skemmtilegar fyrir hana þá og það sem kom henni mest á óvart var að uppgötva hjá sér svo miklar tilfinningar gagnvart skrímslinu. Hún áfældist sjálfa sig fyrir að hafa ekki gifst því. Hún kenndi sér um dauða þess og óttaðist að of löng fjarvera hennar hefði valdið honum og ásakaði sig harðlega.

Mitt í þessum sorglegu hugleiðingum áttaði hún sig á að hún var stödd í sömu trjágöngum og hún hafði verið í draumi sínum síðustu nóttina hjá föður sínum, en þar sá hún skrímslið deyjandi í óþekktum helli. Vegna þess að hún var sannfærð um að hún hefði ekki verið leidd þangað fyrir tilviljun, stefndi hún beint að skógarþykkninu sem henni fannst ekki vera svo ógreiðfært en þar sá hún helli, sem virtist vera sá sami og hún sá í draumnum. Þar sem tunglið veitti aðeins daufa skímu, birtust skjaldsveina-aparnir þegar í stað með fjölda kyndla, nóg til að lýsa upp hellinn og þá sá hún Dýrið þar sem

það lá á jörðinni. Henni fannst sem það væri sofandi. Hún var alls ekki hrædd við það sem hún sá heldur ákaflega glöð. Hún færði sig djörf nær, lagði hönd sína á höfuð Dýrsins og kallaði nafn þess mörgum sinnum. En þegar hún fann hvað það var kalt og hreyfingarlaust efaðist hún ekki lengur um dauða þess og gaf frá sér ámátlegt vein og missti stjórn á tilfinningum sínum.

Fullvissan um dauða þess hindraði hana samt ekki í að reyna að koma því aftur til lífs. Hún lagði hönd sína á brjóst Dýrsins og fann sér til ómældrar ánægju að hjarta þess sló enn. Hún beið ekki boðanna heldur fór út úr hellinum og hljóp að tjörn einni þar sem hún tók vatn í lófa sér til að skvetta á Dýrið. En þar sem hún gat aðeins tekið lítið í hvert skipti og missti allt niður áður en hún náði til Dýrsins hefði hjálp hennar orðið seinvirk án aðstoðar hirðapanna sem hlupu að höllinni og sneru aftur með slíkum hraða að á örskotsstundu var hún komin með vasa í hendurnar til að ausa vatninu, og einnig komu þeir með styrkt vín. Hún bar vínið að vitum Dýrsins og lét það dreypa á því, sem hafði undraverð áhrif; það byrjaði að hreyfa sig og nokkru seinna var það komið til meðvitundar. Hún hvatti það áfram með blíðri röddu sinni og strauk því svo að það jafnaði sig.

„Þér hafið valdið mér áhyggjum,“ sagði hún góðlátlega við Dýrið, „mér var ókunnugt um hve heitt ég elskaði yður. Óttinn við að missa yður gerði mér ljóst að ég er bundin yður sterkari böndum en þakkætisböndum. Ég heiti yður því að ég hefði ekki getað hugsað mér að lifa lengur ef ég hefði ekki getað bjargað lífi yðar.“

Við þessi hjartnæmu orð létti Dýrinu mikið og svaraði með veikum rómi:

„Þær eruð vænar, Fríða, að elska svo ljótt skrímsli, það er fallett af yður, ég elska yður meira en lífið sjálft. Ég hélt að þér kæmuð ekki aftur og þá hefði ég dáíð. En fyrst þér elskið mig vil ég lifa. Farið og hvílið yður og verið vissar um að þér verðið jafn hamingjusamar og yðar góða hjarta verðskuldar.“

Fríða hafði aldrei áður heyrt Dýrið tala svo mikið. Það var ekki málsnjallt, en blíða þess og einlægni vakti hrifningu hennar. Hún hafði búist við að vera skömmuð, eða að minnsta kosti fá ávítur. Upp frá þessu jókst álit hennar á Dýrinu, henni fannst það ekki lengur jafn heimskt og leit á stutt svör þess sem einkenni aðgátar. Þar sem hún var að verða hrifnari og hrifnari af Dýrinu fór hún upp í herbergi sitt með hugann fullan af alls kyns ánægjulegum hugmyndum.

Fríða var dauðþreytt en fann í herberginu þá hressingu sem hún hafði þörf fyrir. Þung augnlok hennar vöktu góðar vonir um mildan svefn enda sofnaði hún eiginlega jafnskótt og hún lagðist útaf, og þá lét hennar kærri draumaprins ekki bíða eftir sér. Hann

var svo himinlifandi að sjá hana aftur að hann sagði einungis yndislega hluti við hana! Hann fullvissaði hana um að hún yrði hamingjusöm, að nú snerist allt um að fylgja hjartagæsku hennar. Fríða spurði hann hvort hún yrði hamingjusöm með því að giftast Dýrinu. Ungi maðurinn sagði að það væri eina leiðin. Henni var það örlítill skapraun, enda þótti henni stórfurðulegt að draumaprinsinn ráðlegði henni að gera keppinaut sinn hamingjusaman. Í næsta draumi fannst henni hún sjá Dýrið dautt við fætur sér.

Augnabliki síðar sá hún unga manninn birtast og hverfa jafnskjótt aftur, og Dýrið taka hans stað, en það sem hún tók greinilegast eftir var hefðardaman, sem sagði við hana:

„Ég er stolt af þér. Fylgdu ávallt dómgreind þinni og hafðu ekki áhyggjur af neinu, ég tek það að mér að gera þig hamingjusama.“

Þótt hún væri sofandi, fannst Fríðu hún komast að raun um ást sína til unga mannsins og andstyggð sína á skrímslinu, sem henni fannst alls ekki aðlaðandi. Hefðardaman brosti að efasemdum hennar og sagði henni að hafa engar áhyggjur af þeim hlýhug sem hún bæri til hins unga manns, því að þær tilfinningar gætu átt samleið með ásetningi hennar og að hún gæti vandræðalaust haldið öllum tilfinningum sínum; hún yrði hamingjusöm með því að giftast Dýrinu.

Draumurinn, sem endaði þegar hún vaknaði, varð henni uppspretta óþrjótandi hugsana. Hún fann meiri stoð í raunveruleikanum í þessum draumi en í draumum almennt og það var það sem gerði hana staðráðna í að fallast á þennan undarlega ráðahag. En hugsunin um unga herrann kom henni sí og æ í uppnám. Það var eina hindrunin og hún var ekki lítil. Óviss um hvað hún ætti til bragðs að taka, fór hún í óperuna, en vangaveltur hennar hennar hurfu þó ekki. Að sýningunni lokinni settist hún við kvöldverðarborðið og ekkert nema koma Dýrsins gat ráðið ákvörðun hennar.

Dýrið ávítaði hana alls ekki fyrir langa fjarveru sína, heldur var eins og ánægjan við það að sjá hana á ný hafi feykt burt sorg þess, því þegar það kom til Fríðu var því einungis umhugað um hvort hún hefði skemmt sér vel, hvort vel hefði verið tekið á móti henni og hvort hún hefði verið við góða heilsu. Hún svaraði spurningunum og bætti kurteislega við að sú gleði sem hún hafði notið, þökk sé umhyggju þess, hafi reynst henni dýrkeypt vegna sársaukans sem hún fann til við að sjá það í svo slæmu ástandi þegar hún sneri aftur.

Dýrið þakkaði henni með fáum orðum. Eftir það vildi það kveðja hana og spurði að venju hvort hún vildi að það svæfi hjá henni. Fríða hikaði, en gerði loks upp hug sinn og sagði skjálfrödduð:

„Já, Dýr, það vil ég gjarnan, svo framarlega sem þér lofið mér tryggð yðar og að

þér samþykkið mína tryggð.“

„Ég lofa yður því,“ svaraði Dýrið, „og einnig að ég muni aldrei eignast aðra konu ...“ „Ég tek við yður,“ svaraði Fríða, „sem eiginmanni mínum og heiti yður ást minni og verð yður trú.“

Hún hafði varla sleppt orðinu er þau heyrðu skotdrunur miklar, en hún efaðist ekki um að það væru fagnaðarlæti, og sá hún út um gluggana himininn upplýstan frá flugeldasýningu, með fleiri en tuttugu þúsund flugeldum, sem stóð yfir í þrjár klukkustundir. Þeir mynduðu ástarhnúta á himninum og flugeldarnir drógu upp mynd af samfléttuðum upphafsstöfum Fríðu þar sem hægt var að lesa: *Lifi Fríða og eiginmaður hennar!* Þegar þessi töfrandi sýning hafði staðið nógu lengi, gaf Dýrið nýju eiginkonu sinni til kynna að tími væri kominn til að ganga til náða.

Þótt Fríðu langaði lítið að vera við hlið þessa undarlega eiginmanns síns, lagðist hún upp í rúm. Ljósín slokknuðu um leið. Dýrið nálgadist og Fríða kveidd því að þyngd líkama þess myndi brjóta hvílu þeirra. En það kom henni ánægjulega á óvart að finna skrímslið koma sér fyrir við hlið hennar jafn lipurlega og hún sjálf hafði gert. Undrun hennar varð enn meiri þegar hún heyrði það hrjóta nærri um leið og það lagðist, og af ró þess að dæma hafði hún sönnun um að það svæfi djúpum svefni.

Eftir nokkra umhugsun og þrátt fyrir undrun sína, þar sem hún var orðin vön ýmsum furðum, sofnaði hún jafn róleg og eiginmaður hennar og ekki í neinum vafa um að draumurinn yrði jafn dularfullur og allt sem átti sér stað í höllinni. Hún var rétt svo sofnuð þegar hennar kæri draumaprins birtist henni líkt og venjulega. Hann var glaðlegri og betur búinn en nokkru sinni fyrr.

„Ó, ég stend í þakkarskuld við yður, mín heillandi Fríða,“ sagði hann, „þér bjargið mér frá þessu hryllilega fangelsi þar sem ég hef kvalist í langan tíma. Hjónaband yðar við Dýrið mun skila konungi til þegna sinna, syni til móður og gæða konungsríki hans lífi. Öll munum við verða hamingjusöm.“

Við þessa ræðu fann Fríða fyrir heiftarlegri gremju þegar hún sá að ungi maðurinn var langt því frá að vera örvæntingarfullur vegna trúlofunar hennar heldur ljómaði taumlaus gleði í augum hans. Hún ætlaði að fara að láta í ljós óánægju sína þegar hefðardaman birtist.

„Þér farið með sigur af hólmi,“ sagði hún „við eigum þér allt að þakka, Fríða, þú tókst þakklætið fram yfir allar aðrar tilfinningar, en það hefur enginn önnur en þú haft styrk til að standa við orð sín á kostnað hamingjunnar, né stofnað lífi sínu í hættu til að bjarga lífi föður síns. Sem umbun, getum við sagt að það er ekki til sá maður sem gæti

nokkurn tímann vonast til að njóta hamingju sem jafnast á við þá hamingju sem dyggð þín hefur fært þér. En á þessari stundu hefur þú ekki heyrt nema brot af sögunni. Við sólarupprás færðu að vita meira.

Eftir að hefðardaman hvarf sá Fríða unga herrann aftur en í þetta skipti lá hann líkt og dáinn væri. Nóttin leið með ólíkum draumum. Hún var orðin vön órólegum svefni og það hindraði hana ekki lengur að sofa mikið. Það var kominn hábjartur dagur þegar hún vaknaði. Sólin skein mun skærar en venjulega inn í herbergi hennar því apynjurnar höfðu ekki lokað gluggunum, sem gaf henni tækifæri á að horfa á Dýrið. Í fyrstu tók hún sýninni sem eðlilegu framhaldi af draumum sínum og hélt að sig væri enn að dreyma. En gleði hennar og undrun varð mikil þegar hún fann enga ástæðu til að efast um að það sem hún sá væri raunverulegt.

Kvöldinu áður þegar hún lagðist til svefns hafði hún komið sér fyrir við rúmbríkina til að hryllilegur eiginmaðurinn hefði nóg pláss. Í fyrstu hafði hann hrotið, en hún hætti að heyra það áður en hún sofnaði. Þegar hún vaknaði efaðist hún um að hann væri í raun við hlið hennar vegna þess hve þögull hann var og ímyndaði sér að hann hefði farið varlega á fætur. Til að komast að sannleikanum sneri hún sér við eins varfærnislega og hún mögulega gat og henni til óvæntrar ánægju sá hún sinn ástkæra draumaprins í stað Dýrsins.

Þessi töfrandi, sofandi maður var þúsund sinnum fallegri en hann hafði verið um nóttina og til að vera viss um að þetta væri í raun sami maðurinn, stóð hún upp og fór að snyrtborði sínu til að ná í andlitsmyndina sem hún bar vanalega um úlnliðinn. Hún þekkti hann strax. Hún óttaðist að þetta væri álagasvefn og talaði til hans í von um að vekja hann. Þegar hann vaknaði ekki við rödd hennar togaði hún í handlegg hans. Þessi tilraun var einnig gagnslaus og þjónaði einungis þeim tilgangi að sýna henni að hann væri í raun undir álögum. Hún afréð þá að láta hann í friði og leyfa álögnum að líða hjá, þar sem þau höfðu að öllum líkindum ákveðin tímamörk.

Þar sem hún var einsömul, óttaðist hún ekki að hneyksla neinn með því sem hún gerði við hann. Þar að auki var hann eiginmaður hennar. Þess vegna gaf hún tilfinningum sínum lausan tauminn, kyssti hann þúsund sinnum en tók síðan þá ákvörðun að bíða þolinmóð eftir að þessi svefnhöfgi myndi brá af honum. Hún var hugfangin yfir því að vera sameinuð honum, því hann einn hafði verið ástæða þess að hún efaðist. Hún var ánægð að hafa gert það sem henni var ásett að gera, því þannig gerði hún í raun það eina sem hún hefði helst kosið. Hún efaðist ekki lengur um hamingjuna sem henni hafði verið lofað í draumum sínum. Það var þá sem hún skildi að

hefðardaman hafði rétt fyrir sér þegar hún sagði henni að það væri alls ekki ómögulegt að elska á sama tíma bæði Dýrið og draumaprinsinn, fyrst þeir tveir voru einn og sami maðurinn.

Engu að síður vaknaði eiginmaður hennar ekki. Eftir að hafa borðað dálítið reyndi hún að dreifa huganum með sinni hefðbundnu iðju, en hún var að hennar mati litlaus. Hún gat ekki gert upp við sig hvort hún ætti að yfirgefa herbergið, og til að vera ekki aðgerðarlaus, greip hún hljóðfæri og fór að syngja. Fuglarnir heyrðu í henni og tóku svo fagurlega undir að Fríða vonaði stöðugt að þau yrðu ónáðuð af því að eiginmaður hennar rumskaði, því hún yrði frá sér numin ef hún gæti rofið álögin með söng sínum.

Í raun var álögunum aflétt, en ekki eins og hún hafði vonað. Fríða heyrði ókunnuglegt hljóð frá vagni sem ók undir gluggum herbergisins og heyrði einnig raddir sem nálgust. Í sömu andrá tilkynnti apahöfuðsmaður varðmannanna henni með rödd páfagauksins um komu tveggja hefðardama. Fríða horfði út um gluggann á vagninn sem þær komu í. Hann var af glænýrri gerð og óviðjafnanlega fallegur. Fjórir hvítir hirtir með horn og klaufir úr gulli, með stórkostleg aktygi, drógu þennan skrautvagn en einstök fegurð hans jók löngun hennar til að kynnast þeim er í vagninum voru.

Hávaðinn færðist í aukana og hún áttaði sig á að hefðardömunar nálgust, þær hlutu að vera nálægt forstofunni. Henni fannst hún þurfa að fara til fundar við þær. Hún þekkti aðra þeirra, en það var hefðardaman sem hún var vön að sjá í draumi. Hin var ekki síður fögur og fágað yfirbragð hennar gaf til kynna að hún væri eðalborin. Ókunnuga kona var komin yfir æskuárin en hún var svo tignarleg að Fríða vissi ekki til hvórrar þeirra hún ætti fyrst að beina kveðju sinni.

Hún stóð þarna vandræðaleg þegar sú sem hún þekkti nú þegar, og sú sem virtist hafa nokkra yfirburði yfir hina, beindi máli sínu að förunauti sínum og sagði:

„Jæja, drottning, hvað finnst yður um þessa fríðu stúlku? Þér eigið henni að þakka endurkomu sonar yðar til lífsins, því þér viðurkennið að þá hörmulegu refsingu sem hvíldi á honum er ekki hægt að kalla líf. Án hennar hefðu þér aldrei séð prinsinn aftur og hann hefði haldið áfram að lifa með þessa hryllilegu ásjónu sem honum hafði verið gefið, ef hann hefði ekki fundið þessa einstöku manneskju sem hafði þá sérstöðu, að dyggð og hugrekki jafngiltu fegurð hennar. Ég tel að með ánægju samþykkið þér að sonur yðar, sem hún skilar yður, verði hennar. Þau elska hvort annað og það eina sem vantar upp á til að fullkomna hamingju þeirra er samþykki yðar. Ætlið þér að neita þeim um það?“

Við þessi orð faðmaði drottningin Fríðu ástúðlega að sér og kallaði upp yfir sig:
„Það hvarflar ekki að mér að neita þeim um samþykki mitt og legg ég mína konunglegu hamingju undir ... Heillandi og siðprúða stúlka, sem ég á svo mikið að þakka, segið mér hver þér eruð og nafn hinna tignu foreldra yðar sem eru svo hamingjusamir að hafa borið svo fullkomna konungsdóttur í heiminn.“

„Kæra frú,“ svaraði Fríða hógvær, „lengi hef ég verið móðurlaus. Faðir minn er einn þekktasti kaupmaður í heiminum vegna heiðarleika síns og ófara fremur en ættgöfgi ...“

Við þessa einlægu yfirlýsingu hörfaði drottningin furðu lostin tvö skref afturábak og sagði:

„Hvað segið þér, eruð þér einungis kaupmannsdóttir!... Ó! Virðulega álfkona,“ bætti hún við og horfði forviða á hefðardömunu. Hún þagnaði eftir þessi fáu orð, en yfirbragð hennar sagði nóg um það sem hún hugsaði og augnaráð hennar gaf til kynna óánægju.

„Svo virðist,“ sagði álfkonan áræðin „að þér séuð ekki sáttar við val mitt. Staða þessarar ungu stúlku ýtir undir fyrirlitningu yðar, samt sem áður var hún sú eina í heiminum sem var fær um að inna af hendi áform mín og gera son yðar hamingjusaman ...“

„Ég er mjög þakklát,“ svaraði drottningin, „en, völduga Vera,“ bætti hún við, „ég get ekki stillt mig um að draga upp mynd fyrir yður af þeirri skringilegu samblöndu af göfugustu ætt í heimi, sem sonur minn er kominn af, og fábrotnum uppruna þessarar manneskju sem þér viljið að hann giftist. Ég viðurkenni að ég er lítið upp með mér af svokallaðri hamingju prinsins ef gjald hennar er smánarleg hjónavígsla sem er okkur ekki samboðin. Væri það ómögulegt að hann fyndi sér einhvers staðar í veröldinni manneskju sem væri í senn dyggðug og af göfugri ætt? Ég þekki nöfn margra verðugra konungsdætra, af hverju get ég ekki gert mér vonir um að sjá hann ganga að eiga eina þeirra?“

Í þeirri andrá birtist hinn fríði ungi maður. Koma móður hans og álfkonunnar hafði vakið hann. Fyrirgangur þeirra hafði meiri áhrif heldur en allar tilraunir Fríðu, því máttur álaganna kvað á um það. Drottningin faðmaði hann lengi að sér án þess að gefa frá sér eitt aukatekið orð. Hún endurheimti son sinn, en fegurð hans gerði hann verðugan kærleika hennar. Hvílík hamingja fyrir prinsinn að vera laus við svo hryllilegt útlit og þá aumkunarverðu heimsku sem ásjóna hans bar með sér, þótt hún hafi ekki blindað dómgreind hans. Hann endurheimti það frelsi að koma fram í sínum venjulega

líkama vegna þeirrar sem hann elskaði og það gerði ástina enn dýrmætari.

Eftir útrás taumlausra tilfinninga sem fögnuðurinn vakti hjá honum við að sjá móður sína, hélt hann aftur af sér til að sinna skyldu sinni og sýna þakklætið sem hann bar til álfkonunnar. Hann gerði það mjög virðulega og í stuttu máli svo hann gæti beint athygli sinni að Fríðu.

Hann hafði þegar horft á hana blíðlega og til að staðfesta það sem augnaráð hans gaf í skyn ætlaði hann að láta fylgja með hin hjartnæmustu orð, þegar álfkonan hélt aftur af honum og gerði honum ljóst að hún vildi að hann gerði upp á milli móður sinnar og hennar sjálfrar.

„Móðir yðar,“ sagði hún, „fordæmir trúlofun yðar við Fríðu. Henni finnst ætterni hennar ósamboðið yðar. Að mínu mati tel ég að dyggðir hennar nái að jafna misvægið. Það kemur í yðar hlut, prins, að ákveða hvor okkar hugsar samkvæmt löngunum yðar og til þess að þér hafið algjört frelsi til að gera okkur kunnugt um yðar sönnu tilfinningar, lýsi ég því yfir að yður er frjálst að segja það sem hjartað býður. Þó að þér hafið gefið þessari elskulegu stúlku drengskaparorð yðar, getið þér tekið það aftur. Ég er viss um að Fríða mun taka því án nokkurra eftirmála. Þrátt fyrir að það sé vegna góðmennsku hennar sem þér hafið endurheimt yðar upprunalegu ásýnd, fullvissa ég yður um að örlæti hennar er einnig óeigingjarnt, svo óeigingjarnt að hún myndi veita yður það frelsi að biðja um hendi þeirrar sem drottningin ráðlegði yður að giftast ... Hvað segið þér, Fríða,“ bætti álfkonan við og sneri sér að henni, „hef ég rangt fyrir mér er ég lýsi tilfinningum yðar? Mynduð þér vilja eiga eiginmann sem væri fullur eftirsjár?“

„Nei, vissulega ekki, frú,“ svaraði Fríða „prinsinn er frjáls. Ég afsala mér þeim heiðri að vera eiginkona hans. Þegar ég tók við hönd hans hélt ég að ég væri að miskunna mig yfir eitthvað sem væri óæðra manningum. Ég er ekki bundin honum á neinn hátt nema í þeirri hugsun að gera honum mikinn greiða, því framagirnd á engan þátt í áformum mínum. Mikla álfkona, ég bið yður einlæglega að virða tilfinningar drottningarinnar þar sem ég get ekki álasað henni fyrir þær.“

„Jæja drottning, hvað segið þér við þessu?“ sagði álfkonan hvasst og full fyrirlitningar. „Finnst yður konungsdætur, sem eru háttsettar einungis vegna ríkidæmis síns, verðskulda þá háu tign sem ætternið veitir þeim, fremur en þessi unga stúlka? Mín skoðun er sú að hún ætti ekki að gjalda fyrir uppruna sinn sem dyggðir hennar bæta ríkulega.“

Drottningin svaraði hálf sneypulega:

„Fríða er óviðjafnanleg og verðleiki hennar er óumdeilanlegur. En, frú mín,

getum við ekki fundið aðra leið til að umbuna henni? Get ég ekki gert það án þess að fórna syni mínum í hjónaband með henni? Já, Fríða,“ sagði drottningin við hana, „ég skulda yður svo mikið að ég get varla tjáð það. Ég set engin takmörk við óskir yðar. Verið ófeimnar í kröfum yðar, ég veiti yður allt nema þetta eina atriði. Þér munið vart skynja muninn. Þér getið valið yður eiginmann úr hirð minni. Hvaða aðalsmaður sem er gæti talið sig hamingjusaman að fá yður, og með tilliti til yðar gef ég honum titil sem æðstu menn krúnunnar væru fullsæmdir af.“

Ég þakka yður, frú mín,“ svaraði Fríða, „en ég fer ekki fram á neina umbun. Sú ánægja að hafa leyst eðalborinn konungsson undan álögunum sem huldu hann fyrir móður sinni og fyrir konungsríkinu eru næg verðlaun fyrir mig. Hamingja mín er fullkomin ef ég hef getað orðið konungi mínum að liði. Það eina sem ég þrái er að álfkonan veri svo góð að koma mér aftur til föður míns.“

Prinsinn hafði verið þögull á meðan samræðurnar fóru fram, að skipan álfkonunnar, en gat ekki stillt sig lengur og virðing hans fyrir þessum leiðinlegu skipuninum var ekki lengur nægileg til að halda aftur af honum. Hann fleygði sér að fótum álfkonunnar og móður sinnar og þróað þær að gera hann ekki enn óhamingjusamari með því að senda Fríðu burt og neita honum um þá hamingju að verða eiginmaður hennar.

Við þessi orð horfði Fríða á hann ástúðlega en einnig með djúpu stolti og sagði við hann:

„Kæri prins, ég get ekki falið fyrir yður þær tilfinningar sem ég ber til yðar. Að álögunum hafi verið aflétt er sönnun ástar minnar og ég vil ekki fela það lengur. Ég játa, án þess að skammast mín, að ég elska yður meir en sjálfa mig. Af hverju ætti ég að reyna að halda því leyndu? Maður ætti einungis að neita sér um ósæmilegar hugsanir. Mínar hugsanir eru saklausar og örláta álfkonan, sem bæði þér og ég stöndum í þakkarskuld við, hefur samþykkt þær. En jafnvel þótt ég hefði getað hafnað þeim sterku tilfinningum, þegar ég taldi að skylda mín væri að fórna þeim fyrir Dýrið, þá getið þér verið sannfærðir um að í þessu tilefni bregst ég ekki, þar sem það viðkemur ekki lengur hagsmunum skrímslis heldur hagsmunum yðar. Það nægir mér að vita hver þér eruð og hver ég er til að afsala mér þeim heiðri að verða eiginkona yðar. Ég dirfist jafnvel að segja að þótt yður tækist að sannfæra móður yðar og hún veitti yður það samþykki sem þér þráið, myndi það ekkert gott gera yður því í skynsemi minni og jafnvel ást minni mynduð þér ávallt finna óyfírstíganlega hindrun. Ég endurtek, ég bið ekki um annað en að mér verði komið aftur í faðm fjölskyldu minnar þar sem ég mun ætíð varðveita

minningarnar af gæsku yðar og ást.“

„Örláta álfkona,“ hrópaði prinsinn upp yfir sig og bar hendurnar fyrir sig í bæn, „fyrir alla muni komið í veg fyrir að Fríða fari burt, gerið mig heldur aftur að skrímsli. Við það hlutskipti verð ég að minnsta kosti áfram eiginmaður hennar, því hún gaf Dýrinu loforð sitt og ég tek þann ávinning fram yfir allt annað sem hún gæti veitt mér, fyrst ég get ekki notið þess, nema með því að borga það svo dýru verði.“

Álfkonan svaraði engu heldur starði á drottninguna, sem var snortin af mætti ástarinnar en stolt hennar hélst enn sem áður óbreytt. Þjáning sonar hennar hryggði hana, en hún gat ekki gleymt þeirri staðreynd að Fríða var kaupmannsdóttir og ekkert meir. Samt sem áður óttaðist hún reiði álfkonunnar, en þögn hennar og yfirbragð gaf í skyn mikla vanþóknun. Drottningin var ráðalaus. Hún hafði ekki mátt til að segja eitt einasta orð og óttaðist að samræðurnar færu á versta veg, að gáfukonunni, velunnara sínum, mislíkaði. Enginn sagði neitt um stund, en loks rauf álfkonan þögnina, horfði ástúðlega á elskendurna, og sagði við þau:

„Mér finnst þið sæma hvort öðru. Það væri glapræði að stífa svo verðugu fólki í sundur. Þið verðið saman, því lofa ég, enda hef ég nógu mikið vald til að fá því framgengt.“

Drottningin skalf lítillaga við þessi orð. Hún opnaði munninn til að malda kurteislega í móinn, en álfkonan kom í veg fyrir það með því að segja:

„Hvað yður varðar, drottning, hve lítið þér metið dyggð sem ekki hefur það þrjál sem þér haldið í hávegum, heimilar mér að veita yður bitur ámæli. Ég kenni stoltinu, sem tign yðar blæs yður í brjóst, um þessi mistök og ég mun ekki refsá yður á annan hátt en að neyða yður til að samþykkja þetta hjónaband. Það mun ekki líða á löngu fyrr en þér verðið mér þakklátar.“

Við þessi orð fleygði Fríða sér að fótum álfkonunnar og hrópaði:

„Ó! Hlífið mér frá þeirri kvöl að þurfa allt mitt líf að heyra þær skammir að ég sé óverðug tign þeirri sem gæska yðar vill að ég fái. Íhugið að prinsinn, sem trúir því núna að hamingja hans sé fólgin í að giftast mér, gæti mögulega hugsað líkt og drottningin áður en langt um líður.“

„Nei, nei, Fríða, óttist eigi,“ svaraði álfkonan, „ólán það er þér sjáið fram á getur ekki átt sér stað. Ég veit um örugga leið til að vernda yður og ef prinsinn myndi fyrir líta yður eftir að hafa gift yður þyrfti hann að finna aðra ástæðu en ættarstöðu yðar. Ætterni yðar er ekki óæðra hans eigin uppruna. Yfirburðirnir er jafnvel umtalsvert meiri þín megin, vegna þess að,“ sagði hún og beindi hreykin orðum sínum að drottningunni, „hér

sjáid þér systkinabarn yðar, og það sem ætti að gera hana virðingarverða í yðar augum, er að hún er mér náskyld, því hún er dóttir systur minnar, sem, ólíkt þér, var ekki ambátt stólts sem metur vald að mestum verðleikum.

Sú álfkona mat mikils hina sönnu kosti manneskjunnar og heiðraði konunginn af Sælueyjunni, bróður yðar, með því að giftast honum. Ég bjargaði síðan afsprengi ástar þeirra undan hamslausri heift álfkonu einnar sem vildi verða stjúpmóðir hennar. Frá því að hún fæddist hef ég ætlað hana syni yðar. Ég sagði yður ekki strax frá ætlan minni til að leyfa trausti yðar að koma fram. Ég hafði ástæðu til að trúa því að þér bæruð meira traust til mín. Þér hefðuð getað litið til baka og séð umhyggju mína gagnvart örlögum prinsins. Ég hef sýnt með áhuga mínum á honum að þér hafið ekki þurft að óttast að ég myndi láta hann standa berskjaldaðan fyrir nokkurri skömm né svívirðu, hvorki gagnvart yður né honum. Ég er sannfærð um, frú,“ hélt hún áfram, með brosi sem þó sýndi enn nokkurn biturleika, „að þér þráist ekki við lengur af yfirlæti og vilduð gjarnan heiðra okkur með samþykki yðar.“

Drottningin var forviða af undrun og skömm og vissi ekki hverju hún átti að svara. Eina leiðin til að breiða yfir mistökin var að játa hreinskilningslega og sýna fram á sanna iðrun.

„Framkoma mín er ámælisverð, göfuglynda álfkona,“ sagði hún, „velgjörðir yðar ættu að vera mér áreiðanleg trygging fyrir því að þér mynduð ekki láta son minn ganga í bandalag sem myndi smána hann. En verið svo góðar að fyrirgefa hleypidómana sem fylgja konungsbornum. Mér hefur ætíð verið sagt að fólk með blátt blóð í æðum geti ekki gifst niður fyrir sig án niðurlægingar. Ég verðskulda, og játa það, að refsing mín ætti að vera sú að Fríða eignist tengdamóður sem er verðugri en ég. En þér hafið of mikilla hagsmuna að gæta gagnvart syni mínum til að gera hann að fórnarlambi mistaka minna.

Hvað þig snertir, kæra Fríða,“ hélt hún áfram og faðmaði hana ástúðlega, „þá vona ég að þér viljið mér ekki illt vegna andstöðu minnar. Hún stafaði einungis af þeirri þrá að gefa saman son minn og systkinabarn, sem álfkonan fullvissaði mig um að væri lifandi, þrátt fyrir að svo virtist ekki vera. Hún hafði lýst henni svo vel að án þess að þekkja yður, elskaði ég yður svo heitt að ég stofnaði mér í hættu vegna reiði álfkonunnar, til þess að varðveita fyrir yður krúnuna og hjarta sonar míns.“

Er hún sagði þetta fór hún að nýju að sýna Fríðu blíðuhót og Fríða tók við þeim með virðingu. Prinsinn, af sinni hálfu, var himinlifandi yfir þessum ánægjulegu málalokum og lét gleði sína í ljós með augnatilliti sínu.

„Þá erum við öll sátt,“ sagði álfkonan, „og til að ljúka þessu hamingjusama ævintýri vantar ekkert nema samþykki konungsins, föður konungsdótturinnar, en hann sjáum við von bráðar.“ Friða bað hana einlæglega að leyfa manninum sem hafði alið hana upp og sem hún hafði talið sig standa í þakkarskuld við fyrir líf sitt, að vera viðstaddur hamingjustund hennar.

„Ég dáist að umhyggju yðar,“ sagði álfkonan, „það er sæmandi fallegrí sál og fyrst að þér óskið þess, læt ég hann vita.“

Síðan tók hún í hendi drottningarinnar undir því yfirskini að sýna henni höllina, en í raun var það til þess að gefa nýju hjónunum frelsi til að ræða saman í fyrsta skipti hömlulaust og án aðstoðar draumanna. Þau ætluðu elta þær, en álfkonan bannaði þeim það. Hamingjan sem þau myndu njóta fyllti þau slíkri gleði, að þau gátu ekki efast um gagnkvæman hlýhug.